# Landamerkjamál Klepps og Bústaða
# Bæjarstjórn / Th. Thomsen. 1891-1893

Aðfnr. 1356


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Landamerkjamál
Klepps og Bústaða

Bæjarstjórn/ Th.Thomsen

1 8 9 1 - 9 3

.077.3 - .073.544 D.17

Aðfnr. 1356

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 2 Framlagt í landsyfirdóminum 23/1 1893.
Jón Jensson

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
1356

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Franz Eduard Siemsen
sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslu
Kunngjörir að ár 1891 hinn 7 desember var merkjadómur Kjósar og Gullbringusýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundsyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá tekið fyrir:

Málið Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Kaupmanni H. Th. A. Thomsen
út af landamerkjum Kepps og Bústaða

Dómsforseti lagði fram brjef frá bæjarfógetanum í Reykjavík, dags. 21 október þ. á ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, þar á meðal dómsgjörðir yfirdómsins og undirrjettarins, en samkvæmt dómi yfirrjettarins var dómur merkjadómsins frá 19 maí þ. á dæmdur ómerkur og máli þessu vísað heim aptur til nýrrar dómsáleggingar í aðalefni þess. Brjef bæjarfógetans auðkennt No 1 og hin framlögðu fylgiskjöl 1-4 að No 1 og hljóða svo:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 1.

Bæjarfogetinn í Reykjavík
21. október 1891.

Um leið og jeg hjermeð leyfi mjer að senda
/. yður herra sýslumaður, dómsgjörðir yfirdóms-
ins í máli Reykjavíkur bæjar gegn H. Th.
A. Thomsen kaupmanni út af landamerkj-
um milli Klepps og Bústaða, ásamt tilheyr-
/. andi fylgiskjölum, þar á meðal dómsgjörðir
undir og yfirdóms, sem áður hafa farið fram
í málinu, leyfi jeg mjer þjónustusamlega
að mælast til, að þjer vilduð enn taka mál
þetta fyrir ásamt meðdómendum og leggja
dóm á það að efninu til, samkvæmt því
sem fyrir er mælt í dómi landsyfirrjettarins.

Halldór Danielsson.

Til

Sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu.

Lagt fram í Merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 7/12 1891

Franz Siemsen.

1 ad No 1

Justitiarius og assessores
í hinum konunglega ís-
lenzka landsyfirdómi

Gjöra kunnugt: Ár 1891, mánudaginn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinn 6. júlímánaðar var landsyfirrjetturinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Landfógeti Á. Thorsteinsson lagði fram brjef, dags. 2 þ. m., með hverju honum er skipað að gegna í fjærveru assessors Jóns Jenssonar sem 2. assessor og dómsmálaskrifari. Var þá tekið fyrir

Málið nr 17/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen

Fyrir hönd áfrýjanda mætti yfirrjettarmálafærslumaður Hannes Hafstein og lagði fram nr 1: stefnu í málinu, Nr 2: ákt, No 3: yfir dómsgjörðir, Nr 4-9 merkjadómsgjörðir með 5 fylgiskjölum, Nr 10: sókn, dags. ídag. Rjettarskjölin Nr. 2-9 eiga að fylgja dómsgjörðum þessum in originali, en nr 1 og 10 hljóða svo:

Nr 1.

Justitiarius og assessores í hinum konunglega íslenzka yfirdómi

kunngjöra: Oss hefur tjáð bæjarfógeti Halldór Daníelsson fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, að bæjarstjórnin sjái sig knúða til að áfrýja til yfirdómsins dómi, kveðnum upp af merkjadómi í Kjósar og 19. þ. m í máli milli hennar og kaupmanns H. Th. A. Thomsens útaf landa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkjum milli jardanna Klepps og Bústada, sem með dómi landsyfirrjettarins, gengnum 8. desember f. á var vísað heim til merkjadómsins til nýrrar dómsaleggingar, en í hinum nýja dómi merkjadómsins frá 19. þ. m. er dæmt rjett að vera:

„Máli þessu vísast frá.
Málskostnað – 14 – fjórtán – krónur greidi málspartar hvor að helmingi.
Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum."

Mun áfrýjandi krefjast þess fyrir yfirdómi, að dómur þessi verði að öllu leyti ómerkur dæmdur, málinu á ný heimvísað til dómsaleggingar í aðalefni þess, og dómendur skyldaðir til undir daglegar þvingunarsektir að uppkveða dóm í málinu innan hæfilegs frests.
Svo mun hann og krefjast þess, að dómendur í merkjadóminum verði dæmdir og sektaðir eptir stranglei laganna fyrir rjettarneitun þá og mótþróa, er felist í hinum áfrýjaða dómi.
Enn mun hann krefjast þess, að dómendur í merkjadóminum verði hver um sig látnir sæta lögákveðnum sektum, 200 lóðum silfurs, fyrir það, að þeir hafa að ástæðulausu látið fyrirfarast í allt að 20 vikur, eða 14 vikur fram yfir það er lög leyfa, að uppkveða dóm í málinu, og loks mun hann krefjast, að merkjadóm-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endur verði in solidum eða in solidum ásamt máls-
aðila H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða að skaða-
lausu allan af málskoti þessu og uppsögn hins
áfrýjaða dóms leiðandi kostnað, og allan kostnað
við nýja fyrirtekt málsins að skaðlausu.
Fyrir því stefnist hjermeð kaupmanni H. Th. A. Thom-
sen í Reykjavík til þess að mæta fyrir oss í hin-
um kgl. íslenzka yfirdómi mánudaginn 6. júlí
næstkomandi á venjulegum stað og stundu til þess
þar og þá, að sjá skjöl og skilríki í rjett lögð, á
framsögu sakar og rjettarkröfur að hlýða, til sakar
að svara og dóm að þola í þá átt sem að ofan
er greint, eptir nákvæmari útlistun fyrir rjettin-
um
Svo stefnist og dómendum í merkjadóminum,
sýslumanni Franz Siemsen í Hafnarfirði og
bændunum Gísla Gíslasyni í Leirvogstungu,
Halldóri Jónssyni í Þormóðdal í Mosfellsveit,
Þórði Runólfssyni í Móum á Kjalarnesi,
og Þórði Guðmundssyni á Hálsi í Kjós til
þess að mæta á sömu stund og stað, til þess
þar og þá að hlýða á kærur, svara til sakar og
þola dóm til hegningar, málskostnaðar og
annara útláta, allt eptir því sem áður er
framtekið.
Lögdagslegging er úr lögum numin með til-
sk. 3 júní 1796.
Til staðfestu er innsigli yfirdómsins og undir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skript dómsmálaritarans.

Reykjavik 30. maj 1891

Stefnugjald 83-
áttatíu og þrír - aurar
borgað. J. J.

(L. S.)
Jón Jensson.

Ár 1891 mánudag 8. júní vorum við eiðsvarnir stefnuvottar til staðar á Mónum á Kjalarnesi, og birtum við þar framanritaða kæru Þórði bónda Runólfssyni á hans lögheimili.
Þetta vottum við í krapti stefnuvotta eiðs okkar með undirskrifuðum nöfnum og innsiglum.

Borgaðar 2 Kr
tvær krónur
J. J. E. M.

Jón Jónsson. E. Magnússon
(L. S.) (L. S.)

Ár 1891 þriðjudaginn 9 júní var af stefnuvottum í Kjósarhrepp birt framanrituð kæra hreppstjóra Þórði Guðmundssyni á Neðrahálsi í Kjós. Þetta vottum við með stefnuvotta eiði og nöfnum okkar.

borgaðar Kr 2
J. G. Ó. J.

Jón Guðmundsson, Olafur Jónsson

Ár 1891 fimmtudaginn hinn 11. júní Kl. 7. f. m. höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Mosfellssveit í Kjósarsýslu birt hérsvegar ritaða landsyfirrjettarstefnu hreppstjóra Halldóri Jónssyni á lögheimili hans í Þormóðsdal persónulega, og sömuleiðis sama dag Kl. 1 e. m. höfum við birt sömu stefnu sýslunefndar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manni Gísla Gíslasyni á lögheimili hans Leirvogstungu persónulega.
Þetta vottum við undir aflagðan stefnuvotta eið oddar með nöfnum og innsiglum.

Borgun 2.50 tvær krónur og fimm tíu aurar.
borgað.

Erlendur Þorsteinsson. Jón Árnason
(L. S.) (L. S.)

Ár 1891, laugardaginn hinn 13 júnímánaðar höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Garðahreppi birt framanritaða landsyfirrjettarstefnu á heimili hins stefnda, herra sýslumanni Franz Siemsen í Hafnarfirði, hjer í hreppi, fyrir hinum stefnda sjálfum, er við fundum heima.
Þetta vitnum við með skýrskotun til eiða þeirra, er við höfum unnið, og staðfestum með nöfnum oddar og innsiglum.

Gjald Kr. 1
borgað M. Brynjólfsson

M. Brynjólfsson Filippus Filippusson
(L. S.) (L. S.)

Ár 1891 þriðjudaginn hinn 16. júnímánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaða yfirdómsstefnu Kaupmanni H. Th. A. Thomsen persónulega í sölubúð hans hjer í bænum.
Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotteiði oddar með nöfnum oddar og innsiglum.

Borgun 1 Kr. - ein króna
Þ. B. Þ. G.

Þ. Björnsson Þorsteinn Gunnarsson
(L. S.) (L. S.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framlagt í landsyfirdóminum 6 júli 1891
Á. Thorsteinsson
settur.

Nr. 10.

Málið Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Klepps)
gegn
H. Th. A. Thomsen og
merkjadómendunum í Kjósar
og Gullbringusýslu.

Jeg leyfi hjer með að leggja fram:
1. stefnu, dags. 30 mai síðastliðins
2. dómsgjörðir frá Merkjadómi í Kjósar- og Gullbringusýslu 19. mai. þ. á.
Sem fylgiskjöl við þennan akt framleggjast.
3. yfirdómsgjörðir í málinu
4. Fyrri ~~yfir~~dómsgjörðir merkjadóms með skjölum, er þeim fylgja in originali.
Viðvíkandi málskoti þessu skal jeg taka fram, að eptir að landsyfirrjettardóminum hinn 8 desbr. f. á. hafði dæmt ómerkan landamerkjadóm í máli þessu, frá 28. júni f. á, og vísað málinu heim til nýrrar dómsaleggingar, voru oddvita merkjadómsins sendar dómsgjörðir yfirrjettarins og önnur skjöl málsins með kröfu um, að merkjadóminum legði að nýju dóm á málið í aðalefni þess, samkvæmt landsyfirrjettardóminum. Sýslumaður fjekk skjölin 31. desbr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. á, en loks hinn 19. maí þ. á á merkjadómurinn fund með sjer og upp kveður þá þann dóm, að þar sem sami dómstóll eptir almennum rjettarfarsreglum hvorki hafi heimild til nje sje fær um að fella tvisvar dóm í sama málinu í aðalefni þess, þá beri að vísa málinu frá merkjadómi.
Ástæður merkjadómsins eru þannig tvær, 1° að hann sje incompetent, 2° að hann sje inhabil.
Að merkjadómurinn sje incompetent til að dæma í málinu, þó að hann áður hafi kveðið uppi því dóm, sem svo yfirdómurinn hefur ónýtt fyrir lögleysur að efni til, hlýtur annaðhvort að byggjast á þeirri skoðun, að landsyfirrjettardómar hafi ekkert gildi gagnvart merkjadómendum, og merkjadómurinn sje þannig enn í gildi og málið res judicata, þrátt fyrir annulationina, eða þá á þeirri skoðun, að eitthvað sem merkjadómendur telja almennar rjettarfarsreglur, sje löggildara en bein og skýlaus fyrirmæli gildandi laga. Hvorttveggja er jafnfjarstætt. 12. gr. landamerkjalaganna 17. marz 1882 heimilar að ónýta merkjadóma fyrir lögleysur að efni til og fyrirskipar í þeim tilfellum, að málinu skuli heimvísað til nýrrar dómsálegginga, og þó að þessi lagafyrirmæli sjeu nokkuð sjerstakleg eðlis í samanburði við rjettarfar í almennum einkamálum, þá verða lög þó væntanlega að gilda meira, heldur en geðþótti merkjadóms.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að því er hitt atriðið snertir, að merkjadómurinn hafi verið inhabil til að dæma málið aptur, eða ekki fundið sig bæran eða færan um það, skal jeg að eins taka fram, að afleiðingin af því, að dómari viðurkennir sig inhabil í einhverju máli, er ekki sú, að hann víki málinu frá, heldur sú, að hann víki sæti með rökstudd-um úrskurði. Að láta inhabilitet dómara varða frávísun, er nokkuð nýstárlegt.

Í dómi hins háa landsyfirrjettar er fullskýrt tekið fram, hvað verði að teljast löglega sann-að í málinu, svo að merkjadómurinn hefur enga afsökun í því, að sig hafi skort leiðbeining um það, í hverju hann átti að breyta fyrri skoðun sinni, og var sannarlega ekki langrar stundar verk, að uppkveða aptur dóm í mál-inu. Samt hefur dómsuppsögn dregizt allt að 20 vikum eptir að skjöl málsins og krafa um fullnæging yfirrjettardómsins var komin til odd-vita merkjadómsins. Við annullation dómsins og heimvísan verður málið að álítast að hafa eo ipso verið komið aptur undir dóm merkja-dómsins, enda hefur merkjadómurinn ekki tekið það upp til dóms á ný, heldur uppkveð-ið dóm í því eins og það lá fyrir, í beinu áframhaldi af fyrri meðferð.

Skylda dómenda til að hafa málið ekki lengur en 6 vikur (sbr. 23 gr. í tilsk. 3 júní 1796) til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfirvegunar og dómsaleggingar, hlýtur að verða aktuel á ný, þegar málið og dómur landsyfirrjettarins – sem kippir landamerkjadóminum úr sögunni – svo og krafa bæjarstjórnarinnar, er komin til hins löglega representants merkjadómsins, og hefur merkjadómurinn (eða í öllu falli oddviti hans) þannig bakað sjer sektina, sem fyrirskipuð er í 1.-5.-8 str tilsk. 3 júní 1796, § 23 i f, og verð jeg að halda þeirri kröfu fram, að þessum ákvæðum sje beitt.

Með því að frávísunardómur merkjadómsins hefur engin rök við að styðjast, er að nokkru sje teljandi, en gengur þvert ofan í dóm hins háa landsyfirrjettar og neitar bæjarstjórn Reykjavíkur um skýlausan rjett, sem henni ber eptir úrskurði æðra dómstóls, verð jeg að krefjast þess, að dómendur verði látnir sæta sektum laganna fyrir rjettarneitun, og fyrir mótþróa við yfirdóminum.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að gjöra þá rjettarkröfu:

Að hinn áfrýjaði frávísunardómur verði úr gildi felldur, og málinu á ný heimvísað á kostnað dómenda til löglegrar dómsaleggingar í aðalefninu, að merkjadómendur þeir, er í stefnunni eru nefndir verði, að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir að taka málið aptur til meðferðar innan hæfilegs frests t.d. 8 daga, að dómendur verði dæmd-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ir í lögunum settir fyrir rjettarneitun og mótþróa við yfirrjettinn, og hver um sig látinn sæta 200 króna sekt fyrir ótilhlýðilegan drátt á dómsuppsögu, og loks að dómendur verði in solidum eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða allan af málskoti þessu leiðandi kostnað með 100 krónum eða eptir rjettarins mati.

Jeg legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 6 júlí 1891
Virðingarfyllst
Hannes Hafstein.

Til
Landsyfirdómsins.

Framlagt í landsyfirdóminum 6. júlí 1891
A. Thorsteinsson
settur.

Stefndi kaupmaður Thomsen mætti sjálfur og bað um 3 vikna frest og skjölin. Hinn stefndi undirdómari Franz Siemsen mætti fyrir sig og hina stefndu meðdómsmenn og bað um 3 vikna frest.

Rjetturinn veitti hinn umbeðna frest og ljeði stefnda H. Th. A. Thomsen skjölin nr. 1-10 og skyldu hinir aðrir stefndu (dómsmenn) eiga aðgang hjá honum að nota skjölin á sama tíma.

Rjetti slitið.

L. E. Sveinbjörnsson, Kristján Jónsson, A. Thorsteinsson
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1891 mánudaginn hinn 27. júlímánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir

málið nr 17/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen

Hinn stefndi undirdómari mætti sjálfur, skilaði aptur skjölum málsins nr 1–10 og lagði fram nr 11–12: vörn dags. 25 þ. m., með 1 fylgiskjali (útskript af dómabók Kjósar og Gullbringusýslu, snertandi aukarjettardóm 31. ágúst 1886 í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Ingjaldi Sigurðssyni). Lagði svo málið í dóm. Vörnin (nr 11) innfærist hjer, en nr 12 fylgir dómsgjörðum þessum in originali.

Nr. 11

Vörn

í málinu Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Klepps og Bústaða svo og gegn merkjadómendum Kjósar og Gullbringusýslu.
Um leið og jeg hjermeð skila aptur hinum heiðraða rjetti skjölum máls þessa, sem hinum stefndu í því hafa verið ljeð, skal jeg fyrir mína og meðdómenda hönd leyfa mjer að taka til andsvara í því, úr því oss hefur verið stefnt til að bera fulla ábyrgð á dómi þeim,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem vjer kvádum uppi málinu hinn 19. maimánadar sídastl. Jeg hefi leyft mjer ad breyta fyrirsögn málsins, einsog hún er í sóknarskjali umbodsmanns áfrýjanda, þar sem jeg ekki álít, ad bæjarstjórn Reykjavíkur sje eigandi Klepps.

Þegar jeg las sóknarskjal hins sama umbodsmanns bædi í máli þessu og í málinu út af landamerkjum milli Laugarnes og Bústada, er hann hefur lagt fram í landsyfirdómi, er mál þetti vara þar fyrirtekin í fyrra skiptid, sá jeg þad, ad hann hefur notad sjer þad, ad enginn úr merkjadóminum mætti þar, svo hann hefur leyft sjer ad fara ýmsum hnifilyrdum og meidandi ummælum um merkjadóminn, sem honum, hvort sem hann gjörir þad sem málaflutningsmadur eda landritari ekki má lídast. Þannig segir hann t.d. í sóknarskjali sínu dagsr. 6. okt 1890: „En vid þetta athugast, ad eins og allt bullid um laxveidina etc." Úr því yfirdómurinn ekki hefur fundid ástædu til ex officio ad sekta umbodsmanninn fyrir þessi ummæli, sjerstaklega þegar enginn af oss var til stadar, svo vjer gætum framkomid med kröfu í þá átt, þá skal jeg leyfa mjer ad framkoma med þá kröfu, ad ummæli þessi verdi dæmd daud og marklaus og umbodsmadurinn látinn sæta sektum fyrir ad hafa vidhaft þau eptir laganna strangleika, svo hann, ef honum verdur audid ad flytja fleiri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mál fyrir yfirdómi, komi þar fram með meiri kurteysi og hafi eigi um hönd þess konar stóryrði, sem honum verðist vera svo tamt. Úr því að merkjadómar eru búnir að dæma mál eptir þeirra beztu þekkingu og samvizku, virðist það vera alveg ótilhlýðilegt, að þeir þurfi að liggja undir meiðyrðum fyrir æðra rjetti af hendi málaflutningsmanni þar.
Með landsyfirrjettarstefnu útg. 30. maí þ. á., hefur bæjarfogetinn í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar samastaðar — eptir sögu eptir fyrirlagi umboðsmannsins hjer fyrir yfirdómi — stefnt mjer á samt meðdómsmönnum til að svara til sakar og dóm að þola til hegningar m.fl. af þeim ástæðum:
1° að vjer með merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu, uppkveðnum 19. maí þ. á vísuðum frá máli út af ágreiningi um landamerki milli Klepps og Bústaða — en dómur merkjadómsins í því, sem uppkveðinn var hinn 28. dag júnímánaðar f. á hafði verið dæmdur ógildur af landsyfirdómi með dómi uppkveðnum hinn 8. desembermánaðar s. á, og málinu vísað heim aptur í hjerað. Hefur umboðsmaður áfrýjanda í þessu efni krafist, að vjer verðum látnir sæta lagannæ sektum fyrir rjettarneitun og að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að taka málið aptur fyrir til meðferðar innan hæfilegs frests, er yfirdómurinn tiltekur, t. d. 8 daga.
2° að þeir verðum látnir sæta hvor um sig 200 Króna sekt fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögninni.
Svo hefur hinn sami umboðsmaður krafist, að dómendurnir verði in solidum eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða allan af málskoti þessu leiðandi kostnað með 100 Krónum eða eptir rjettarins mati.
<u>ad 1°</u> Umboðsmaður áfrýjanda kemst svo að orði í sóknarskjali sínu, dags. 6. þ. m.: „Með því að frávísunardómur merkjadómsins hefur ekki hinn allraminnsta snefil að löglegum rökum við að styðjast" etc.
Jeg skal leyfa mjer að leggja fram fyrir hinn heiðraða rjett eptirrit af dómi
./. merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkv. 31 ágúst 1886 í máli, sem bæjarstjórn Reykjavíkur höfðaði gegn Ingjaldi Sigurðssyni á Lambastöðum út af ágreiningi um landamerki. Samkvæmt dómi þessum var málinu frávísað af þeirri ástæðu, að dómurinn eigi væri bær um að dæma mál þetta í aðalefninu, og í forsendum dómsins er m. a. svo að orði komist: „Og með það sic!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ennfremur er álit merkjadómsins að enginn dóm-
ur sje að lögum bær um að dæma tvívegis um
mál í aðalefni þess, nema því að eins, að hinn
eldri dómur hafi verið ónýttur af formlegum
ástæðum – en það á sjer ~~hjer~~ eigi stað hjer – þá
hafa dómendurnir í máli þessu komist að þeirri
niðurstöðu, að þeir sjeu óbærir að dæma um
mál þetta að nýju í aðalefni þess sam-
kvæmt fyrirmælum landsyfirrjettardómsins,
og að málinu beri að frávísa." Dómsforseti
í þessum dómi var hinn núver. 1. yfir-
dómari, og þar sem þessi dómur er byggð-
ur á hinni sömu frávísunarástæðu og dóm-
ur vor, sem nú er áfrýjað, þá er hnífil-
yrðum þeim og óvirðingarummælum, sem
umboðsmaður áfrýjanda leyfir sjer að við-
hafa um oss, einnig beint að yfirdómar-
anum og þeim, sem sátu í dómi með
honum, svo þeir einnig geta tekið þessi um-
mæli til sín. Þessum dómi hefur eigi verið
áfrýjað, enda er það eigi hægt hjeðan af;
ástæðan fyrir því, að það eigi hefur verið gjört,
gæti hugsast að væri sú, að það hefði þurft
landritarann til að koma fyrir bæjarstjórn-
ina vitinu. Þar sem vjer höfðum þennan órask-
aða dóm fyrir oss, álítum vjer, að vjer – þrátt
fyrir ummæli umboðsmannsins – höfðum
fullgilda ástæðu til að byggja dóm vorn á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum, úr því vjer alveg gátum fallist á úrslit hans og ástæður.

Þarsem tekið er fram í 12. gr. landamerkjalaga 17 marz 1882, að yfirdómur geti ónýtt landamerkjadóm, og skuli þá vísa málinu heim aptur, þá skil jeg þá ákvörðun þannig, að sami merkjadómur sje ekki bær um að dæma málið aptur, sje dómurinn ónýttur að aðalefninu til, nema ný skjöl hafi verið lögð fram fyrir yfirdómi, sem eigi hafi legið fyrir merkjadómi, og yfirdómurinn álíti, að þau sjeu þess eðlis, að þau geti breytt úrslitum málsins, en jeg fæ ómögulega sjeð, að tilætlunin með heimvísuninni geti verið sú, að sami dómforseti og meðdómsmenn eigi að dæma málið á ný í aðalefninu, hafandi fyrir sjer hin sömu skjöl og áður. Nú getur verið, að yfirdómurinn hafi tilætlast, að <u>aðrir</u> dómendur dæmdu mál þetta, en þá skal þess getið, að í brjefi bæjarfógetans til mín, dags. 31. desbr. f. á, er jeg beðinn um, að taka þetta mál til nýrrar dómsáleggingar með hlutaðeigandi meðdómsmönnum, sem einnig var gjört. Samkvæmt framangreindu skal jeg algjörlega mótmæla þessari kröfu umboðsmanns áfrýjanda sub Nr 1 og jafnframt leyfa mjer að gjöra þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að yfirdómurinn álíti, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinir sömu dómendur dæmi ekki málið á ný í aðalefni þess.

Ad 2o. Þá hefur umboðsmaður áfrýjanda krafist þess, að jeg ásamt meddómsmönnum verðum dæmdir hver um sig í 200 króna sekt eptir fyrirmælum N. L. 1. 5. 8 sbr. tilsk. 3. júní 1796 § 23 i. f. fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögu í málinu. Þessari kröfu verður eðlilega beint að mjer einum sem dómsforseta, en eigi að meddómsmönnum. Að vísu er í § 23 i. f. í tilsk. 3. júní 1796 tekið fram, að hver dómenda eigi að greiða sekt þessa, en þar er aptur gjört ráð fyrir, að allir dómendurnir sjeu lögfróðir menn, en öðru máli er að gegna í landamerkjamálum, þar sem meddómsmenn eigi að vera bændur, og eru því undantekningarlaust – að minnsta kosti hjer á landi – ólögfróðir menn; virðist því mjög ósanngjarnt að heimta, að þeir eigi að þekkja lög eða vera lögfróðir. En mjer sjálfum til afsökunar skal jeg leyfa mjer að taka þetta fram: Í landamerkjalögunum, sbr. 10. grein er gjört ráð fyrir að dóm eigi að uppkveða um landamerki þegar í stað, með öðrum orðum, þau lög hafa með öðrum nýmælum, er í þeim finnast, eptir mínu áliti að því er snertir landamerkjamál numið úr gildi fyrirmælin í N. L. 1. 5. 8 sbr. tilsk. 3. júní 1796 § 23 i. f. með því að ákveða, að dóm eigi að uppkveða in continenti og á þegar að setja landa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merki glögg sem hann ákveður. Þegar nú aptur á móti landamerkjadómur er ónýttur í landsyfirrjetti, og honum vísað heim aptur í hjerað, þá er hvergi í lögunum tiltekið, innan hvers tíma dómur ætti að kveðast uppí málinu á ný. Ef hjer ætti að koma við fyrirmælum 1. 5. 8. sbr 23. grein í tilskipun 3. júní 1796 i. f. þá ætti að taka málið upp til dóms í merkjadómi að nýju, og ef til vill kalla saman málsparta. Þessa hefur eigi verið krafist, og því eigi verið gjört, og því rjeð jeg af að kalla saman dómsmenn, er mjer og þeim var henugt, og á þeim tíma er var kostnaðarminnst fyrir málsparta. Einsog þeim, sem skipaðir eru eða hafa verið yfir erfiðum sýslum, sem Kjósar- og Gullbringusýsla verður að teljast, hlýtur að vera kunnugt, eru fyrstu mánuðurnir sá erfiðasti tími fyrir embættismanninn; þeir ganga svoað segja eingöngu til reikningsskila, og þegar búið er að gjöra því af sjer, er farið að búa út manntalsbókina og undirbúa sýslunefndarfund. Einsog menn muna, voru einnig fyrstu mánuðina á árinu sífeldar rigningar, svo íllt var að komast yfir jörðina; þar við bættist að einn meðdómmaðurinn Þórður Guðmundsson frá Neðra-Hálsi, var farinn til sjóróðra, og þótti mjer sárt að þurfa að stefna honum í merkjadóm á miðri vertíð og við það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ef til vill valda því, að skip hans kæmist eigi á sjó þann tíma, er hann sat í merkjadómi. Þar sem nú eigi var langt til sýslunefndarfundar, en tveir af meðdómsmönnum eru sýslunefndarmenn, þá áleit jeg hentugast að sameina þetta tvennt, svo kostnaðurinn yrði sem minnstur, og meðdómsmenn yrði eigi ónáðaðir að heiman optar, en nauðsynlegt væri. Boðaði jeg því meðdómsmenn á fund hjer hjá mjer hinn 19. maí, en sýslunefndarfundur var hinn 20. s. m. Við þetta var kostnaðurinn í þessu máli alls 14 krónur. Þótt nú Reykjavíkur bæjarstjórn hafi gnægtir af fje til að leggja í þetta mál og önnur, þá er það samt skylda dómsmanna að baka eigi málsaðilum óþarfan kostnað. – Samkvæmt framansögðu skal jeg leyfa mjer að mótmæla ennig þessari seinni kröfu umboðsmanns áfrýjanda og gjöri þá rjettarkröfu

sic. til hins háa yfirdóms og jeg og meðdómsmenn verðum dæmdir sýknir af henni.

Það væri synd að segja, að umboðsmaður áfrýjanda sje lítillátur í málskostnaðarkröfu sinni, þar sem hann heimtar 100 krónur í máli þessu, og aðrar 100 krónur í málinu milli Laugarness og Bústaða. Frágangurinn hans á sóknarskjalinu ber sjálfsagt vott um, að hann hafi vandað hann vel, og að það hafi tekið talsverðan tíma fyrir hann að koma því af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjer, en þrátt fyrir það skal jeg leyfa mjer fyrir mína og meðdómenda hönd, að mótmæla allri málskostnaðarkröfu af hans hendi, þar sem jeg verð að álíta, að áfrýjan þessa máls – um leið og jeg vísa til sóknarskjals málspartsins – virðist vera sprottin af gremju eða þesskonar tilfinningu gagnvart mjer og meðdómsmönnum, auk þess áfrýjunin er alveg ástæðulaus.

Jeg skal svo eigi að þessu sinni fara fleirum orðum um mál þetta en leyfa mjer að gjöra þær rjettarkröfur:

1. að umboðsmaður áfrýjandans, landritari Hannes Hafstein verði látinn sæta sektum eptir laganna strangleiða fyrir þau meiðandi ummæli, sem hann hefur leyft sjer að viðhafa um merkjadóm Kjósar- og Gullbringusýslu í sóknarskjölum sínum, og að sjerstaklega orðið „bull" í sóknarskjali hans dags. 6 okt. 1890 verði dæmt dautt og ómerkt svo og önnur misvirðingarummæli.
2. Að jeg og meðdómsmenn verðum algjörlega dæmdir sýknir af kærum hans og kröfum í máli þessu og
3. að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Legg jeg svo málið í dóm með fyrirvara

Hafnarfirði hinn 25. júlímán. 1891

virðingarfyllst
Franz Siemsen.

Til
hins konungl. Landsyfirdóms.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í landsyfirdóminum 27. júlí 1891

Jón Jensson.

Af hendi hinna stefndu meddómsmanna mætti settur yfirrjettarmálafærslumaður Ásmundur Sveinsson og lagði fram Nr 13: Vörn af þeirra hendi, dags. 27. júní þ. á. Lagði svo málið í dóm. Hið framlagða skjal hljóðar þannig:

Nr. 13:

Þar sem hinn heiðraði sakjandi þessa máls fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík krefst þess, að við undirskrifaðir meddómendur í máli því, sem bæjarstjórn Reykjavíkur höfðaði gegn kaupmanni W. Th. A. Thomsen sem eiganda jarðarinnar Bústaða útur landamerkjum millum nefndar jarðar og Laugarnes (sic), verðum sektaðir fyrir rjettarneitun og ólöglegan drátt á málinu, þá skulum vjer geta þess, að við fáum eigi sjeð ástæðuna fyrir kröfu þessari. Vjer getum eigi sjeð, að hjer sje um nokkra rjettarneitun að ræða, þótt vjer kæmumst að þeirri niðurstöðu í dómnum vorum, að málinu ætti að frávísa; vjer höfum þó fellt dóm í málinu eptir vorri beztu þekkingu, að því skyldi frávísa, en vjer höfum eigi neitað að kveða upp dóm í því; að öðru leyti bregðum vjer því, að sá sem hefur aðalvörn málsins á hendi, muni svara þessu atriði í sókn

málsins eins fyrir vora hönd, ennsog fyrir hönd sýslumanns Franz Siemsens forseta merkjadómsins. En er ræða (sic) um sekt fyrir drátt á málinu, þá vonumst vjer þess fastlega, að oss verði alls engin sök á því gefin, og vjer verðum dæmdir sýknir saka í því efni, og til þess að sýna, að vjer enga sök höfum í drætti málsins fram yfir lögboðinn tíma, leyfum vjer oss að geta þess, að vjer alls enga tilkynningu fengum ennsþá, að vjer ættum að kveða upp dóm í málinu. fyr en um april og mai mánaðamót í vor, að sýslumaðurinn bauð oss með brjefi 27. dag aprílmánaðar þ. á, að koma á fund sinn í Hafnarfirði 19. dag maimánaðar næst á eptir, sem vjer og gjörðum. Á því (sic) andsjeð, að vjer höfum enga sök í drætti málsins, þar sem vjer komum þann af forseta rjettarins ákveðna dag til að leggja dóm í málið; en auk þess höfðum vjer alls enga ástæðu til, að skora á forsetann að taka málið fyr fyrir til dómsálegginga, þarsem vjer enga tilkynningu höfðum fengið hvorki frá sýslumanninum eða öðrum hlutaðeigendum um það, að landsyfirrjetturinn hefði vísað málinu heim aptur til nýjarar dómsaleggingar eða hvenar að málsaðilar hefðu sent þennan yfirrjettardóm til hlutaðeigandi sýslumanns. Vjer höfðum þanning eins og vjer höfum leitt fram, alls enga hvöt eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ástæðu til þess, að grennslast eptir þessu, eða taka oss fram um málið, þótt vjer hefðum vitað, að svo há sekt lægi við drættinum, sem sagjandi heimtar oss dæmda í, enda hefði það eigi orðið heimtað af oss ólögfróðum bændum, sem þar aðauki ekki höfum notið neinnar sjerlegrar menntunar, að vjer skyldum vita slíkt. Oss var alls eigi heldur sent málið til yfirlesturs og íhugunar, og vjer vissum ekkert um landsyfirrjettardóminn annað en það, sem stendur í brjefi forseta rjettarins, fyr en vjer komum á fundinn 19d. maímánaðar.
Vjer leyfum oss, að leggja hjer með brjef sýslumannsins 27. apríl þ. á til enn frekar tilsönnunar sögu vorri, en öll brjefin eru dagsett sama daginn
Jafnframt og vjer að öðru leyti verður að treysta því, að sýslumaðurinn eða sá, sem flytur málið fyrir hans hönd, taki og málstað vorn í öðrum atriðum málsins, verðum vjer að treysta því, að hinn hái rjettur dæmi oss sýkna af öllum kærum og kröfum sækjanda um sektir fyrir rjettarneitun og drátt á málinu.

Staddir í Leirvogstungu 27. júní 1891

Þ. Runólfsson. G. Gíslason Halldór Jónsson
Þórður Guðmundsson

Til
Landsyfirdómsins á Íslandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framlagt í landsyfirdóminum 27 júlí 1891
Jón Jensson.

Hinn stefndi kaupmaður W. Th. A. Thomsen mætti sjálfur og lagði fram nr 14–15: vörn dags. í dag, ásamt eptirriti af uppdrætti yfir þrætulandið, en frumritið af uppdrættinum sýndi hann í rjettinum. Lagði svo málið í dóm með fyrirvara. Nr 15 (eptirrit af uppdrætti) fylgir dómsgjörðum þessum, en nr 14 hljóðar svo:

/.

Nr. 14

Vörn

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
sem eigandi Klepps
gegn
kaupmanni W. Th. A. Thomsen.

Þegar jeg á að svara í máli þessu, þá get eg með engu móti sjeð, hversvegna eða af hverjum ástæðum mjer er stefnt í máli þessu, eins og það liggur fyrir. Nú er í rauninni eigi um annað að ræða en það, hvort landamerkjadómendurnir hafi gjört rjett í því, að kveða eigi upp dóm í aðalatriði málsins, úr því að hinn fyrri dómur þeirra var ómerktur dæmdur. Hjer er alls eigi í rauninni að ræða um rjettindi mín til hins umþrættaða lands, heldur einungis aðferð dómendanna. Jeg hef alls engan þátt átt í því, að dómendurnir ljetu málið lengur liggja hjá sjer, en málspartinum fyrir hæfilegt; og af því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getur alls eigi leitt, að jeg verði dæmdur í neina sekt fyrir það. Eigi hef jeg heldur átt neinn þátt í því, að landamerkjadómendurnir hafa frávísað málinu. Engan hag hef jeg eða get haft af því, það er dómandanna, að skera úr því. Jeg fæ eigi betur sjeð en að málið, eins og það nú liggur fyrir, hljóti einungis að vera gegn dómendunum, og komi mjer alls eigi við, og jeg verði með engu móti dæmdur til neins kostnaðar í þessu máli, og verði því að dæmast sýkn allra saka, en mótpartinum verði þvert á móti að greiða mjer hæfilegan málskostnað, úr því mjer er að ófyrirsynju stefnt. En úr því mjer er stefnt, vona jeg til að mjer sje leyfilegt að gjöra nokkrar athugasemdir viðvíkjandi aðalefni þess máls, sem mál þetta er risið af.

Jeg leyfi mjer að leggja fram fyrir hinn háa rjett uppdrátt af landamerkjunum milli jarðanna Klepps og Bústaða, sem búfræðingur Sveinn Sveinsson á Hvanneyri hefur búið til, og verð jeg að treysta því, að hinn hái rjettur tortryggi eigi uppdrátt þennan, þar sem Sveinn búfræðingur er talinn áreiðanlegur í því efni, enda hefur bæjarstjórn Reykjavíkur haft hann til þess, að gjöra uppdrátt af Reykjavík og landinu umhverfis.

Uppdrátturinn þessi sýnir fyllilega, hversu ónákvæmur uppdrátturinn sá er, sem Páll Briem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lagði fram fyrir merkjadóminn, og sem jeg
aldrei hef viðurkennt rjettan, en með því að
nýju verðit yfirdómurinn hafa farið í dómi
sínum eptir uppdrætti þessum, og yfirhöfuð
í ástæðunum fyrir dómi sínum 8. desbr. f. á.
hafi farið þeim orðum um aðalefni málsins,
að dómurinn fari að nálgast dóm um efni máls-
ins (Realitetsdóm), vonast jeg til að hinn
hái rjettur geti betur áttað sig á málinu eptir
hinum nýja uppdrætti en eptir hinum eldra.
Viðvíkandi orðatiltækinu í hinu konung-
lega afsalsbrjefi 11. desbr. 1853 fyrir laxveiðun-
um í Elliðaánum, verð jeg að taka það fram,
þótt jeg hafi áður gjört það, að „laxveiðarnar
í Elliðaánum eru seldar eiganda Bústaða
og Árbæjar", og að dóminum í beytumálinu sker
úr þeirri þrætu, sem einkum hefur risið af sönn-
unarskorti fyrir eign lands þess, þar sem veið-
arnar fara fram, þar sem engar sannanir
eru nokkru sinni komnar fram gegn skýr-
um orðum hins konunglega afsalsbrjefs og engar
geta verið, nema óvefjandi eignarskjöl, því
að vitnisburðir einhvers um afnot ógirts lands,
annars eins og landsins millum Gelgjutanga og
Murtulækjar, sem aðeins er notað til hagagöngu,
eru alls engar sannanir. Það er þegar langt
síðan að konungur seldi Klepp konferenzráði
M. Stephensen í Viðey, og mótmælti hann þá,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að veiðin var leigð öðrum útað Gelgjulanga, en þeg-
ar honum var svarað, að hann gæti leitað rjettar
síns í þessu efni við dómstólana, þá hætti hann
öllum mótmælum; og hversvegna? Það virðist
svo sem auðskilið af því, að hann gat eigi
sannað eignarrjett sinn til landsins, sem hjer
er umræðuefni.
Vitnin virðast einungis að hafa borið um það, hvað
hlutaðeigandi eigendur Klepps hafa heimtað í þessu
efni, og er það sönnun fyrir eignarrjettinum?
Jeg gæti leitt mörg vitni um það, hvað faðir
minn hefur sagt og heimtað í gagnstaða átt þessu
máli viðvíkjandi, en það er til engra greina tekið.
En hvernig getur það álitist, að skepnur ábú-
anda Klepps hafa gengið jafn tálmunarlaust
og skepnur ábúanda Bústaða á þessu ógirta
svæði, haft nokkurt sönnunarafl, og því síður
meira en skýr orð afsalsbrjefsins, að veiðin sje
seld að tiltölunni meðfram eiganda jarðar þeirrar,
sem þar liggur að. Það virðist svo sem auð-
sætt, að landamerki þessarar jarðar hljóti að
falla saman við mörkin fyrir veiðinni, ef eigi
jafnvel fyrir utan þau. Ef hinn hái rjettur lítur
á hinn nýja uppdrátt, og ber hann saman
við þann, sem jeg lagði fram fyrir merkjadóm-
inn, vona jeg að hann muni sjá, hversu ósenni-
legt það er, að Markaleiður og upptök hans sje
landamerkin millum Bústaða og Klepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Upptök lækjar þessa eru í mýri, og lægðin í henni mun smátt og smátt lengja hann, svo að upptökin eptir 20-30 ár geta ef til vill orðið í beinni stefnu frá þrísteinunum og í Bústaðaborg, en langt fyrir sunnan þrísteina; því að vatnið sker rás í jarðlagið, þar sem lægst er, og myndar smásaman vatnsfarveg, en það rennur aldrei uppá móti uppá holtið, þar sem þrísteinar eru, en þrísteinar eru viðurkend landamerki, og hvað verður þá af landinu fyrir innan þessi merki, þegar upptök Murtulækjar eru komin svo langt uppeptir, að þau lendi í beinni línu millum þrísteina og Bústaðaborgar. Það getur þó alls eigi verið það land, sem liggur undir þeirri tang, sem lögð er frá þrísteinunum til Bústaðaborgar, þegar þessi tang liggur eptir upptök lækjarins í beinni línu, en upptökin eru langt frá þrísteinum.

Jeg skal eigi fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en það verður mín:

Rjettarkrafa:

1. Að jeg verði dæmdur sýkn saka í þessu máli; en mótpartinn dæmdur til að greiða mjer hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins,
2. og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Legg jeg svo málið í dóm, þó með fyrirvara til andsvara.

Reykjavík 27 júlímán 1891.
Lotningarfyllst
H. Th. A. Thomsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

hins íslenzka yfirdóms.

Lagt fram í yfirdóminum 27. júlí 1891.

Jón Jensson.

Umbodsmadur áfrýjanda mætti og, badum hálfsmánadarfrest og skjölin ljeð, og var það veitt.

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson, Jón Jensson.

Ár 1891, mánudaginn hinn 10. ágústmánadar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrir tekið:

Málið nr 17/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen.

Umbodsmadur áfrýjanda mætti, skiladi aptur skjölum málsins Nr 1-15 og lagði fram nr 16: sóknarframhald, dags. í dag, er hljóðar svo:

Nr. 16:

Sóknarframhald

í málinu Bæjarstjórn Reykjavíkur sem eigandi Kleppes

gegn

H. Th. A. Thomsen, etc.

Viðvíkjandi vörn málsaðilans H. Th. A. Thomsens skal jeg leyfa mjer að taka fram, að allt það, er hann segir um aðalefni málsins,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er post festum, og kemur ekkert málinu við á þessu stigi, og skil jeg ekki, hvað hann meinar með því, að koma með það hjer. Hann mun þó ekki ætlast til, að landsyfirrjetturinn fari að breyta eða ónýta sinn eiginn dóm. Jeg neita því að ganga inná nokkra discussion um merkin nú, og mótmæli öllu því, sem mótpartnum hefur sagt snertandi merkin eða hinn fyrri merkjadóm. Hjer liggur að eins fyrir spurningin um lögmæti hins áfrýjaða síðara dóms, spurningin um það, hvort merkjadóm~~endur~~ hafi verið „habil" eða „kompetent" til að dæma.

Um þetta getur landamerkjauppdráttur ekkert sýnt nje sannað. Jeg mótmæli hinum framlagða uppdrætti sem óviðkomandi málinu á þessu stigi, ofseint framkomnum, heimildarlaust framlögðum og auk þess í ýmsum atriðum óáreiðanlegum og villandi. En þó að nú svo sje, að hjer sje ekki um merkin að ræða, og hinn háttvirti mótpartur eigi enga beina sök á því, að málinu í síðara skipti var vísað frá merkjadómi, þá hefur hann samt beinan hag af því, að sá dómur gekk, ef hann fengi að standa, enda hefur hann og heimtað hann staðfestan, og var því sjálfsagt að stefna honum til þessarar áfrýjunar; mest af öllum snertir málið hann. Jeg mótmæli því málskostnaðarkröfu hans og öðru því, er hann framfærir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að því er snertir vöru dómenda að meðtöldum
oddvita dómsins, skal jeg lýsa því yfir, að jeg
efast ekki um, að þeir hafi dæmt eptir beztu
vitund og samvizku. En dómur þeirra inni-
heldur rjettarneitun samt, þó að þeir hafi ekki
meintað það svo eptir skýrslu þeirri, er þeir
hafa gefið. Hinn gamli dómur í öðru máli, sem
lagður er sem ástæða fyrir því að dæma svona,
er að vísu furðulítill stuðningur, því að bæði
byggist hann jafnframt á allt öðrum ástæðum,
heldur en hinn áfrýjaði dómur - ástæðan fyrir því,
að telja dóminn ekki bæran um að dæma aptur,
er sú að landsyfirrjetturinn hafi ekki gefið bend-
ingar um, á hverju nýr dómur ætti að byggjast,
og í öllu falli er dómur þessi ekki að neinu leyti
skuldbindandi í þessu máli.

Hvorki merkjadómurinn nje hinn háttvirti yfir-
dómandi, sem sýslumaðurinn beinir máli sínu
að, er bundinn við að framfylgja öllum skoð-
unum, sem koma fram í gömlum merkja-
dómum, er hlutaðeigandi yfirdómandi hefur
átt þátt í sem sýslumaður, og álíti hinn síðar-
nefndi að hann hafi praejudicerað sig, sem jeg
skil ekki að sje, þá efast jeg ekki um, að hann
taki heldur þann kost af tveimur, að víkja sæti
ex officio, heldur en að byggja nýjan dóm á þessu
praejudicati.

Viðvíkjandi drættinum á uppsögu dómsins efast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg ekki um að dómendur skýri rjett frá, og tel jeg fyrir mitt leyti gildar afsakanir sýslumannsins, þó með þeirri athugasemd, að jeg get ekki verið honum samdóma um það, að 23. gr. í tilsk. 3. júní 1796 sje úr gildi felld með landamerkjalögunum, að því er snertir merkjamál. Það er meginatriði þessarar áfrýjunar, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur, og trygging veitt fyrir því, að dómur verði uppkveðinn aptur, innan hæfilegs frests, eptir því sem lög standa til og aðrir dómar um fyrir að samað sje. Hitt er ekkert áhugamál að dómendurnir sæti refsingum, og hefi jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að öllum dómendunum verði hlíft við öllum refsingum, ef yfirdóminum ekki finnur sjer skylt að beita þeim ex officio, en hinu verð jeg að halda fast fram, að eins og málið lá fyrir, þegar frávísunardómurinn kom eptir svo langan tíma, varð ekki hjá því komist að stefna dómendum til ábyrgðar, í fyrsta lagi til þess að bera kostnað við uppsögu hins ólögmæta frávísunardóms, við áfrýjun og nýja fyrirtekt málsins, með því að allt þetta var merkjadómenda sök, en málsaðila H. Th. A. Thomsen ekki sök á gefandi, og í öðru lagi til þess að fá þóknunarsektir ákveðnar til þess að tryggja það, að málið væri ekki dregið eins lengi aptur. Að stefna dráttinum í málinu var fullkomlega lögum samkvæmt og nauðsynlegt til þess að tryggja sig framvegis. Dómendur hafa heldur ekki fundið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mitt að athuga við það, að þeim var stefnt til rjettar, hvorki beinlínis eða óbeinlínis með málskostnaðar-kröfu. Að eins hefur sýslumaður viljað skella skuldinni fyrir áfrýjunina á mig persónulega, og haldið að áfrýjunin væri öll sprottin af óvild til sín og dómenda. En við það er að eins að athuga, að jeg er ekki málsaðili, enda veit ekki til, að jeg beri neina óvild til herra sýslumannsins, og áfrýjunin var nauðsyn til að ná rjetti sínum, en skylda mín að takast það að lútandi störf á hendur.

Krafa sýslumannsins um að jeg verði sektaður fyrir að hafa nefnt orðið „bull“ í sóknarskjali frá 6. okt f. á og orð þetta mortificerað, kemur nokkuð skrýngilega fyrir. Í fyrsta lagi er hún alveg þort [illegible] fastum. Honum var innanhandar að mæta eptir stefnunni við fyrri fyrirtekt málsins. Í öðru lagi er það misskilningur, að jeg hafi þetta orð um dóminn; eins og hver maður sjer, er les skjalið, er orðið brúkað um viðan þátt af inleggi málafærslumanns mótpartsins og vörn hans. Jeg mótmæli þessari kröfu sem ástæðulausri og óheimilli. Það „reprimande“, sem herra sýslumaðurinn gefur yfirdóminum, leiði jeg hjá mjer.

Að svo mæltu mótmæli jeg öllu því, sem fram er komið til rjettlætingar hinum áfrýjaða dómi, skýrskota til þess, sem jeg áður hef fram-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

part, held föstum rjettarkröfum mínum, sbr. þó það sem áður er sagt um refsisektirnar, og legg málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík, 10 ágúst 1891
Virðingarfyllst
Hannes Hafstein.

Til
Landsyfirdómsins.

Framlagt í landsyfirdóminum 10. ág. 1891.
Jón Jensson.

Lagði svo málið í dóm. Hinir stefndu mættu og mótmæltu sóknar framhaldi mótpartsins, skírskotuðu til þess, er þeir hefðu áður framfært og lögðu málið í dóm. Málið tekið undir dóm.

Rjetti slitið
L. E. Sveinbjörnsson, Kristján Jónsson, Jón Jensson.

Ár 1891 mánudaginn hinn 21. septembermán. var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrir tekið:

Málið nr 17/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen og
merkjadómendum, sýslumanni Franz Siemsen og bændunum Gísla Gíslasyni, Halldóri Jónssyni, Þórði Runólfssyni og Þórði Guðmundssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og var í því uppkveðinn svofelldur:

## Dómur:

Með því að bæjarstjórn Reykjavíkur og Kaupmaður W. Th. A. Thomsen eigi gátu orðið ásáttir um landamerki milli jarðanna Kleppe, sem er eign Reykjavíkur og Bústaða, eignarjarðar Thomsens lagði bæjarstjórnin ágreiningsmálið undir úrskurð landamerkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu, og uppkvað hann dóm í málinu hinn 28. júní 1890. Þessum landamerkjadómi var skotið til yfirdómsins, og fjell þar dómur í málinu hinn 8. desemberm. 1890 á þá leið, að landamerkjadómurinn var úr gildi felldur, og málinu heimvísað, sjerstaklega fyrir þá skuld, að merkjadómurinn hafði eingöngu byggt úrslit málsins á skilríkjum, sem ekkert sönnunargildi hefðu í því, og væru málinu óviðkomandi. Hinn 31. desbr. f. á voru formanni merkjadómsins, sýslumanninum í Kjósar og Gullbringusýslu afhent skjöl málsins ásamt nýnefndum yfirrjettardómi, og var þess jafnframt af hálfu bæjarstjórnarinnar krafist, að merkjadómurinn nú af (sic) nýju kvæði upp dóm um þessa merkjaþrætu. Merkjadómurinn tók þó málið eigi fyrir, fyr en 19. maímánaðar þ. á. og var þá uppkveðinn dómur í sökinni af nýju á þá leið að málinu var vísað frá Merkjadóminum, og að hvor málsaðila var dæmdur til að greiða 14 Kr. í málskostnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í dóminum er frávísun málsins rökstudd með þeirri athugasemd, „að eptir almennum rjettarfarsreglum hafi sami dómur enga heimild til nýs úrskurðar um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess." Þessum dómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30 maí þ. á, og gjört þær rjettarkröfur, að dóminum verði úr gildi felldur og málinu af nýju heimvísað á Kostnað dómenda til löglegrar dómsálegginar í aðalefninu, að merkjadómendurnir verði að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir til að taka málið til meðferðar aptur innan hæfilegs frests, t.d. 8 daga, að þeir verði dæmdir í sektir fyrir rjettarneitun og málþróa, svo og hver um sig í 200 Kr sekt fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögn, og loks að dómendurnir verði annaðhvort in solidum eða in solidum með málsaðila Kaupmanni H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi Kostnað með 100 Krónum, eða eptir mati rjettarins.

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefur sem stefndur í málinu Krafist þess, að hann verði sýkn dæmdur í því, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað, og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hinir stefndu dómendur hafa og Krafist þess, að verða sýknaðir í málinu, og sjerstak-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lega hefur formaður merkjadómsins, sýslumaður Franz
Siemsen, krafist þess, að umboðsmaður áfrýjandans
verði sektaður fyrir meiðandi ummæli um merkja-
dóminn í sóknarskjölum hans, er mál þetta var í
vetur fyrir yfirdóminum, sjerstaklega fyrir orðið
„bull" í sóknarskjali 6. okt. 1890, og að þessi
meiðandi ummæli verði dæmd dauð og ó-
merk.

Með því það að það er heimilað í 12 gr. landa-
merkjalaga 17 marz 1882, að heimvísa landa-
merkjamáli sökum lögleysu að efni til,
og með því að heimvísunardómur lands-
yfirrjettarins hinn 8. desember f. á. tekur ský-
laust og greinilega fram lögleysisatriðin
í merkjadóminum 28. júní 1890, og á þann
hátt gaf merkjadómendunum nægilega leið-
beiningu við dómsuppsögn í málinu af
nýju, þá verður nú enn eptir kröfu áfrýj-
andans að dæma hinn áfrýjaða merkjadóm
ómerkan, og að skylda merkjadómendur
til að dæma málið í aðalefninu, en eigi
þykir ástæða til þess, að setja dómendunum
ákveðinn frest til þess, nje leggja þving-
unarsektir við eptir kröfu áfrýjandans.

Umboðsmaður áfrýjanda hefur undir rekstri
málsins fallið frá kröfunni um sektir á hend-
ur dómendunum fyrir drátt á dómsuppsögn,
mótþróa o. s. frv., og á hinn bóginn er eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málavöxtum ekki tilefni til þess ex officio að leggja þessar sektir á dómendurnar.
Það þykir (ekki) rjett, að áfrýjandi fái hæfilegt málskostnaðarendurgjald, er ákveðist 30 krónur og greiðist af merkjadómendunum in solidum.
Málskostnaðarkröfu hins stefnda kaupmanns Thomsens verðist eigi ástæða til að taka til greina.
Í þessu máli verður umboðsmaður áfrýjandans eigi dæmdur til sekta, samkvæmt kröfu hins stefnda, undirdómara, fyrir ummæli, sem hann hefur viðhaft í sóknarskjölum í öðru máli, sem áður hefur komið hjer fyrir rjettinn, þótt málin sjeu bæði af sömu rót runnin.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim aptur til dómsálegginngar í aðalefninu. Undirdómarinn, Franz sýslumaður Siemsen og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson greiði áfrýjanda bæjarstjórn Reykjavíkur 30 krónur uppí málskostnað innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson.

Rjetti slitið.

L. E. Sveinbjörnsson, Kristján Jónsson, Jón Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

\# \# \#

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er innsigli yfirdómsins og nafn justitiarii

Reykjavík 30. septembermán. 1891.

Ritgjald 5 Kr. "
Staðf. & inns.o. 83
5 - 83
fimm krónur áttatíu og þrír aurar.

(L.S.)
L. E. Sveinbjörnsson

J. J.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 7/12 1891.
Franz Siemsen.

2 ad no 1.

Franz Edward Siemsen

sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjörir: Ár 1891 hinn 19. maimán. var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur á skrifstofu sýslunnar í Hafnarfirði og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni.
Var þá fyrir tekið málið Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Kleppss og Bústaða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mál þetta var dæmt í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu hinn 28. júní f.á. Þessi dómur hefir með dómi landsyfirrjettarins hinn 8. des s.á. verið dæmdur ógildur sakir lögleysu að efni til og vísað málinu heim aptur. Samkvæmt þessu hefir bæjarstjórn Reykjavíkur krafist þess að, að merkjadómurinn að nýju leggi dóm á málið. Eptir að merkjadómurinn hafði athugað ástæður landsyfirrjettardómsins, sem var lagður fram með öðrum skjölum málsins, kvað hann upp svofelldan

## Dóm:

Mál þetta var hinn 28. dag júnímánaðar f.á. dæmt í merkjadómi Kjósar og Gullbringu sýslu og voru úrslitin þau, að landamerkin milli tjeðra jarða skyldu vera: „Úr prísteinum bein stefna sjónhending í Gelgju- eða Geldingatanga." Þessum dómi hefir verið áfrýjað til landsyfirrjettarins af bæjarstjórn Reykjavíkur og hefir hann með dómi hinn 8. dag desember f.á, fellt merkjadóminn úr gildi fyrir sakir lögleysis að efni til og vísað málinu heim aptur. Samkvæmt þessum úrslitum landsyfirrjettarins hefur bæjarstjórn Reykjavíkur krafist þess, að merkjadómurinn að nýju leggi dóm á málið. Þar sem merkjadómurinn verður að vera þeirrar skoðunar, að hinn sami dómur, eptir almennum rjettarfarsreglum, hvorki hafi heimild til, nje

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sje bar um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess, þá vísast málinu frá.
Að því er snertir málskostnað við þessa dómsálegg-ingu, þá er hann 14 krónur, og verður hann álitið að hann greiðist af málspörtum, hvorum að helmingi:

Því dæmist rjett að vera:

Málinu þessu vísast frá.
Málskostnað 14 - fjórtán - krónur greiði málspartar, hvor að helmingi.
Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Franz Siemsen.

Þ. Runólfsson. G. Gíslason. Þórðr Guðmundsson Halldór Jónsson

Fleira eigi fyrirtekið.

Rjetti slitið.

G. Gíslason. Halldór Jónsson. Þórðr Guðmundsson. Þ. Runólfsson

\+ # #

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Franz Siemsen

L. S.

Ritgjald 0,40
Staðfesting 0,41
kr 0,81

(níutíu og einn eyrir)
borgið
Franz Siemsen.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 7/12. 1891

Franz Siemsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 . d. 1891.

Nr. 2 Framlagt i Landsyfirdóminum 6/7 1891

Ablrskriften Retur

3 d Nr. 1:

Justitiarius og assessores

í hinum konunglega íslenzka

landsyfirdómi

Kunngjöra: Ár 1890, mánudaginn hinn 6 október-mán. var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrirtekið

Málið nr. 23/1890 Bæjarstjórn Reykjavíkur (eigandi Kleppi)

gegn

H. Th. A. Thomsen (eiganda Bústaða)

Af hálfu áfrýjanda mætti settur yfirrjettarmálflutningsmaður Hannes Hafstein og lagði fram:

Nr. 1: Áfrýjunarstefnu dags. 29. júlí þ. á.

Nr. 2-7: Dómsgjörðir úr Kjósar og Gullbringu sýslu með 5 fylgiskjölum,

Nr. 8: Sókn í málinu dags. í dag.

Rjettarskjölin nr 2-7 fylgja dómsgjörðunum þessum in originali, en skjölin Nr 1 og 8 hljóða svo:

Nr. 1.

Justitiarius og assessores

in hinum konunglega íslenzka landsyfirdómi

Kunngjöra: Oss hefur tjáð bæjarfógeti Halldór

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Danielsson, að hann fyrir hönd bæjarstjórnar
Reykjavíkur sjái sig knúðan til að áfrýja
til yfirdómsins merkjadómi kveðnum upp
fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu
28. f. m. út af landamerkjum milli Klepps
og Bústaða, en með þeim dómi er dæmt rjett
að vera:
„Landamerkin milli Klepps og Bústaða skulu
„vera úr Þrísteinum beina stefnu í Gelgju eða
„Geldingatanga. Framangreindan kostnað, að
„upphæð 52 kr — fimmtíu og tvær krónur —
„greiði stefnandinn bæjarstjórn Reykjavíkur
„með 30 kr 50 a — þrjátíu krónum og fimmtíu
„aurum, en stefndi kaupmaður H. Th. A. Thomsen
„með 21 kr 50 a — tuttugu og einni krónu og fimm-
„tíu aurum —, sem greiðist til dómsforseta, sýslu-
„mannsins í Kjósar og Gullbringusýslu, innan
„15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa, undir
„aðför að lögum. Annar málskostnaður falli
„niður." Ætlar áfrýjandinn fyrir yfirdómi
að krefjast þess, að greindur landamerkja-
dómur verði dæmdur ómerkur, og sjer dæmdur
hæfilegur málskostnaður fyrir undirrjetti og
yfirdómi
Fyrir því stefnist hjer með til að mæta fyr-
ir oss í landsyfirdóminum, sem haldinn
verður á venjulegum stað og stundu mánu-
daginn 6. okt. þ. á. eiganda jarðarinnar Bústaða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupmanni H. Th. A. Thomsen í Reykjavík til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rjett lögð, á málsútlistun áfrýjanda að hlýða, vörn fram að færa og dóm að meðtaka í framangreinda átt, allt eptir því sem áfrýjandinn mun nákvæmar skýra frá fyrir rjettinum.
Svo stefnist og til að mæta fyrir sama yfirdóminum á sama stað og tíma dómendum þeim, sem dæmt hafa í málinu í hjeraði:

Franz Siemsen, sýslumanni í Kjósar og Gullbringusýslu, Gísla bónda Gíslasyni í Leirvogstungu, Halldóri hreppstjóra Jónssyni í Þormóðsdal, Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Hálsi, Þórði hreppstjóra Runólfssyni í Móum. — til þess þar og þá að verja dóm sinn og meðferð málsins.

Lögdagur er úr lögum numinn með tilskipun 3. júní 1796.

Reykjavík 29. júlímán. 1890.

Til staðfestu innsigli yfirdómsins og nafn dómsmálaritarans

Stefnugjald 83-áttatíu og þrír aurar. (L. S.)

J. J. Jón Jensson.

\# \# \#

Ár 1890, laugardaginn hinn 16. ágústmánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaða landsyfirrjettar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stefnu kaupmanni H. Th. A. Thomsen persónulega á heimili hans hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

P. Pjetursson (L. S.) Þ. Björnsson (L. S.)

Borgun 1 Kr
ein króna
P. Pj. Þ. B.

Mjer löglega birt
Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu (~~hinn~~) 6. september 1890
Franz Siemsen.

Ár 1890 þriðjudaginn hinn 9. septembermánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Kjalarneshreppi birt framanritaða landsyfirrjettarstefnu hreppstjóra Þórði Runólfssyni persónulega á heimili hans Móum hjer í hreppi. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgað 1 Kr
Eina Krónu
E. M. J. J.

E. Magnússon (L. S.) Jón Jónsson (L. S.)

\+ + +

Ár 1890 miðvikudag 10. september höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Kjósarhreppi birt framanskrifaða landsyfirrjettarstefnu hreppstjóra Þórði Guðmundssyni á Neðrahálsi persónulega á heimili hans.

Þetta vottum samkvæmt stefnuvottaeiði okkar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með nöfnum okkar.

Borgað 1 Kr. 50 a.   Jón Guðmundsson.
ein Króna og fimmtíu aurar   Ólafur Jónsson.

J. G. Ó. J.

\# \# \#

Ár 1890 fimtudaginn 11 ágúst höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Mosfellssveit birt framanritaða landsyfirrjettarstefnu Gísla bónda Gíslasyni í Leirvogstungu, hreppstjóra Halldóri Jónssyni Þormóðsdal persónulega á heimilum þeirra.

Þetta vitnum við í krapti stefnuvotta eiðs okkar með nöfnum og innsiglum.

Borgað 2.50 - tvær   Jón Árnason   Erlendur Þorsteinsson
Krónur og fimmtíu aura   (L. S.)   (L. S.)

J. A. E. Þ.

Lagt fram í landsyfirdómi 6 okt. 1890
Jón Jensson.

Nr. 8.

Sókn

í málinu Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen kaupmanni
útaf landamerkjum milli Klepps og Bústaða.

Jeg leyfi mjer hjermeð að leggja fram fyrir hinn háa rjett:

1. Áfrýjunarstefnu, dags. 29. júlí þ.á, með áritaðum birtingarvottorðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Dómgjörðir merkjadóms í málinu ásamt
þeim fylgiskjölum, sem frá dómsins hendi hafa
verið látnir fylgja aktinum in originali,
og skal jeg um leið stuttlega leyfa mjer að rök-
styðja ónýtingarkröfu mína á hinum
áfrýjaða dómi, sem mjer virðist vera alveg
óvenjulega fjarstæður, enda sumstaðar algjör-
lega óskiljanlegt myrkviði
Lögleysurnar í dóminum hníga sumpart
að því, að ganga fram hjá og dæma þvert
ofan í órækt vitni, sumpart eru praemissurn-
ar svo óglöggvar, að þær virðast vera að tala um
hluti, sem ekkert koma málinu við og byggja
á þeim.
Eins og sjest á afstöðuuppdrættinum er í þessu
máli að ræða um talsvert stóra þríhyrnu,
með sjónum fram, er takmarkast á kafla af
„Markalæk“ og það er sannað í málinu, að
þessi þríhyrna hefur verið að undanförnu allt-
af notuð frá Kleppi. Sjerstök, skrifleg, forn
merkjaskyrteini eru ekki fram komin, en mörg
vitni hafa borið, að þau hafi aldrei annað
heyrt, en að Kleppur ætti land að í Markalæk,
sem sannað er hvar er, og meðal nefndra
vitna er maður sem átt hefur Klepp, og sem
hefur verið sagt þannig til merkja, þegar
hann keypti jörðina.
Thomsen aptur á móti býr til alveg nýja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stefnu af handahófi, og heimtir land allt úr pristeinum í Gelgjutanga (sjá uppdráttinn). Fyrir þessari kröfu hefur hann engin, alls engin skilríki. Einasta „Skingrund", sem hann ber fyrir sig, það er það, sem leið er uppí hinni frámunarlegu klausu í dómsforsendunum, er byrjar með orðunum „Að því er því næst snertir etc. .", sem merkt er með bláu striki. Að svo miklu leyti sem mögulegt er að skilja meininguna í þeirri röksemdaleiðslu, á hún líklega að vera sú, að sjárinn fyrir framan Elliðaárnar sje framhald af Elliðaánum, og að fyrst það sje „forsvarat" í „áliti ráðaneytis síns" (sic) að Elliðaárnar renni milli Árhúnalands og Bústaða, þá hljóti Bústaðir að eiga allt land út með ánum og sjónum sín megin.

En við þetta athugast, að eins og allt bullið um laxveiðina í Elliðaánum er máli þessu óviðkomandi, eins er öll skyrsskolunin til afsalsbrjefsins fyrir veiðinni og „álitsráðaneytis síns" öllu sönnunargildi horfin. Álitið sannar alls ekkert, hefur aldrei átt að sanna neitt um landamerki, og getur ekki gert það, því það hljóðar um allt annað. Og þó að svo aldrei nema það væri gefið, að Elliðaárnar hefðu útrás milli Árhúna og Bústaða, þá væri það jafnfánýtt, því þrætuskyldið liggur ekki upp með fram ánum, heldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(heldur) með fram sjónum, og sjórinn er ekki seldur Thomsen sem betur fer.
Að merkjadómurinn hefur byggt á annari eins endileysu og hann gjörir, tel jeg alveg vafalaust dauðamein hans til ónýtingar og ómerkingar fullrar.
Jeg skal því ekki að svo stöddu tefja tímann eða lengja málið með því að fara út í allt það, sem mjer finnst frekar gæti verið að segja. Jeg skal aðeins benda á og protestera móti þeim skilningi merkjadómsins á 10. gr. landamerkjalaganna, að eigi megi nota almenn þingsvitni til sannana í merkjamáli. Það nær engri átt. Orðið vitni er ekki aðeins haft um lifandi vesningar, heldur allt eins oft um vitnisburðina, (sbr þingsvitni). Eins protestera jeg á móti þeirri skoðun merkjadómsins, að ekki sje að marka vitni um landamerki, sem eru eptir sögusögn almennings. Þar sem um örnefni er að ræða, er ekki unnið að vitna eptir neinni aðru en sögusögn, og þar sem ekki eru til nein forn merkjaskjöl nje skilríki, er traditionin um merkin líka hið eina sem um verður vitnað, og er slíkur vitnisburður undir öllum kringumstæðum nægur til að sanna possessio og melior conditio possidentis, því hefur merkjadómurinn gleymt.
Jeg skal geta þess, að ofurlítil villa hefur orðið í aktinum frá dómarans hendi, þar sem á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bls. 39 hefur fallið úr, að Guðni Einarsson mætti.
Jeg geymi mjer rjett til að fá bætt úr þessum galla, ef mótpartinum eigi vill taka þetta gilt, einsog það er, og bið jeg hann lýsa því yfir, hvort hann viðurkennir eigi, að vitnisburðurinn á bls. 39 sje vitnisburður Guðna Einarssonar.
Að svo mæltu leyfi jeg mjer að gjöra þá rjettarkröfu:
Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur dæmdur, og hinn stefndi dæmdur til að greiða allan málskostnað með einhverju nægilegu.
Jeg legg svo málið í dóm með fyrirvara
Reykjavík 6. okt. 1890.
Virðingarfyllst.
H. Hafstein

Til
Landsyfirdómsins.
Lagt fram í landsyfirdóminum 6. okt. 1890.
Jón Jensson.
Lagði síðan málið í dóm. Af hálfu stefnda mætti yfirrjettarmálflutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson, bað um skjölin ljeð og hálfsmánaðar frest, og var það veitt.
Rjetti slitið
L. E. Sveinbjörnsson. Kristján Jónsson. Jón Jensson.
Ár 1890, mánudaginn 20 október mánaðar var landsyfirdómurinn settur og hald-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn af hinum reglulegu dómendum.

Var þá fyrir tekið:

Málið nr. 23/1890 Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eig. Klepps)
gegn
H. Th. A. Thomsen (eig. Bústaða)

Umboðsmaður stefnda mætti, skilaði skjölum málsins nr. 1–8 og lagði fram nr. 9. Vörn í málinu dags. í dag. Vörnin hljóðar svo:

Nr. 9.

Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
eigandi Klepps
gegn
H. Th. A. Thomsen

Eg leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að skila aptur skjölum þessa máls, og skal jafnframt leyfa mjer að svara sókn mótpartsins fáeinum orðum.

Fyrst vildi jeg leyfa mjer að leiðrjetta hjá mínum heiðraða mótparti það atriði, að þrætulandið hafi verið notað frá Kleppi, og sje því í possessio þessarar jarðar og því sje „melior causa“ áfrýjandans. Þetta er ekki rjett og hinn núverandi Kleppsbóndi hefir sjálfur játað, að landið sje eigi varið frá Kleppi fyrir fjenaði Bústaðabóndans. Þetta hefir að vísu litla þýðingu fyrir málið, en „satt er bezt,“ hvað sem öðru líður.

Aðalkjarninn í sókn míns heiðraða mótparts mun samt vera það, að merkjadómurinn hafi matið meir skjöl þau og skilríki, er stefndi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lögð fram, en hin munnlegu vottorð, er framkomu af hendi áfrýjanda. Ýtarlegri Kritik á þessum vitnisburðum, en þá er framkom fyrir merkjadóminum finnst mjer eigi þurfa og skal eg því leyfa mjer, að skírskota til þess hjer. Vitnin byggja öll á meir eða minna óljósum sögnum og ummælum frá Kleppseigendum og meiri partur eða því nær öll ummælin hafa myndast eptir 1859. Upptök Murtulækjar (eða Marklækjar) gátu hvorki vitnin sjálf nje merkjadómurinn og heldur eigi umboðsmaður áfrýjanda fundið við merkjagönguna, þar benti hver á sinn pyttinn í mýrinni, þangað til loksins mótpartinum þar varð að játa að upptökin „væri óglögg, þau fundust, sem sje hvergi. Að byggja nokkurn dóm á slíkum vitnisburðum mundi undir öllum kringumstæðum mjög hæpið, jafnvel þó ekkert annað væri á móti, hvað þá hjer þar sem skjallegar, lögfullar, sannanir eru annarsvegar. Eg skal því snúa mjer að þessari „röksemdaleiðslu, sem virðist hafa orðið svo þvers um í höfði beggja minna heiðruðu mótparta, bæði hjer og fyrir merkjadóminum.

Látum svo vera, að laxveiðirjetturinn í Elliðaánum snerti eigi málið. Afsalsbrjefið getur verið sönnunargagn fyrir því, að því leyti sem það úttalar sig um atriði er snerta málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hið sama er að segja um rjettarskj: Nr 21. Mótmæli mótpartsins hjer gegn sönnunargildi þess, koma of seint og eru þegar af þeirri ástæðu þýðingarlaus, enda fer nú „skörin að farast uppí bekkinn", þegar slíkum skjölum er mótmælt á þennan hátt. Minn heiðraði mótpartur skilur nú vonandi einn mjög einfaldan „Syllogismus" 1° Elliðaárnar renna til sjávar í landi jarðanna (eða milli landa jarðanna) Bústaða og Ártúns — cfr Rskj. Nr 21 og Nr 23. 2° Elliðaárnar renna í sjó millum Árbæjarhöfða og Gelgju — eða Geldingatanga cfr. afsalsbrjefið 1853. 3° Ergo: er Gelgju eða Geldingatangi í landi jarðarinnar Bústaða. Nú eru þrísteinar óumþrætt merki og ekkert markaörnefni til milli þeirra og Gelgjutanga. Bein sjónhendingarlína milli þeirraörnefna hlýtur því hjer að ráða mörkum. Sjeu þetta eigi góðar og gildar, skjallegar sannanir, þá veit jeg ekki, hvar slíkt er að finna. — Það, sem minn heiðraði mótpartur er að tala um sjóinn á vognum, finnst mjer ekki koma hjer við. Það er auðsjáanlega sprottið af því að minn heiðraði mótpartur hefur eigi tekið eptir korti Gunnlögsens yfir útrás ánna og heldur eigi munað eptir, að stórstraums fjörumálið er alltaf talið aðgreiningarmark láðs og lagar — ekki flóðfarið, sbr einnig Rskj. Nro 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það sem mótpartinum segir um skilning merkjadómsins á 10. gr. landamerkjalaganna get eg eigi samsinnt, en það hefur eigi haft og getur eigi haft neinn áhrif á úrslit þessa máls, hvor skilningurinn rjettari er, svo að það hefir enga praktiska þýðingu, að fara hjer frekar út í það atriði. – Það sem mótpartinum segir um, að fallið muni hafa úr dómsgjörðunum, er rjett, eptir því sem jeg bezt man, og það mun vera vitnisburður Guðna Einarssonar, sem byrjar aðra línu efst á bls 39 í aktinum. Verði málinu fyrir þessa sök ex officio frávísað, heimta jeg mjer tildæmda hæfilega Kost og Tæring.

Eg skyrskota að öðru leyti til þess, er fram hefur verið fært af hálfu stefnda fyrir merkjadóminum, mótmæli sökn og Kröfum mótpartsins í einu og öllu, en leyfi mjer að Krefjast þess:

Að hinn áfrýjaði merkjadómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta Kosti 120 Kr. –

Eg legg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 20 okt. 1890.

Virðingarfyllst

Guðl. Guðmundsson.

Til

Landsyfirdómsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framlagt í yfirdóminum 20 okt. 1890.

Jón Jensson.

Lagði svo málið í dóm. Umboðsmaður áfrýjanda bað um viðufrest og skjölin Gedog var það veitt.

Rjetti slitið.

L. E. Sveinbjörnsson. Kristján Jónsson. Jón Jensson.

Ár 1890, mánudaginn hinn 27 októbermán var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrirtekið:

Málið nr. 23/1890 Bæjarstjórn Reykjavíkur (eig. Klepps

gegn

H. Th. A. Thomsen (eig. Bústaða.)

Umboðsmaður áfrýjanda mætti, skilaði aptur skjölum málsins Nr: 1-9 og lagði fram Nr 10: Framhald sóknar dags. í dag, er hljóðar svo:

№ 10.

Framhald sóknar

í málinu Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen kaupmanni

útaf landamerkjum milli Klepps og Bústaða.

Það er óskøp þreytandi málsfærsla, þegar verið er að leita sjer argumenta með því að referera skakkt það, sem stendur í málsskjölunum. Hinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heiðraði mótpartur segir, að hinn núverandi Klepps-
bóndi játi, að landið r: þrætulandið, sje eigi varið frá
Kleppi fyrir fjenaði Bústaðabóndans. En mótpart-
urinn lætur þess ógetið, að vitnið segir fyrst, að landið
sje notað frá Kleppi og varið þaðan fyrir skepnum,
nema Bústaðabóndans, og eptir framhaldsspurning-
um bætir því við, að ástaðan fyrir því, að hann lofi
skepnum Bústaðabóndans að ganga í landinu endr-
um og sinnum (sjá framh. s.p. l.) sje samkomu-
lag þeirra á milli, en ekki sú að hann telji Bú-
staðabóndann hafa nokkurn rjett til landsins,
enda hefur landið aldrei verið varið frá Bústöðum,
en er jafnan varið frá Kleppi, eins og mörg vitni
sanna, og er það því fyllilega rjett hermt hjá
mjer, að Kleppsbóndinn hafi haft possessio
yfir þrætulandinu, og er það einmitt einn vottur-
in af hans possessio, að hann hefur getað leyft
kunningja sínum, Bústaðabóndanum, endrum
og sinnum að láta skepnur sínar koma í landið.
Þarnæst endurtekur mótparturinn „kritik"
sína á vitnisburðunum, sem fram eru komnir
óræðir fyrir því, að Kleppur eigi þrætulandið.
Fyrri mótbáran, að vitnisburðirnir sjeu eptir
munnmælum og sögusögn (almennri, því
mótparturinn hefur ekki próduceræð eitt
einasta vitni, sem hefur heyrt nokkuð, sem kom-
ur í bága við það, að merkin sjeu eptir Marka-
læk, sem mótparturinn endilega vill skýra Markalæk)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er að mínu áliti hlægileg, því þegar engin skjöl eru til, – eptir hverju á þá að vitna öðru en tradition. Traditionin er þar einasta sönnunargagn auk notunar landsins. Hin mótbáran er að Upptök Merkjalækjar sjeu óglögg. En hvað gjörir það þó svo væri? Einhversstaðar sjest hann þó fyrst koma fram, og lækurinn á að ráða merkjum það sem hann nær. En allt þetta um Merkjalæk er málinu óviðkomandi, því hjer er ekki um það að ræða að ákveða merki, heldur hitt að ónýta merkjadóminn fyrir það, að hann gengur framhjá lögfullum sönnunum, og byggir á ~~engri~~ rangri ályktun, eða þó einkum af þeirri ástæðu, að hann byggir á því sem sönnun, sem í sjálfu sjer er engin sönnun. Það að byggja dóm á vitlausum „syllogismus", er lögleysa, og lögleysan er hjer tvöföld, margföld, því að liðirnir í þessum frámunalega „Syllogismus" er gripnir úr lausu lopti, og hvíla ekki á neinu því, er sannað ~~nje~~ er sönnunargildi hefur.

1sti liðurinn í Syllogismusnum er, að Elliðaárnar renni í sjó milli landa jarðanna Bústaða og Ártúns. Látum svo vera. Bústaðir eiga land að vestanverðu með fram ánum og að Merkjalæk, en hann rennur frá vestri til austurs í sjóinn fyrir utan Elliðaárósana (sjá Uppdráttinn Rjettskj. 4.; í þessu atriði virðist mótpartsins kort vera í samkvæmni við hinn uppdráttinn) Árnar renna í sjó þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem mótp. sjálfur í sínu korti hefur Elliðaár ósa. – En svo kemur hinn liðurinn: „Elliðaárnar renna í sjó millum Árbæjarhöfða og Gelgju- eða Geldingatanga." Sem heimild fyrir þessari virku vitnar mótpartur inn í afsalsbrjef konungs fyrir veiðunni í ánum, 11. des. 1853, rjettarskjal № 17, bls. 41 í aktinum. Sjáum því, hvað þar stendur. Þar stendur, að veiðunni sje afsalað „indtil udenfor Elvens Munding, i Söen mellem Árbæjarhöfða og Gelgju eller Geldingatangi." Þetta er á íslenzku: út fyrir árósa ɔ: útrás ánna í sjóinn (ɔ: voginn) sem er á milli Árbæjarhöfða og Geldingatanga. Það er hrein og bein málleysa, meiningarleysa og óheimilt með öllu, að skella saman orðunum „Elvens Munding i Söen", og setja kommu fyrir framan „mellem". Árós er ekki á dönsku „Munding i Söen", heldur aðeins Munding. Þetta „i Söen" mellem Árbæjarhöfða etc á að tákna hvar þessi Munding sje. Með þessum orðum er þáð aðeins sagt að Elliðaárnar renni í þann vog, sem þær renna í, sama voginn eins og Merðjalækur, en nær Bústöðum, og þessi vogur skerst inn úr sjónum milli tveggja optnefndra höfða. Seinni liðurinn í hinum optnefnda „Syllogismus" er þannig allsendis gripinn úr lausu lopti, byggður á misskilningi eða rangfærslu

á brjefi — sem að vísu ekki hefur neitt sönnunar gildi um þetta mál — og alls ekki eptir tilgangi sínum þurfti neina nákvæmni um þetta atriði, og hefur hann þannig í sjer ósannindi einber í stað viðurkenndra sanninda, sem er skilyrði fyrir því, að „syllogismus“ mótpartsins geti staðizt.

Viðvíkandi korti Gunnlögsens eða rjettara sagt mótpartsins vísa jeg til þess, sem fram fór er við merkjadóminn. Það er ekkert í þessu máli upplýst um, hvar yzta fjörumál er, enda kemur það eptir ofansögðu ekkert málinu við.

Viðvíkandi athugasemd mótpartsins um mótmæli mín gegn sönnunargildi rjettarskjals Nr 21, sem alls ekki komu of seint, skal jeg taka fram, að það er ekki rjettarskjalið sjálft, sem jeg kalla bull, heldur það sem út af því hefur verið sagt í þessu máli (sjá t. d. byrjunina á fyrri vörn stefnda fyrir undirrjetti) og yfirhöfuð það að blanda laxveiðarjettinum í Elliðaánum inní þetta landamerkjamál.

Jeg þakka mótpartinum fyrir, að hann hefur viðurkennt, að umsögn mín um úrfall orðanna á bls. 39 í aktinum sje rjett, og vona jeg að hinn hái rjettur ekki finni ástæðu til að frávísa málinu ex officio, eins og mót-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

partinum ympnar á, fyrir þennan litla ritgalla, sem málspörtum kemur saman um leiðrjetting-una á. Eins bið jeg velvirðingar á því, að undir rjettarskjal No 7, sem var lagt fram 25. júní þ. á. hefur verið innfært í aktinn á skökkum stað, nfl. á bls. 9 í staðinn fyrir á bls. 23, og vona jeg að það geri ekkert til, enda hefur mótpartinum ekkert fundið við það að athuga.

Að svo mæltu mótmæli jeg vörnog varnar-gögnum mótpartins, skýrskota til þess, sem jeg hef áður framfært, held fast við áðurgjörðar rjettarkröfur, og legg málið í dóm með fyrir-vara.

Reykjavík 27/október 1890.
Virðingarfyllst.
Hannes Hafstein

Til
Landsyfirdómsins.

Framlagt í landsyfirdóminum 27/okt 1890.
Jón Jensson.

Lagði svo málið í dóm. – Umboðsmaður stefnda mætti einnig, mótmælti hinu síðast fram-komna og lagði málið og í dóm. – Málið tekið undir dóm

Rjetti slitið
L. E. Sveinbjörnsson, Kristján Jónsson, Jón Jensson.

Ár 1890, mánudaginn hinn 8. desember var landsyfirdómurinn settur og haldinn af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrirtekið

Málið No 23/1890 Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Klepps)
gegn
H. Th. A. Thomsen
(eig. Bústaða)

og var í því uppkveðinn svofelldur

## Dómur:

Mál þetta höfðaði bæjarstjórn Reykjavíkur sem eigandi jarðarinnar Klepps í Seltjarnarnesshreppi gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi, útaf ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða. Bæjarstjórnin álítur að landamerki jarðanna sjeu þessi: „Frá Elliðaárvog þar sem Merkjalækur, (er sumir kalla Markalæk, en hinn stefndi „Murtulæk") fellur í hana einsog farvegur lækjarins ræður til upptaka, og þaðan í svokallaða „Þrísteina". Á hinn bóginn telur H. Th. A. Thomsen, að landamerki milli jarðanna sjeu eptir beinni stefnu úr Þrísteinum í Geldingatanga (eða Gelgjutanga, sem svo er kallaður af ýmsum). Sök þessi er rekin fyrir landamerkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu og þar dæmd hinn 28. júní 1890, á þá leið að merkjakrafa Thomsens kaupmanns var óbreytt til greina tekin; jafnframt ákvað dómurinn um málskostnað, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppí hann 30 Kr. 50 a og Kaupmaður Thomsen 21 Kr. 50 a. — Þessum dómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til landsyfirrjettarins með stefnu, dags. 29. júlímán. þ. á., og hjer fyrir rjettinum gjört þá kröfu, að hann verði úr gildi felldur, og hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað með nægilegri upphæð. Hinn stefndi, W. Th. A. Thomsen kaupmaður, hefur af sinni hálfu krafist þess, að merkjadómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 120 Kr.

Merkjadómurinn álítur og byggir úrslit málsins á því áliti sínu, að hinn stefndi hafi með konunglegu afsalsbrjefi til sín fyrir laxveiðunni í Elliðaánum, útgefnu 11. desbr. 1853, samanbornu við álitsskjal stjórnarráðsins um söluna (frá 6. maí 1853, undirrjettarskjal Nr. 21 sbr. Nr. 22) fært óvefengjanlega sönnun fyrir eignarrjetti sínum yfir þrætulandinu, og til frekari styrkingar þessu lætur merkjadómurinn þess getið, að í aukarjettardómi Kjósar og Gullbringusýslu, 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómi 5. desbr. 1859 útaf beitutökurjetti í Elliðaárvognum sje það leitt fram, að „sameigendur Laugarnesins og Kleppsjarða þá hafi átt ósannað, að Kleppsland nái inn að Merki- eða Marklæk.“ Hinn stefndi hefur nú eigi komið fram með önnur eða fleiri skilríki fyrir eignar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rjetti sínum yfir þrætulandinu en þessi, og alls enga vitnisburði um afnot þess hefur hann framlagt.

Um nefnd skilríki er að athuga, að hið konunglega afsalsbrjef frá 11. desbr. 1853 ræðir aðeins um laxveiðina í Elliðaánum, og alls eigi um landeign aðliggjandi jarða, en veiðin hafði þá fyrir nær fult 100 árum (ɔ: 1746) verið tekin undan aðliggjandi jörðum og verið sem sjerstök eign; sama er að segja um álitsskjal stjórnarráðsins (6. maí 1853). Aukarjettardóminum 12. nóv. 1858 og yfirrjettardóminum 5. desbr. 1859 dæma og alls eigi um eignarrjett yfir landi því, sem liggur að Elliðaárvogunum að vestanverðu, en aðeins um
sic rjett ábúandans á Kleppi aað taka kræklingi vogunum á móti við laxveiðirjett hins stefnda. Þessi skjöl sanna þannig alls ekkert um rjett hins stefnda yfir þrætulandinu, og það liggur í augum uppi, að engin heimild er til að álykta á þá leið, að hann sem eigandi Bústaða hljóti að eiga land út að Gelgjutanga, úr því að honum var afsöluð laxveiði í ánum og vogunum út þangað. – Þar sem undirdóminum eingöngu hefur byggt úrslit málsins á þessum skilríkjum, sem ekkert sönnunargildi hafa í málinu, eins og það fyrir liggur, og eru því óviðkomandi, og þar sem það á hinn bóginn má álítast sannað í málinu af hálfu áfrýjanda með ýmsum vitnisburðum, þar á meðal manns, er búið hefur á jörð hins stefnda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bústöðum í nærfelt 20 ár, að þrætulandið hafi mjög lengi verið notað frá Kleppi og talið fylgja þeirri jörð, og skal þess hjer með jafnframt getið að merkjadómurinn hefur ranglega hrundið vitnisburði Ólafs Þorvaldssonar – en eptir því hlaut sönnunarbyrðin um eignarrjett yfir þrætulandinu sjerstaklega að hvíla á hinum stefnda samkvæmt grundvallarreglunni í Jónsb. Llb. Kap. 26. i.f. – Þá verður eigi hjá því komizt, að dæma merkjadóminn ógildan fyrir lögleysu að efni til og vísa málinu heim aptur.

Uppí málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 40 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn skal úr gildi felldur og málinu vísað heim aptur. Uppí áfrýjunar kostnað sakarinnar greiði hinn stefndi, Kaupmaður H. Th. A. Thomsen, áfrýjandanum bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar 40 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson.

Rjetti slitið.

L. E. Sveinbjörnsson, Kristján Jónsson, Jón Jensson

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er innsigli yfirdómsins og nafn justitiarii

Reykjavík 29. desembermán. 1890

(L. S.)

verte

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

L. E. Sveinbjörnsson.

Ritgjald fyrir barðir Kr 3,00
Staðfesting og innsigli " " 83
= Kr 3,83

þrjár krónur áttatíu og þrír aurar

J. J.

Ár 1891, miðvikudaginn hinn 14 júnímánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan landsyfirrjettardóm, kaupmanni W. Th. A. Thomsen persónulega í sölubúð hans hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1. Kr. — Þ. Bjömsson — Þorsteinn Gunnarsson.
ein króna. — (L. S.) — (L. S.)

Þ. B. Þ. G.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 7/12. 1891.

Franz Siemsen.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 19/5 1892

Franz Siemsen

№ 3

Framlagt í Landsyfirrjettinum 6/7 1891

[illegible]

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4ad No 1:

Franz Edvard Siemsen.

sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslu.

Kunngjörir: Ár 1889 hinn 28 júní var aukarjettur Kjósar og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum á Seltjarnarneshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir

Málið Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Klepps og Bústaða

Af hendi Reykjavíkur bæjarstjórnar mætti málaflutningsmaður Páll Briem eptir umboði dags. 22 maí þ.á. er auðk. No 1 og hljóðar svo:

No 1.

Útskript

úr

gjörðabók bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

\+ \+ \+ \+

Ár 1888, fimmtudag 16 ágúst var fundur haldinn í bæjarstjórninni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Samkvæmt ályktun á næsta fundi hafði meiri hluta bæjarstjórnarinnar riðið á merki milli Bústaða og Klepps og Laugarness, ásamt eiganda Bústaða kaupmanni W. Th. A. Thomsen. Hafði málsparta greint allmjög á um, hver örnefni þau sjeu, er landamerkjum eigi að ráða eptir gömlum skjölum og skilríkjum, og sögu kunnugra manna. Bæjarstjórnin ályktaði að leita dóms og laga, til úrslita máls þessa, í einu hljóði. Formanni var falið að ráða málfærslumann í því skyni. Allir á fundi nema H. Kr. Friðriksson og Páll Þorkelsson

Fundi slitið

Halldór Daníelsson, Björn Jónsson, J. Jonassen, Jón Olafsson, G. Þórðarson, Þórhallur Bjarnason, Guðbr. Finnbogason. E. Th. Jónassen.

Rjetta útskrift staðfestir
Halldór Daníelsson.

Samkvæmt ofanskráðu veiti jeg hjermeð herra yfirrjettarmálfærslumanni Páli Briem umboð til að leita úrslita landamerkjadóms um landamerki ~~milli~~ milli jarðanna Klepps og Bústaða í Seltjarnarneshreppi, og er allt, sem herra Páll Briem gjörir í þessu efni jafngilt og bindandi fyrir bæjarstjórnina eins og hún hefði gjört það sjálf.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 22 maí 1889.
Halldór Daníelsson.

Lagt fram í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 28. júní 1889.

Franz Siemsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leggur fram 1) stefnu, útg. 11. þ.m. með árituðu birtingarvottorði og 2) Kæru til sáttanefndar, dags 14 maí þ. á með árituðu vottorði sínu um árangurslausa sáttatilraun.
Skjöl þessi auðk. No 2 og 3 og hljóða svo:

No 2.

Franz Siemsen

sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu

Kunngjörir: mjer hefur tjáð yfirrjettarmálafærslumaður Páll Briem í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, að hann sje eptir árangurslausa sáttatilraun knúður til að höfða mál gegn Jóni bónda Ólafssyni á Bústöðum, leiguliða W. Th. A. Thomsens, kaupmanns í Reykjavík, út af ágreiningi um landamerki milli eignarjarðar Reykjavíkur bæjar, Klepps og eignarjarðar nefnds kaupmanns W. Th. A. Thomsens, Bústaða í Seltjarnarneshreppi.
Fyrir því stefnist hjer með nefndum Jóni bónda Ólafssyni á Bústöðum til þess að mæta fyrir aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu, sem haldinn verður í barnaskólahúsinu í Mýrarhúsum föstudaginn hinn 28. þ.m. kl 1 e.h. til þess að sjá skjöl og skilríki í rjett lögð, heyra menn nefnda í merkjadóm, nefna og heyra nefnda menn úr dómi, hlýða á eiðspjöll dómenda, svo og framburð vitna stefndra og óstefndra, vera við merkjagöngu, heyra sókn sakar og rjettarkröfur, svara til sakar og þola dóm um landamerki ofangreindra jarða og greiðslu á málskostnaði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að skaðlausu eða eptir mati landamerkjadómsins.

Lögdagur er úr lögum numinn með tilskipun 3. júní 1796.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli
Skrifstofu Gullbringu og Kjósarsýslu 11. júní 1889.

Stefnugjald 41 eyrir fjórðung og einn eyrir
borgað Franz Siemsen.

Franz Siemsen
(L. S.)

Á'r 1889 þann 11. júnímánaðar höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Seltjarnarneshreppi birt framanritaða stefnu á heimili hins stefnda fyrir hinum stefnda sjálfum, Jóni bónda Ólafssyni á Bústöðum, er við fundum heima,
þetta vitnum við með skyrskotun til eiða þeirra, er við höfum unnið og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

Ingjaldur Sigurðsson Eiríkur Bjarnason

Stefnubirting 1 Kr. „ aur (L. S.) L. S.
mílupeningar o. 50 aur

Borgað 1 Kr 50 aur.
Eiríkur Bjarnason.

## № 3.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, sem er eigandi jarðarinnar Klepps í Seltjarnarneshreppi, heldur því fram, að landamerkin milli nefndrar jarðar og jarðarinnar Bústaða, sem er eign Kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Kaupmannahöfn séu þessi. 1) Frá Elliðaá, þar sem Mergjalæk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(er Thomsen nefnir Martuladi) fellur í hana, einsog forvegur lækjarins ræður til upptaka og þaðan í svo-kallaða Gvrísteina, sem einnig eru á landamerkjum Laugarness að vestan og hjedra jarða Bústaða og Kleppa að austan. Með því að hvorki Thomsen kaupmaður nje leiguliði hans á Bústöðum, Jón bóndi Ólafsson hafa viljað samþykkja þessi landamerki, vil jeg í um-boði bæjarstjórnarinnar leyfa mjer að mælast til, að yður, herra amtmaður, mætti þóknast að kalla nefndan bónda Jón Ólafsson, á Bústöðum, sem löglegan umboðsmann landdrottins á sáttafund ásamt mjer til þess að reyna að koma sáttum á milli hans og mín fyrir hönd bæjarstjórnarinnar um ofangreind landamerki.
Verði sáttum eigi á komið óska jeg málinu vísað til merkjadóms.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 14. maí 1889
Virðingarfyllst
Halldór Daníelsson.

Til
Amtmannsins í Suðuramtinu.

Í tilefni af framanskrifaðri kæru kallast bæjar-fógeti Halldór Daníelsson og Jón bóndi Ólafsson á Bústöðum til sáttafundar, sem haldinn verður á heimili undirskrifaðs miðvikudaginn hinn 22 maí næstkomandi á hádegi

Í sáttanefnd Seltjarnarneshrepps 18 maí 1889.
E. Th. Jónassen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889, 17. maimánaðar höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Seltjarnarneshreppi birt framanritaða stefnu bóndanum Jóni Ólafssyni á Bústöðum persónulega, stöddum á Lambastöðum, og sagðist hann ætla að birtinguna eins og á sínu heimili. Þetta vitnum við í krapti vorinnar eiðs með undirskrifuðum nöfnum.

Ingjaldur Sigurðsson   Eiríkur Bjarnason

Gjald fyrir birtinguna
1 Kr. Ein Króna.

Ár 1889, hinn 22. mai var mál þetta tekið fyrir á sáttafund Seltjarnarneshrepps að báðum málspörtum persónulega viðstöddum. Sátt reyndist árangurslaus, var svo máli þessu eptir kröfu kærandans vísað til landslaga og rjettar.

Kærandi mætti eptir umboði bæjarstjórnar Reykjavíkur

E. Th. Jónassen

Lagt fram á sáttafundi h. 22 mai 1889

E. Th. Jónassen

Lagt fram í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 28. júní 1889.

Franz Siemsen.

og óskar hann menn nefnda í dóm til að dæma mál þetta með sýslumanni. Eigandi Bústaða W. Th. A. Thomsen var persónulega mættur.

Dómarinn nefndi þá þessa menn í dóm:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1) Þórð Runólfsson í Mónum
2) Gísla Gíslason í Leirvogstungu
3) Þorlák Guðmundsson í Hvammkoti
4) Guðmund Einarsson í Miðdal.
5) Ingjald Sigurðsson á Lambastöðum
6) Þórð Guðmundsson að Neðra-Hálsi
7) Erlend Erlendsson á Breiðabólstöðum
8) Halldór Jónsson í Þormóðsdal.

Umboðsmaður stefnandans nefndi þessa menn úr dómi:

Ingjald Sigurðsson á Lambastöðum
Guðmund Einarsson í Miðdal.

Stefndi nefndi úr dómi:

Þorlák Guðmundsson í Hvammkoti og
Erlend Erlendsson á Breiðabólstöðum.

Dóminum verður þá skipaður þessum mönnum auk sýslumanns:

Þórði Runólfssyni í Mónum
Gísla Gíslasyni í Leirvogstungu
Þórði Guðmundssyni að Neðra-Hálsi og
Halldóri Jónssyni í Þormóðsdal.

Umboðsmaður stefnanda lagði inn skjöl málsins, No 1-3 sjer ged. Ákveðið var að dómarinn með málspörtum gengi á merkin þriðjudaginn hinn 23 n. m. og mæti menn að Búastöðum kl 4 e.h.

Vottar: Frekara eigi fyrirtekið. Málspartar
Ingjaldur Sigurðsson Rjetti slitið. Páll Briem
Guðmundur Ólafsson. Franz Siemsen. H. Th. A. Thomsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1889, hinn 23. júlí var aukarjettur Kjósar og Gullbringusýslu settur að Bústöðum í Seltjarnarneshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Franz Siemsen með vottunum Guðm. Helgasyni og Guðna Einarssyni.
Var þá tekið fyrir:

Málið Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Kaupmanni H. Th. A. Thomsen
útaf landamerkjum milli Klepps og Bústaða

Hinir útnefndu meðdómsmenn voru mættir sem sje:

hreppstjóri Þórður Guðmundsson að Neðra-Hálsi
Þórður hreppstjóri Runólfsson í Móum
Gísli Gíslason í Leirvogstungu og
Halldór hreppstjóri Jónsson í Þormóðsdal.

og rituðu þeir í rjettinum undir svofeldan eiðstaf.

Nº 4

Vjer undirskrifaðir, sem nefndir erum í landamerkjadóm til þess að dæma um landamerki milli Klepps og Bústaða, sverjum þann eið, að vjer skulum dæma mál þetta, sem vjer vitum sannast og rjettast. Svo sannarlega hjálpi oss guð og hans heilaga orð.
Í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu hinn 23 júlí 1889
Þórður Guðmundsson, Þ. Runólfsson G. Gíslason
Halldór Jónsson

Lagt fram í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 23/7. 1889
Franz Siemsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af hendi stefnanda er mættur málfærslu-
maður Páll Briem, en stefndi persónulega.
Umboðsmaður stefnandans óskar að fá frest
þann framlengdan, sem ákveðinn var í aukarjetti
28. f. m. til merkjagöngu, og átti að framfara í dag,
með því hann vegna veikinda og annara starfa,
eigi hefði getað aflað allra þeirra upplýsinga, sem
viðþurfa í máli þessu. Stefndi mótmælir, að frest-
ur þessi verði lengdur og heimtar, að merkja-
ganga framfari nú eins og málspörtum hefir
komið saman um, og óskar úrskurð um þetta
efni. Dómendurnir uppkváðu því næst
svofelldan úrskurð:

Þar sem við merkjagöngu er nauðsynlegt að báðir
málspartar mæti með sín sóknar- og varnargögn,
en stefnandinn eigi hefur nein skjöl í höndum
og því hefur neitað að ganga á merkin í dag,
en hefir óskað að merkjagöngunni verði frestað
til nákvæmar tiltekins tíma, þá kom dóm-
endunum saman um, að fresta merkjagöngu
í þessu máli til seinasta þriðjudags í júní
mánuði n. á. Merkjagangan hefst þá að Bú-
stöðum kl. 4. e. h.
Kostnaður allur, sem hefur leitt af því að merkja
ganga eigi hefir framfarið í dag, greiðist af
stefnanda.

Franz Siemsen. Þórður Guðmundsson
Þ. Runólfsson. Halldór Jónsson. G. Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mál þetta verður aptur fyrir tekið seinasta þriðja dag í júnímánuði n. á. og hefst þá noræðjaganga að Bústöðum kl. 4. e. h.

Vottar: Fretara ergi fyrirtekið. Málspartar

Guðm. Helgason Rjetti sagt slitið Páll Briem

Gudni Einarsson Franz Siemsen. W. Th. A. Thomsen.

Ár 1890 hinn 23. júní var gestarjettur Kjósar og Gullbringusýslu settur á bæ Ólafs Þorvaldssonar í Hafnarfirði og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með vottum Magnúsi Brynjólfssyni og Guðmundi Helgasyni. Var þá tekið fyrir sem fylgir:

Í rjettinum var mættur yfirrjettarmálafærslumaður Páll Briem og lagði fram:

1, Stefnu til vitnisins Ólafs Þorvaldssonar útg. 21 þ. m. og

2, Stefnu til Kaupmanns W. Th. A. Thomsens til að hlýða á vitnaleiðslu hjer í dag, dags. s. dag. Skjöl þessi auðk. Nr. 1 og 2 og hljóða svo:

Nr. 1.

Franz Siemsen

Sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslu

Kunngjörir: Mjer hefur tjáð málflutningsmaður Páll Briem í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, að hann sjái sig knúðan til að fá vitni leitt, herra Ólaf Þorvaldsson í Hafnarfirði, til upplýsingar um landamerki milli Bústaða og Klepps í Seltjarnarneshrepps, sem mál hefur risið út af milli bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjósar Reykjavíkur og kaupmanns W. Th. Thomsens í Reykjavík. Er vitnastefnubeiðandi mættur hjer sem gestur og óskar að vitnaleiðslan fari fram fyrir gestarjetti svo fljótt sem verða má. Fyrir því stefni jeg með kveldfresti að minnsta kosti herra Ólafi Þorvaldssyni í Hafnarfirði til þess að bera vitni um ofangreint málefni, að viðlögðum lagamálssektum, í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, er haldinn verður á skrifstofu sýslumanns í Hafnarfirði [til þess] næstkomandi mánudag hinn 23 þ. m. kl. 12 á hádegi, svo og staðfesta framburð sinn með eiði ef krafist verður.

Lögdagur er ör lögum nemium með tilskipun 3. júní 1796.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinsigli

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu 21. júní 1890.

Gjald 41 - fjörutíu og einn - eyrir borgað Franz Siemsen

Franz Siemsen
(L. S.)

Árið 1890, laugardaginn hinn 21. júnímán. höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Garðahreppi birt ofanritaða stefnu á heimili hins stefnda, hr. Ólafs Þorvaldssonar í Hafnarfirði hjer í hreppi fyrir hinum stefnda sjálfum, er við fundum heima. Þetta vitnum við með skýrskotun til eiða þeirra, er við höfum unnið og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um.

Gjald 1 króna borgað.  Magnús Brynjólfsson (L. S.)  Á. Hildibrandsson settur (L. S.)

Lagt fram í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 23. júní 1890.

Franz Siemsen.

No 2.

Franz Siemsen

sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslu

Kunngjörir: Þar sem málflutningsmaður Páll Briem í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur tjáð mjer, að hann sjái sig knúðan til að leiða vitni til upplýsinga í máli, um hann í umboði téðrar bæjarstjórnar hefur höfðað gegn kaupmanni W. Th. A. Thomsen í Reykjavík út af landamerkjum milli Klepps og Bústaða, þá er téðum kaupmanni hjermeð stefnt til að mæta í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, sem haldinn verður á skrifstofu sýslunnar í Hafnarfirði næstkomandi mánudag, hinn 23. þ. m. kl. 12 á hádegi, til þess þar og þá, að heyra framburð vitnis og eiðstaðfestingu þess, og öðru leyti gæta rjettar síns í þessu efni.

Lögdagur er afnuminn með tilskipun 3. júní 1796.

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu 21. júní 1890.

Gjald 41 – fjörutíu og einn eyrir borgað  Franz Siemsen.

Franz Siemsen (L. S.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1890, laugardaginn hinn 21. júnímán. höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaða stefnu fyrir hr. D. Thomsen persónulega á heimili hins stefnda, föður hans, kaupmanns H. Th. A. Thomsens, sem var fjærverandi.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1 kr. – ein króna
P. P.; Þ. B.

P. Pjetursson (L. S.)
Þ. Björnsson (L. S.)

Lagt fram í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 23. júní 1890.

Franz Siemsen.

ennfremur:

3. Vitnaleiðsla og áreið viðv. landamerkjum Klepps og Bústaða hinn 14. júní 1859,

4. Spurningar til vitnisins, dags. í dag. Skjöl þessi auðk. Nr 3 og 4 og hljóða svo:

Nr 3.

& Sjá aðalmálið Nr 8.

Nr. 4.

Spurningar

til vitnisins Ólafs Þorvaldssonar í Hafnarfirði:

1, Hvað eruð þjer gamall?

2, Komuð þjer við framburð yðar fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 14, júní 1859, er lesinn hefur verið upp fyrir yður, og að hann sje sannleikanum samkvæmur?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 23. júní 1890.
Páll Briem.

Lagt fram í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 23. júní 1890

Franz Siemsen,

og óskaði hann að framburður vitnisins Ólafs Þorvaldssonar hinn 14 júní 1859 verði lesinn uppi fyrir honum, og hinar framlögðu spurningar lögð- ar fyrir hann. Mættur var í rjettinum yfirrjettarmála- færzlumaður Guðlaugur Guðmundsson eptir umboði, dags. í dag, er auðk. Nr 5 og hljóðar svo:

Nr. 5.

Eg veiti hjer með Cand. jur. Guðl. Guðmundssyni umboð mitt til þess að mæta fyrir mína hönd í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu í dag við vitnaleiðslu í merkjamáli milli Klepps og Bústaða, og skal allt sem nefndur umboðsmað- ur minn í þessu efni fyrir mína hönd gjörir hafa sama gildi eins og eg hefði það sjálfur gjört.

Reykjavík 23. júní 1890.
H. Th. A. Thomsen.

Framlagt í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 23/6. 1890.

Franz Siemsen.

Biður hann þess getið, að hann áliti, að vitnaleiðsla þessi geti eigi löglega fram farið fyrir gestarjetti hjer, og geymir hann sjer rjett til að mótmæla gildi hennar fyrir landamerkjadóminum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vitnastefnandi krafðist þess, að vitnaleiðsla þessi
færi fram hjer í dag.
Ákveðið var að halda rjett þennan á skrifstofu sýslu-
mannsins, en þar sem vitnið Ólafur Þorvaldsson er
rúmliggjandi, er rjetturinn settur á heimili hans.
Mætti þá í rjettinum Ólafur Þorvaldsson.
Fyrir vitnið voru lagðar spurningarnar á rskjalinu
Nr. 4 og ennfremur lesnar upp spurningar til
hans í rskjali Nr. 3 og framburður hans.
Vitnið svarar spurningunum á rskjali Nr. 4
þannig:

ad 1. spurningu: 79 ára að aldri.
—"— 2 —"— : Vitnið kannast við að framburður þessi, sem dómarinn las upp fyrir því, sje sannur í alla staði.

Vitnastefndi bað þessar gagnspurningar lagðar fyrir vitnið:
1. Hverjir sögðu vitninu, að hinn umgetni lækur hjeti Mark- eða Merkilækur, og hefir vitnið eigi heyrt neitt annað nafn á honum.
2. Er vitninu eigi kunnugt, að landið frá Murtulæk, sem vitnið nefnir Mark eða Merkjalæk ut af (sic) Gelgjutanga, hafi óátalið af Kleppseigendum, verið notað við veiðarnar í Ár-ósunum eptir því sem þörf var á af vitnastefnanda eða föður hans.

Þessum spurningum svarar vitnið þannig:
ad 1. spurn. Guðmundur kaupmaður Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Reykjavík, sem seldi víkinni Kleppinum, nefndi landinn Mark eða Merkilæk og segir vitnið, að lækurinn hafi almennt verið kallaður svo. Vitnið segist eigi hafa heyrt hann nefndan öðru nafni.

Ad 2. spurn: Vitnið segir, að meðan það átti Kleppinn var D. Thomsen eigi orðinn eigandi að veiðunni í Elliðaánum, og segist vitnið hafa notað land þetta og engirnn annar, en því sje alveg ókunnugt um það eptir að það seldi Kleppinn. Vitnið bætir við, að engin veiði hafi verið stunduð í vogunum, (nema) kolaveiði af hans hendi.

Eptir lögleg undirbúning vann vitnið Ólafur Þorvaldsson laganna eið að framburði þeim, sem hann hefur gefið fyrir rjetti í dag.

Vottar: Fresta eigi fyrir tekið. Málspartar:
Magnús Brynjólfsson Rjetti slitið. Páll Briem
Guðm. Helgason. Franz Siemsen. Guðl. Guðmundsson.

Ár 1890, hinn 24. júní var merkjadómur Kjósar og Gullbringusýslu settur að Bústöðum og haldinn af sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnunum: Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá tekið fyrir

Málið Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen

út af landamerkjum milli Klepps og Bústaða

Mætti varaysfirrjettarmálfærslumaður Páll Briem

af hendi stefnanda, og hinn stefndi persónulega.
Var ákveðið að byrja merkjagönguna við þrí steina

Frekara eigi fyrirtekið

Rjetti slitið    Páll Briem
Franz Siemsen. W. Th. A. Thomsen
Þórður Guðmundsson G. Gíslason. Þ. Runólfsson
Halldór Jónsson.

Ár 1890 hinn 25. júní var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur á bæjarþingstofunni í Reykjavík, og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið:

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Kaupmanni W. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Klepps og Bústaða

Dómendur með málspörtum hafa í gær riðið á merki milli jarða þessara og kynnt sjer þau. Fyrirtekt málsins var frestað þangað til í dag eptir samkomulagi milli hlutaðeiganda.

Af hendi stefnanda er mættur yfirrjettarmálfærslumaður Páll Briem. Stefndi er persónulega mættur. Umboðsmaður stefnanda skilar aptur skjölum málsins. Nr 1-4 og leggur fram sókn í málinu, dags. í gær með 11 fskjölum. Skjöl þessi auðk. Nr 5-16 og hljóða svo:

Nr. 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

# W. Th. A. Thomsen.

út af landamerkjum Klepps og Bústaða

Um leið og jeg skila aptur skjölum málsins leyfi jeg mjer að leggja fram eptirfylgjandi skjöl er fylgja hjer með:

1, Nótarialgjörðir úr Reykjavík 14. júní 1859 um framburð Helga Eyjólfssonar um landamerki Klepps og Bústaða.

2, Vitnaleiðsla um landamerki sömu jarða, er fram fór í gær fyrir gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, ásamt áreið og vitnaleiðslu um sömu landamerki, er fram fór fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 14 júní 1859, svo og afstöðu-uppdrátt yfir landamerkin, er þá var einnig gjörður.

3. Brjef W. Th. A. Thomsens 3 júní 1882 til Laugarness og Klepps eigenda ásamt byrjingu á landamerkjum Bústaða.

4, Vottorð Jóhannesar Ólsens og Jóhannesar Zoëga dags. 21. þ.m. með áritunarvottorði Páls Magnússonar dags. 22. þ.m.

5, Vottorð Jóhannesar Oddsonar dags. 22. þ.m.

6. Spurningar til vitnanna Jóhannesar Ólsens, Jóhannesar Zoëga, Páls Magnússonar og Jóhannesar Oddsonar

7, Spurningar til vitnisins Einars bónda á Kleppi og Guðna Einarssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8, Afstöðudráttr af hinu umþrætta landi.

Eins og sjest á hinum framlagða uppdrætti, er jeg hef gjört svo sem jeg veit hann rjettastan til þessað skýra málstað minn, er jeg og mótpartur minn samdóma um, að hornmarkið milli Bústaða og Klepps að vestan sjeu þrísteinar, en úr þeim tel jeg mörkin suðaust-ur í Marða eða Merkilæk, er Thomsen vill kalla Markalæk og svo eptir honum þangað til hann fellur í voginn, fáa faðma fyrir utan Elliðaár kjaptana, þará móti vill Thomsen fara í beina beina stefnu úr þrísteinum á stiká útá Gelgju-tanga, er hann kallar Geldingatanga. Myndar þrætulandið því stóra þríhyrnu með fram sjónum.

Hvað Thomsen hefur fyrir sjer í því, að heimta þetta land undir Bústaði veit jeg ekki, enda mun krafan ekki hafa neitt við að styðjast.

Það sem jeg hef fyrir mjer, er meðal annars framburður Helga heitins Eyjólfssonar í Grjóta, er hann bar undir eiðstilboð fyrir notarialrjetti Reykjavíkur h. 15. júni 1859. Faðir Helga hafði búið á Bústöðum, og þar hafði Helgi verið á ungdómsárum sínum, og búið þar seinna í mörg ár. Þegar vitnisburðurinn var gefinn af Helga undir eiðstilboð var hann 84 ára gamall og gat því munað langt fram, og kemur framburður hans alveg heim við það, sem jeg held fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur hef jeg fyrir mjer framburð vitna, er báru um merkin alveg samhljóða því, sem jeg segi um það, undir eiðstilboð fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, er haldinn var á morgunnum h. 14 júní 1859. Eitt af vitnunum, Ólafur Þorvaldsson í Hafnarfirði hefur í gær staðfest framburðinn með eiði fyrir gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu.

Þá legg jeg enn fremur fram vottorð þeirra Jóhannesar Olsens, Jóhannesar Zoëga og Páls Magnússonar og Jóhannesar Oddssonar, sem alveg koma heim við merki það, sem jeg held fram, og vona jeg, að hinum heiðraða rjetti gefist kostur á að heyra framburð þeirra í rjettinum, ásamt framburði Einars bónda á Kleppi, er jeg hef talað við, og segir hið sama um merkin og notkun landsins, sem hjer á að dæma um, eins og hinir.

Jeg skýrskota til þessara vottorða, og vona jeg að hinn heiðraði rjettur líti á það, hverju krafa Thomsens er fjærri öllum sanni og dæmi hann til að greiða Reykjavíkur bæjarstjórn sem stefnanda þessa máls, kostnað málsins, sem að öllu samtöldu er ekki lítill

Jeg vil svo eigi að svo stöddu fara frekari orðum um málið; vottorðin sýna, hvernig málstaður minn er, og jeg vona að hann verði enn ljósari við vitnaleiðsluna fyrir rjettinum.

Að öðru leyti geymi jeg mjer rjett til að fara það fram hjer eptir, sem jeg álít þörf á, og með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrsluna til þess sem jeg hef tekið fram gjöri jeg minar

Rjettarkröfur:

1. Að landamerki Bústaða og Klepps verði ákveðin úr þúfusteinum suðaustur í uppsökin á Markalæk, er Thomsen kallar Murtulæk og eptir farveg lækjarins þangað til hann fellur í Elliðaárvog og skammt fyrir utan Elliðaárkjaptana.

2. Að eigandi Bústaða, Kaupmaður H. Th. A. Thomsen ~~verði~~ skyldaður til að greiða stefnanda sanngjarnlegan málskostnað eptir mati merkjadómsins.

Legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 24. júni 1890

Virðingarfyllst.

Páll Briem.

Til

Dómsins um landamerki Bústaða og Klepps.

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25 júni 1890

Franz Siemsen

## Nr. 6.

Villhjálmur Finsen

Cancelliráð, Landfógeti yfir Íslandi, Bæjarfógeti og Notarius publicus í Reykjavíkurbæ

Kunngjörir: að ár 1859, miðvikudaginn hinn 15. júni, var hinn reglulegi Notarius publicus í Reykjavíkurbæ, Cancelliráð V. Finsen, með vottum Th. Bjarnasyni og Ásmundi Sig-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

urdstyri, tilstadar í bænum Grjóta, tilheyr-
andi Helga Eyólfssyni, til þess eptir beidni mála
flutningsmanns J. Gudmundssonar í brjefi í
dag, að leggja fyrir tjedan Helga Eyólfsson ýmsar
spurningar, áhrærandi landamerki jardarinnar
Klepps í Seltjarnarneshreppi. Ofannefnt brjef
var framlagt undir Nr. 1. svolátandi.

Nr. 1.

Þjer gerdist eg, vegna sameigenda Laugarnes
og Klepps fyrir vitnaleidslu fyrir þingvitnarjetti
ad Bústödum um landamerki jardarinnar Klepps
að sunnanverdu, eda svo langt Kleppsland nædi
sudureptir, í því skyni, að hafa þetta þingvitni til
styrkingar í máli því, er kaupmadur Th. A Thom-
sen hefir höfdað á hendur sameigendunum, út
beitu tekjurjetti fyrir tilteknu svædi af Klepps
landi, hverju máli þeir hafa nú skotið til
hins Konunglega yfirdóms.
Gamalmennið Helgi Eyólfsson í Grjóta, sem
hefir búið bædi á Kleppi og á Bústödum, næstu
jörð fyrir sunnan, hafdi lofað mjer að mæta
ótilkvaddur við þingvitnarjettinum í gær; nú þegar
til átti að taka var hann lagstur veikur, og ligg-
ur nú í rúminu. Af því vitnisburdur þessa
manns í tjedu máli er mjög svo merkilegur og
áríðandi, er (sic) hann er fjörgamall svo eigi
má vita á hverri stundu hann kunni að missa
við, þá leyfi jeg mjer hjermed, að bidja ydur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

herra Cancellíráð! þegar í dag að taka, sem notarius publicus, vitnisburð hans, áhrærandi fyrgreint málefni, og er auk hinna vanalegu spurninga um aldur hans, og hve mörg ár hann hafi búið á Bústöðum og Kleppi, og hve langt sje síðan, einkum áhrærandi eptirfylgjandi atriði, er jeg óska að sjeð takið skýrslu hans og vitnisburð um.

1, Hver sje landamörk jarðarinnar Klepps að sunnanverðu, eða hve langt Klepps land nái suður eptir.

2, Hvort hann hafi heyrt skipt nokkrum vafa eða mótmælum um þau landamerki, er hann tilgreinir, einkum niður við voginn, þar sem Markækur fellur út í Árkjaptana.

3) Að hann lýsi, að því, sem hann getur, eða man Marklæk eða Merkjalæk, einkum þar og þar í kring, sem hann fellur til sjávar, og hvort þar í nánd sje um annan læk að villast.

4) Að hann greini frá því, hvort tangi sjá í Kleppslandi, sem skagar austur í voginn, skammt fyrir norðan Marklæk, hafi nokkru sinni svo hann viti eða þekki verið nefndur öðru nafni en Gelgjutangi.

Að endingu vil jeg biðja hann spurðann um um, hvort hann væri eigi fús á að staðfesta með eiði þann framburð sinn, er hann ber fram fyrir yður um hjeraðlútandi atriði, ef hann kæmist aptur til heilsu, og ef þess yrði þá krafist.

Reykjavík, 15 júní 1859

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með virðingu
Jón Guðmundsson

Til
Herr Notarius publicus í Reykjavík
Framlagt við Notarialgjörð í Reykjavík 15. júní 1859
V. Finsen.

Málaflutningsmaður J. Guðmundsson var mættur. Helgi Eyólfsson var tilstaðar, liggjandi í rúminu, en hefir þó klædt í dag; gjet hann, að gefnu tilefni í Gjöri, að hann væri með fullri rænu og ráði til að svara þeim umræddu spurningum; kvaðst hann vera löglega 85 ára að aldri og segist hafa farið að Bústöðum í Seltjarnarneshreppi með foreldrum sínum, þegar hann var 20 ára að aldri, og dvaldist hann þar í 6 ár; þá fór hann að Hvammkoti og var þar í 12 ár; þaðan fór hann að Kleppi og bjó þar í [illegible] ár; 3 [illegible] eptir að Bústöðum og bjó þar í 7 ár Aðöðru leyti gaf hann svo látandi svör til hinna framsettu spurninga, eptir að þær höfðu, hver um sig, verið lesin skýrt upp fyrir honum úr hinu framlagða brjefi.

til 1^stu^ Spurningar: Svar: Kleppsland nær suður að Marklæk; þetta veit hann eptir því, sem hefir almennt heyrt talað, og veit hann ekki til að neinn vafi hafi nokkurntíma á því verið; úr Marklæk eru landamerkin uppí Þrísteina.

til 2^ar^ Spurningar: Svar: Nei;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til 3ju Spurningar: Svar: Á þeim stað er ekki um neinn annan lát að villast; Markklettur rennur úr Sogunum ofaní jarðföllin, og þaðan útí Elliðaárvoginn, neðan til við hólmana, norðan undir Melshorni.

Til 4du Spurningar: Svar: Nei

Að síðustu gjet Helgi Eyólfsson að gefnu tilefni í Gjöri, að hann sje fús á að staðfesta með eiði þenna sinn framburð, eins og hann nú var fyrir honum upplesinn úr bókinni, ef þess yrði krafist.

Framanskrifað var upplesið og viðurkennt rjett bókað.

Frekara var ei að fyrirtaka. Gjörðinni lokið.

V. Finsen

Jón Gudmundsson. Th. Bjarnason. A. Sigurdsson.

" " "

Til staðfestu undir mínu hendi og embættisinnsigli.

Borgun fyrir notarialgjörðina . . . . 80s
staðfesting á þessari útskript . . 20
1rd 4s
einn ríkisdalur 4 s.s.
V. F.

V. Finsen
(L. S.)

Nr. 9

Lagt fram í hinum kgl. yfirdómi á Íslandi, dag 20 júní 1859
V. Finsen
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25 júní 1890

Franz Siemsen.

Nr. 7/

Sjá rjettarhald 23 júní 1890. Lagt fram í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25 júní 1890

Franz Siemsen.

Nr. 8.

Páll Melsted

settur sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslum

Kunngjörir: að ár 1859 þriðjudag 14. júní var Kjósar og Gullbringusýslu aukahjeraðsrjettur settur og haldinn að Bústöðum af hinum setta sýslumanni í tjeðum sýslum Páli Melsteð í viðurvist undirskrifaðra votta til þess eptir beiðni landyfirrjettar procurators Jóns Guðmundssonar að fyrirtaka áreiðargjörð og vitnaleiðslu á landamerki jarðarinnar Klepps að sunnanverðu. Dómarinn framlagði stefnu til þessarar áreiðargjörðar og vitnaleiðslu dagsetta 31 Maí þ. á. undir sinni hendi og embættisinsigli, áteiknaða um löglega birtingu fyrir hinum stefnda kaupmanni Hr. Th. A. Thomsen í Reykjavík. Stefnan er þannig hljóðandi:

Páll Melsteð

settur sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslum

sic Gjöri vitanlegt: að sameigendur jarðanna Laugarnes og Klepps, sem hafa áfrýjað fyrir yfirdóminum þessarar sýslu aukarjettardómi frá 12. nóv. f. árs, í máli, er eigandi laxveiðarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Elliðaánum, Kaupmaður W. Th. A. Thomsen í Reykja-
vík, er einnig á jörðina Bústaði, sem liggur nært
fyrir sunnan Klepp, hefur gegn þeim höfðað út af
beitulegjurjetti fyrir svæði því vestantil í Elliðaár-
vognum, er liggur milli örnefnanna Merkilækjar
og Gelgjutanga - hafa tjáð mjer, hvernig þeir finni
sig knúða til að stefna til áreiðargjörðar og taka
þaraðlútandi þingvitni, til þess að framlagt
verði fyrir hinum Kgl. yfirdómi í tjeðu máli,
um það, að þetta svæði, er nú var nefnt, liggi
eins og stefnendurnir meina, fyrir landi jarðar-
innar Klepps, eða með öðrum orðum að land
þeirrar jarðar nái inn með vognum, allt suður til
svo nefnds Merkilækjar eða Marklækjar, þar
sem lækur þessi fellur út í Voginn eða Árkjapt-
ana.

Fyrir því stefni jeg nú með lagafresti, fyr-
nefndum eiganda laxveiðarinnar í Elliðaánum
og jarðarinnar Bústaða í Seltjarnarneshreppi,
Kaupmanni W. Th. A. Thomsen í Reykjavík,
til þess að mæta fyrir aukahjeraðsrjetti Gullbringu-
sýslu, þriðjudaginn 14. júní næstk. 1859, fyrstum
dagmálabil á sjálfum þrætustaðnum innvið Elliða-
árvoginn eða Árkjaptana að vestanverðu, til
þess að sjá löglega áreiðargjörð fram fara á
landamerki jarðanna Klepps og Bústaða, og þar
yfirgjörðan uppdrátt eða afstöðumálverk, en síðan,
að áreiðargjörðinni aflokinni, fyrir þingvitna-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rjetti, sama dag, er haldinn verður á þingstofu Reykja-
víkur bæjar á þeim tíma dagsins, er nú kvamar
verður um samið og á kveðið um lok áreiðargjörðar-
innar, til þess að heyra þar framburð vitna, stefndra
og óstefndra eptir framlögðum spurningum og upp-
bornum af vitnastefnanda, um þau landamerki, sem
haldin hafa verið og enn sje haldin milli jarðanna
Bústaða og Klepps, og til að heyra vitnin staðfesta
þann framburð sinn með eiði.
Lögdagslegging er afleidin með tilskipun 3. júní 1796.
Stefnu þessari, sem út er gefin á skrifstofu
Kjósar og Gullbringusýslu, Reykjavík 31. maí 1859
er til staðfestu undir mín hönd og embættis-
innsigli.

P. Melsteð
stv.
(L. S.)

Ár 1859, þriðjudaginn 31. maí höfum við undir-
skrifaðir stefnuvottar hjer í Reykjavíkurbæ birt
þessa stefnu kaupmanni H. Th. A. Thomsen
í Reykjavík persónulega í hans krambúðar-
húsi kl. 4 e. m.
Þetta vitnum við í krapti okkar aflagða stefnu-
votta eiðs með nöfnum og signetum.

C. P. Steenberg. Th. Bjarnason
(L. S.) (L. S.)

Stefnubirting 36 - þrjátygi og sex skild.

Th. B.

Að framanskrifaðir menn C. P. Steenberg og Th.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarnason sjeu eidsvarnir stefnuvottar í Reykjavíkur-
bæjar umdæmi vottast hjer með.

Borgun 12ß Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 14. júní 1859
V. Finsen.
tólf skild. (L. S.)

V. F.

Lagt fram í Auka rjetti að Búðstöðum 14. júní 1859.

P. Melsted.

ct.

Dómarinn ásamt með sínum tilkvöddu vottum, samt procurator Jón Gudmundsson mættu afliðandi dagmálum í dag um við Árkjaptana, og biðu þar kaupmanns H. Th. A. Thomsens, eða þess er hann sendi af sinni hendi, meir en eina klukkustund, skoðuðu það landlagið og settu það á sig svo nákvæmlega sem þeim var unnt, og bjó rjetturinn þar til uppdrátt yfir landlagið með vogunum, sem Elliðaárnar renna í, og yfir útfall þeirra í sjóinn, samt yfir læk þann, er þeir viðstöddu menn kalla Marklæk eða Merkilæk, hver uppdráttur var nú í rjettinum lagður fram og áteiknaður. Vitnin Guðrún Pálsdóttir, Einar Einarsson múrari, Guðni Einarsson samt Ólafur Þorvaldsson, sem öll voru góð~~fús~~viljuglega mætt og án stefnu, voru tilstaðar niður hjá þeim svo kallaða Mark eða Merkilæk, og litu þar yfir landslagið til beggja hliða til að átta sig á því og segja sjer hvað eina

Þeim vitnum óskaði procurator Jón Guðmundsson, sem Kleppseigendanna og sjálfs síns vegna mætti,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að verða yfirheyrð eptir þeim spurningum, sem hann ætlar sjer hjer fram að leggja. Og þareð hinn stefndi hvorki mætir nje lætur mæta, svo óskar vitnastefnandinn að vitnaleiðslan fari hjer nú þegar fram á staðnum, um hvað rjetturinn ekki finnur ástæðu til að neita honum, jafnvel þó í stefnunni hafi verið gjört ráð fyrir að vitnaleiðslan fari fram í dag í þinghúsi bæjarins eptir nákvæmari samkomulagi milli vitnastefnandans og hins stefnda.

Því næst lagði vitnastefnandinn fram spurningar til vitnanna dagsettar í dag, þannig látandi:

## Spurningar

til vitnanna Guðrúnar Pálsdóttur, Einars Einarssonar og Guðna Einarssonar.

1. Hvað eruð þjer gamall (gömul)?
2. Hafið þjer á fyrri árum yðar átt heimili hjer á Seltjarnarnesi, nálægt jörðinni Kleppi? Hvar? Hve lengi? Eru mörg ár síðan?
3. Hvað heyrðuð þjer þá sagt eða vissuð til um landamerki jarðarinnar Klepps að sunnanverðu, eða um það, hve langt að land jarðarinnar Klepps nær suður eptir?
4. Hafið þjer fyrr eða síðar heyrt þessi landamerki vefengd eða önnur vera haldin?
5. Er ekki lækurinn, sem þjer sáuð í dag í viðurvist rjettarins, og sem fellur niður í botninn á Árkjóptunum norðan undir háa melnum, sá sami Markalækur eða Merkilækur, sem þjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafið heyrt og vitað haldinn sem landamerki Klepps að sunnanverðu

Reykjavík 14. júní 1859.

Jón Guðmundsson.

Lagt fram fyrir aukarjett að Bústöðum 14^de^ júní 1859.

vitnar
Páll Melsteð
etc.

1/ Mætti þá fyrst fyrir rjettinum vitnið Guðrún Pálsdóttir, ekkja, í Skildinganesi, áminnt um helgi eiðsins og að bera samhljóðanum vitni, svarar hún nú til þeirra upplesnu spurninga þannig:

ad 1.: 48 ára gömul.

ad 2: Já. Eg átti heima hjer á Bústöðum í ellefu ár hjá föður mínum Páli Eyvindssyni bónda á Bústöðum, og síðan eg fór hjeðan eru 22 ár.

ad 3. Eg heyrði ekki annars getið um það, en að Kleppsland næði að svokölluðum Markalæk.

ad. 4: Nei

ad. 5: Jú.

Upplesið, ratihaberað, vikið frá rjetti.

2/ Vitnið Einar Einarsson múrari kallaður inn fyrir rjettinn, áminntur um að bera samhljóðanum vitni, framber:

ad 1: 43 ára

ad 2: Já í Laugarnesi, þar var jeg 7 ár sem smaladrengur, síðan eg fór þaðan eru 24 ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad. 3. Eg heyrði aldrei um annað talað, en að land Klepps næði að þeim læk sem við stóðum hjá í dag, sem kallaður er Marklækur.

ad. 4: Nei, og hefi eg þó altaf síðan átt heima í Reykjavík, og er kunnugur hjer inn um þetta landlag.

ad. 5: Já

Uppleið, ratihaberað, vikið frá rjettinum.

3/ Vitnið Guðni Einarsson inn kallaður og áminntur um að bera sannleikanum vitni, framber:

ad 1. : 38 ára

ad. 2 : Já, hjer á Bústöðum í 12 ár, og síðan eg fór þaðan eru 24 ár; síðan hefi jeg verið í Reykjavík og kunnugur hjer inn um

ad. 3. Að þessum Marklæk, sem við komum að í dag.

ad 4. Ekki nema af Ditlev heitnum Thomsen, hann þóttist eiga í þennan Gelgjutanga, sem hann kallaði.

ad. 5. Já.

Uppleið, ratihaberað, dimissus.

Eptir ósk vitnaskefnandans voru síðan þeim 3 vitni, Guðrún, Einar, Guðni aðspurð þau hefðu heyrt tanga þann í Kleppslandi, skammt fyrir norðan Marklæk, nokkru sinni nefndan annað en Gelgjutanga?

Svara þau þar til: að þau hafi ekki heyrt hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kalladan annað en Gelgjutanga, nema hvað vitnið Guðni Einarsson segist hafa heyrt Ditlev heitinn Thomsen kalla hann Geldingatanga og eigonamnan.

Dómarinn spurði eptir ósk vitnastefnandans, þessi 2 vitni að, hvort þau treystu sjer til að staðfesta framburð sinn með lagamna eiði, og svöruðu þau hiklaust já til þess.

Upplesið, játað rjett bókað, vitnum vikið frá rjetti.

Þessu næst mætti fyrir rjettinum Ólafur Þorvaldsson hreppstjóri í Hafnarfirði, og tilhlýðilega áminntur um sannsögli og eið, svarar hann til þeirra framlögðu og upplesnu spurninga, er svo voru hljóðandi

Spurningar
til hreppstjóra Ólafs Þorvaldssonar í Hafnarfirði

1.) Eruð þjer gamall?

2) Eru mörg ár síðan þjer keyptuð jörðina Klepp, og áttuð þjer hana í mörg ár?

3) Bjugguð þjer þessi árin á Kleppi?

4) Með hvaða landamerkjum að sunnanverðu var jörðin yður seld, eða hvað langt suður eptir var yður sagt að Kleppsland næði, og hver landamerki að sunnanverðu fylgduð þjer á meðan þjer voruð þar?

5) Var nokkur vafi svo þjer vissuð eða heyrðuð um þessi landamerki, eða var nokkrum mótmælum hreift um þau af hendi næsta jarðeiganda,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á meðan þjer voruð á Kleppi eða áttuð þá jörð. Eða vissuð þjer eða heyrðuð þjer fyr eða síðar nokkurn vafa um þau landamerki?

9. Er ekki lækurinn, sem þjer sáuð í dag í viðurvist rjettarins og sem fellur niður í botninn á Ár-Kjópunum norðanundir háa melunum, sá sami Markalækur eða Merkilækur, sem þjer hjelduð og vissuð haldinn sem landamerki Klepps að sunnanverðu?

Reykjavík 14. júní 1859
Jón Guðmundsson

Lagt fram fyrir aukarjetti að Bústöðum 14 júní 1859
P. Melsted
cti.

Svörin:

ad 1: 47 ára

ad 2: Síðan eru 17 ár, en 15 síðan eg seldi

ad 3. Þrjú (tvö) 2 ár, sem eg átti Kleppinn bjó jeg þar.

ad 4. Mjer var seld jörðin Kleppur með landamerkjum frá þessum Marklæk og uppí Prestinu, og með þeim sömu seldi Kleppinn frá mjer aptur, og þeim landamerki að sunnanverðu hjelt jeg meðan eg var á Kleppi.

ad 5. Nei enginn. Þar um var alls enginn vafi og engum mótmælum hreift.

ad 6. Jú. Það er sá sami lækur sem jeg hjelt vera landamerkjalæk, eða heyrði vera landamerki Klepps að sunnanverðu.

Rjetturinn spurði eptir ósk vitnaleiðandans vitnið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að, hvort það hefði heyrt þann tanga, sem skagar austur í voginn norðvestur fyrir norðan Markhól, gegnt Árbæjarhöfða, og svarar vitnið þar til, að það hafi aldrei heyrt hann kallaðan annað en Gelgjutanga.

Framburður þessi var vitninu síðan upplesinn, og kvaðst það fúst á að staðfesta hann með eiði, hve nær sem krafist yrði.

Að svo stöddu kvaðst vitnastefnandinn ekki óska að vitni þau, sem nú hafa verið yfirheyrð, verði leidd í eið, þareð mótpartarinn hafi ekki mætt.

Vitnastefnandinn óskaði útskriftar af því sem fram hefði farið hjer í rjettinum.

Því næst var rjettinum sagt slitið og bókin undirskrifuð.

P. Melsted
Cfn.

Jón Guðmundsson
vottar
Guðjón Jónsson Gísli Ólafsson
handsalað.

Þessu til staðfestingar er nafn mitt og embættisinnsigli

P. Melsted
Cfn.

Lagt fram í hinum Kgl. yfirdómi á Íslandi 20. júní 1859
V. Finsen
settur

Borgun: Vitnaleiðslan " - 64 s
Útskriftin " - 72
Staðfestingarinnsigli 20
= 1 - 60 s
Einn ríkisdalur sextíu skild. R.M.
borg.
P. Melsted

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 23 júní 1890.

Franz Siemsen

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890

Franz Siemsen

⁒. Nr. 9 (Afstöðuuppdráttur)

fylgir hjermeð

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

Nr. 10.

Samkvæmt landamerkjalögunum af 17^da^ marsmánaðar þ. á. ber hverjum jardareiganda að skrásetja nákvæma lýsing á landamerkjum jarðar sinnar eins og hann veit þau rjettust.

Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer sem eigandi jarðarinnar Bústaða í Seltjarnarneshrepp að senda yður lýsingu á landamerkjum þessarar jarðar, til þess að þjer sem eigendur að landi á móts við mig, meðáleiðum yðar látið í ljósi, að lýsingin sje rjett, að svo miklu leyti sem landamerki jardar yðar Laugarness og Klepps snertir.

Reykjavík 3^ja^ dag júním. 1882

H. Th. A. Thomsen.

Til

Laugarness og Klepps eiganda

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Nr. 11.

Lýsing á landamerkjum Bústaða
liggjandi í Seltjarnarneshrepp, Gullbringusýslu.

Úr Blesugróf í hádegisskurð, sem liggur fyrir sunnan Bústaðabæ, þaðan í Lómatjörn. Úr Lómatjörn í Klofnings-steina, þaðan og í stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg; þaðan í Bústaðaborg. Úr Bústaðaborg sjónhending í Þrísteina; þaðan í Geldingatanga og svo með sjónum og suðuránni (vesturánni) upp að Skorarhyl, stóri fossinum í suðuránni, líka kallaður Stórihylur.

Lagt fram á merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890
Franz Siemsen.

## Nr. 12.

Vjer undirritaðir Jóhannes Zoëga og Jóhannes Olsen, sem báðir erum 67 ára að aldri og fæddir og uppaldir í Reykjavík, vottum hjermeð, að vjer höfum heyrt gamla menn segja, án þess að þar kæmi nokkur tvímæli á, að Markalækur, sem kaupmaður Thomsen kallar Murtulæk, en sem gamlir menn aldrei kölluðu því nafni, og fellur í sjóinn fá faðma fyrir utan Elliðaárkjaptana, væri landamerkjum milli Bústaða og Klepps, og sömuleiðis vottum vjer, að eldri menn töldu Kleppsland ná að minnsta kosti í Þrísteina og inn þeim í Markalæk.

Reykjavík 21. júní 1890
Jóh. Olsen. J. Zoëga

Hið sama votta jeg undirritaður Páll Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um ofangreind landamerki

Reykjavík 22. júní 1890.

Páll Magnússon.

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

Nr. 13.

Jeg undirritaður Jóhannes Oddsson, sem er 61 árs að aldri og hef búið á Bústöðum í Seltjarnarneshreppi í 18 ár, nefnilega frá 1860 til 1867 og 1871 til 1882, votta hjermeð, að jeg hjelt landamerki Bústaða og Kleppi í Marbakka, sem jeg ennig heyrði einhvern Thomsen kalla Murtulæk og fellur í sjóinn fáa faðma fyrir utan Elliðaárkjaptana, og úr Marbakka í Prísteina, og varði Einar bóndi á Kleppi að þessum merkjum.

Þetta vottorð er jeg reiðubúinn að staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Reykjavík 22 júní 1890.

Jóhannes Oddsson.

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

Nr. 14.

Spurningar

til vitnanna Jóhannesar Olsens, Jóhannesar Zoëga, Páls Magnússonar og Jóhannesar Oddssonar allra í Reykjavík

Kannast vitnið við hið framlagða vottorð, sem undirskrifað er með nafni þess, og að efni þess og innihald sje samhljóðanda samkvæmt að því er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vitnið bert veit?

Reykjavík 24. júní 1890.

Páll Briem.

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

Nr. 15

Spurningar

I til vitnisins Guðna Einarssonar í Reykjavík.
Kannast vitnið við framburð sinn fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 14. júní 1859, og að framburður hans sje samhljóðanum sem konar?

II. til vitnisins Einars Bjarnasonar bónda á Kleppi.

1, Hvað er vitnið gamalt?

2, Hvað heitir lækurinn, sem rennur úr Sogunum austur í Elliðaárvoginn rjett fyrir utan Elliðaárkjaptana, og hverja man vitnið að hafi kallað lækinn svo?

3, Hefur vitnið heyrt að Kleppsland næði að þessum læk?

4, Hefur vitnið notað landið frá Gelgjutanga og inn að Þrísteinum og umtöludum læk.

Reykjavík 24. júní 1890.

Páll Briem.

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890

Franz Siemsen.

/. Nr. 16 (Afstöðuuppdráttur)

fylgir hjer með.

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. jún.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í 1890.

Franz Siemsen.

Því næst óskar hann að vitnaleiðsla fari fram fyrir í dag í málinu.

Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Ólsen. Vitni þessu var sýnt rskjal Nr 12, sem var uppleisið fyrir því, kannaðist það við að hafa með undirritað það, og vera fúst á að staðfesta framburð þann, sem það inniheldur með eiði, ef yrði krafist. Málspartar fráfjellu eiðfestingu vitnisins. Stefndi bað vitnið spurt að því, hvort vitnið hafi heyrt, að menn vildi Klappsland (sic) og Bústaða væri úr Þrísteinunum og í upptökin á Mörku eða Murtulæk eða í Lækjarmynnið?

Þessu svarar vitnið þannig, að það hafi eigi heyrt annað, en að merkin væru úr Þrísteinunum og í upptökk lækjarins, og svo rjeði lækurinn mörkum ofan í sjó. Þennan framburð sinn vill vitnið einnig staðfesta með eiði, ef þess yrði krafist.

Málspartar fráfjellu eiðfestingu vitnisins. Uppl. staðfest, vitnið vjek úr rjetti.

Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Zoëga. Vitninu var sýnt rskjal Nr. 12 og það uppleisið fyrir því. Kannast það við, að hafa með-undirritað það, og er fúst á að staðfesta framburð þann, sem það inniheldur, með eiði, ef þess yrði krafist.

Málspartar fráfjellu eiðfestingu vitnisins.

Stefndi bað þessa spurningu einnig lagða fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta vitni: hvort vitnið hafi heyrt að merkin milli Kleppslands og Bústaðalands væri úr Prísteinum og í upptökin á Merkja eða Murtulæk eða úr Prísteinum og í lækjarmynnið. Vitnið svarar þessu þannig að það hafi heyrt að línan væri úr Prísteinum og í Merkjalæk og svo niður með honum, en vitnið veit eigi, hvar í Merkjalæk línan gangi. Vitnið vill staðfesta þennan framburð með eiði, ef þess yrði krafist.
Málspartar frá fjellu eiðfestingu vitnisins. Uppl. staðf. vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Páll Magnússon.
Vitninu var sýnt skjal Nr. 12 og það upplesið fyrir því. Það kannast við að hafa meðundirritað það, og er reiðubúið til að staðfesta framburð þann, sem það inniheldur með eiði ef þess yrði krafizt.
Stefndi bað þessa spurningu einnig lagða fyrir þetta vitni: hvort vitnið hafi heyrt, að merkin milli Kleppslands og Bústaðalands væru úr Prísteinum og í upptökin á Merkja eða Murtulæk eða úr Prísteinum og í lækjarmynnið.
Vitnið svarar þessu þannig: að það hafi heyrt að merkin væru í lækinn úr Prísteinum og að hann ræði merkjum ofan í sjó fram.
Málspartar frá fjellu eiðsfestingu vitnis þessa
Upp., staðf., vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Oddsson.
Vitninu var sýnt skjal Nr. 13 og það upplesið fyrir því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það kannaðist við að hafa undirritað það, og er reiðubúið til að staðfesta framburð þann, sem það inniheldur með eiði, ef þess yrði krafist.
Stefndi bað þessa spurningu einnig lagða fyrir þetta vitni: hvort vitnið hafi heyrt, að merkin milli Klepps-lands og Bústaðalands væru úr Þrísteinum og í upptökin á Merkja- eða Murtulæk, eða úr Þrísteinum og í Lækjarmynnið? Vitnið svarar þessari spurningu þannig, að það hafi heyrt að lækurinn ryði mörkum.
Stefndi bað ennfremur þessa spurningu lagða fyrir vitnið: Af hverjum hefir vitnið heyrt það, að lækurinn ryði mörkum milli Klepps og Bústaða?
Vitnið svarar þessu þannig, að það hafi heyrt Guðbjörgu nokkra Jónsdóttir, sem nú er dáin, og ólst upp í Ártúnum, segja að merkin milli Klepps og Bústaða væru úr Þrísteinum og í Merkja- eða Murtulæk og sömu hafi það heyrt Árna sál. Jónsson í Breiðholti segja og fleiri, án þess að vitnið geti tilgreint menn þessa.
Vitnið vill staðfesta þennan framburð sinn með eiði, ef þess yrði krafist. Málspartar frá fjellu eiðfestingu þess. Uppl. staðf.

Mætti þá í rjettinum vitnið Guðni Eiríksson, Vaðlum áminntur um sannsögli
Fyrir vitninu voru upplesnar spurningar þær, sem voru lagðar fyrir það í rjettarhaldi 14 júní 1859 (sjá rskjal Nr ) og svörð þess uppá þær, og vill vitnið staðfesta þann framburð sinn með eiði, ef þess yrði krafist. Uppl. staðf.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefnandi bað þessa spurningu einnig lagða fyrir þett-
a vitni: hvort vitnið hafi heyrt, að mörkin milli
Kleppslands og Bústaðalands væru úr Þrísteinum
og í uppsökin á Merkju eða Merkulæk, eða úr Þrí-
steinum og í Lækjarmynnið? Vitnið svarar þessu
þannig, að það hafi heyrt, að lækurinn gjeri
mörkum milli þessara jarða. Málspartar fráfjellu
eiðfestingu vitnisins. Upp. staðf. Vitnið vjek úr
rjetti.

Mætti þá í rjettinum vitnið Einar Bjarnason
ábúandi á Kleppi.

Fyrir vitninu voru upplesnar spurningarnar í
rskjali Nr. 15 II, 1-4, og svarar það þessu þannig

ad 1. spurn.: 61 árs

ad 2 spurn.: Vitnið segir að þeir, sem hafi sagt því til merkjanna milli Bústaða og Kleppslands, hafi kallað hann Merkjalæk.

ad 3 " " — Vitnið segir að sjer hafi verið sagt, að merkin væru úr Þrísteinum og í Merkjalæk, en eigi nákvæmar til tekið hvar í lækinn

ad 4 " " — Vitnið svarar já við þessari spurningu. Vitnið getur þess framh, að skepnur Bústaðabóndans hafi átölulaust gengið í þessu landi, og segist vitnið hafa varið landið fyrir öðrum en skepnum Bústaðabóndans. Vitnið bætir því við að skepnur frá Kleppi hafi venjulega gengið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í landi þeim, en að landið hafi verið meinalaust af Bústaðabændunum.
Umboðsmaður stefnanda bað enn fremur þessar spurningar lagðar fyrir vitnið.

1, Hafa skepnur frá Bústöðum eigi að jafnaði gengið í því landi, sem vitnið telur Bústaðaland, en ekki í Kleppslandi? þ: landinu milli Þrísteina, Merkilækjar og Gelgjutanga.

2, Þegar skepnurnar frá Bústöðum hafa gengið í Kleppslandi, hefir það þá eigi verið með eins konar samþykki eða samkomulagi milli ábúendanna á jörðum þessum, án þess að vitnið teldi Bústaðabændum hafa rjett til þess.

Þessum spurningum svarar vitnið þannig
ad 1. spurn. . . já
ad 2 —— Vitnið segir, að þetta hafi verið eptir samkomulagi við Bústaðabændurna, án þess að vitnið viti, að hann hafi haft nokkra heimild til að láta skepnurnar ganga í þeim landi.

Vitnið vill vinna eið að þessum framburði sínum, ef þess yrði krafist. Málspartar fráfjellu eiðfestingu vitnisins. Uppl. staðf. vitnið segir rjett.

Stefndi lagði fram:
1, Eptirrit af Kgl. afsalsbrjefi 11 desember 1853 með staðfestri útleggingu.
2, Eptirrit af aukarjettardómi Gullbringu og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjósarsýslu 12 nóv. 1858.
3, Eptirrit af landsyfirrjettardómi 5 dember 1859
4, Útdráttur úr Cancelliforestilling 6. mai 1853 með
staðfestri útleggingu.
5, afstöðuuppdrátt eptir Björn Gunnlögsson
6, Málsútlistun af sinni hendi, dags. igær.
Skjöl þessi audk. Nr. 17-24 og hljóða svo:

Nr. 17.

Kopi.

Vi Frederik den Syvende,
af Guds Nåde Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg.

Gjöre vitterligt at da det ved allerhöjeste Resolution af 11te Maj dette År er tilladt, at det Staten tilhörende Laxefiskerie i Ellida-åe inden Guldbringe og Kjosesyssel under Sönder Amtet på Vort Land Island, må afhændes til Eieren af de til bemeldte Laxelv stödende Jorder, Bústadir og Arbær, islandsk Kjöbmand D. Thomsen, for en Kjöbesum af 1250 Rbd., og han i den Anledning har indbetalt i Vor islandske Jordebogskasse af förnævnte Kjöbesum 450 Rbd, og for de övrige 800 Rbd udstedt en Forskrivning med 1ste Prioritets Panteret i bemeldte Laxefiskerie og 4 p. Ct. årlig Rente til hvert Års 11te December Termin, så skjöde og afhænde Vi hermed

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ved til fornævnte Kjöbmand D. Thomsen meerbemeldte Laxefiskerie i Ellida-åe fra den store Fos ved Gården Arbæ, Storahil kaldet, og indtil udenfor Elvens Munding i Söen mellem Arbæjar-höfda og „Gelgju- eller Geldingatangi," med tilhörende Fiskeredskaber og alle de Rettigheder, som Fiskeriet fra gammel Tid fulgt have, endnu fölge og med Rette fölge bör, så at han i Overeensstemmelse med de om Fiskeriet i Island ergangne eller herefter udgivende Anordninger må gjöre sig samme så nyttig, som han bedst veed, vil og kan.
Thi erklære Vi for Os og Vore Kongelige Arvesuccessorer i Regjeringen ingen videre Lod eller Deel, Ret eller Rettighed at have til ovennævnte Fiskerie, men at samme, som forommeldt, skal tilhöre og fölge fornævnte Kjöbmand D. Thomsen til evindelig Eiendom, dog Os og Vore Kongelige Arvesuccessorer i Regjeringen alle Kongelige Regalier og Höiheder, samt ordinaire og extraordinaire Contributioner, som enten allerede til Os eller offentlig Brug ere påbudne eller herefter påbudne vorde, uforkrænkede.
Iövrigt ere Omkostningerne ved dette Vort Skjödes Thinglæsning, såvelsom hvad andre Omkostninger, deraf nu kunde flyde af nærværende Overdragelse, Os uvedkommende.
Forbydende Alle og Enhver herimod, efter

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

som foreskrevet står Hinder eller i nogen Måde Forfang at gjöre, under Vor Hyldest og Nåde.
Givet på Vort Slot Christiansborg den 11te December 1853.

Under Vor Kongelige Hånd og Segl.

Frederik R.

Gebyr 14 Rbd. 48 Sk. L. S.

C. Christiansson

cont. Fm.

frited

Skjöde

på Laxefiskeriet i Ellida-åe inden Guldbringe og Kjose Syssel under Islands Sönder Amt.

Þinglýst í manntalsþingsrjettinum að Nesi fyrir Seltjarnarneshrepp, þann 6. júlí 1854 og innfært í viðkomandi kaup- og veðmálabrjefabók pag. 250-251 sub Nr. 271.

A. Baumann.

| | |
|---|---|
| Fyrir þinglestur 2. Rdl. | Lesið á bæjarþingi í Reykjavík fimmtudaginn hinn 14 júnímán aðar 1855 og ritað í afsals og veðmála bók bæjarins Litr D. Nr. 130 á 155-157 bls. |
| Fyrir Bókun " 24 ß. | V. Finsen. |
| 1/2 % Gjald 6-24- | Gjald: þinglestur: 2 dr. " ß. |
| = 8 Rdl 48 ß. | bókun 24 ß. |
| átta Ríkisdal. fjórtán átta Skild. | 2 rd. 24 ß.- |
| Baumann. | tveir ríkisdalir 24 Skild. silfurs |
| | 14/6. 1855. |
| | V. Finsen. |

Kopiens nöjagtige Overensstemmelse med Origi-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nalen bekræfter herved notarialiter efter nöjagtig Sammenlæsning.

Notarius publicus i Reykjavik, 18. Júni 1889
Halldór Danielsson

Gebyr 25 –
Femogtyve Øre
betalt
Halldór Danielsson

Sýnt í sáttanefnd Reykjavíkur 7. September 1869
A. Thorsteinsson

Lagt fram í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25. júni 1890

Franz Siemsen.

Nr. 18. (Útlegging á Nr. 17)

✝ fylgir hjer með.
Framlagt í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25 júni 1890.

Franz Siemsen.

Nr. 19.

Útskript

af Kjósar og Gullbringusýslu aukarjettar og dómabók
Ár 1858, föstudag 12 nóvember var Gullbringu og Kjósarsýslu aukarjettur settur og haldinn af hinum setta sýslumanni í Gullbringu og Kjósarsýslum Páli Melsted, voru þá til rjettarins kvaddir sem meðdómsmenn, bændurnir Guðmundur Sigurðsson frá Digranesi, Hans Jónsson frá Hlíðarhól, Þorsteinn Þorsteinsson frá Hvammkoti, Magnús Magnússon frá Kópavogi, sem nú í rjett-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innan ósa þann í N.L. 1-7-2 fyrirskipaða meðdóms-
manna og þingvitna eið, var síðan eptir dómarans
og meðdómendanna sameiginlega áliti kveðinn uppí

Sökinni Kaupmaður W. Th. A. Thomsen

gegn

Eigendum Klepps m. m.

svolátandi

# Dómur:

Sök sú, sem hjer er um að ræða, er þannig undir-
komin að eigendur jarðarinnar Klepps höfðu leyft
mönnum beitutöku (þ. e. að taka kræðling) innísvo
nefndum Árkjöptum eða ósum Elliðaánna, þar
sem þær falla í sjávarvog þann þann, er gengur
inn að þeim millum Gelgju- eða Geldingatanga að
vestan og Árbæjarhöfða að austan. Vogur þessi þorn-
ar því nær uppi um hverja stórstraumsfjöru, út
undir sögð örnefni, svo að farvegur Elliðaánna eptir
Vogsbotninum verður þá skýr og gløggur; en um
stórstraumsfjöru er beitan einkum tekin einsog
gefur að skilja. Kleppseigendur leyfðu tjeða beitutöku
á þessu svæði, af því þeir telja sig eiga land allt með
vognum að vestanverðu inn að Merkjalæk svo nefndum, er
skilji Klepps og Bústaðaland. – En þareð nú eig-
andi Elliðaánna samt Bústaða fyrir vestan og Ár-
bæjar fyrir austan árnar, Kaupmaður W. Th. August
Thomsen, þótti slíkt leyfi og slík beitutaka skerða
eignarrjett sinn og skemma fyrir sjer laxveiðina
í ánum, þá lagði hann lagabann með reglulegri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fógetagjörð 12. dag maímán. þessa árs fyrir alla beitu-tekju í Árkjöptunum og á öllu svæðinu fyrir innan Gelgjutanga og Árbæjarhöfða, framfylgdi síðan laga-banni þessu fyrir sáttanefnd á lögboðinn hátt, og þegar þar komust engar sættir á millum hans og Kleppseigenda, stefndi hann með stefnu dag-settri 26. maí þ. á. sökinni til landslaga og rjettar, og hefir þar krafizt: að fógetagjörðin frá 12. Maí yrði staðfest og eigendum Klepps dæmd óheimil öll beitutekja og allskonar fiskiveiði millum Gelgju tanga og Árbæjarhöfða, og á svæðinu þar fyrir innan, en þar á móti að sjer yrði dæmdur rjettur til allrar þesskonar veiði á nefndu svæði, samt málskostnaður hjá Kleppseigendum. Hinsvegar hafa hinir stefndu krafist: að fógetagjörðin frá 12 Maí þ. á. yrði feld úr gildi, samt að þeim yrði dæmdar tilkvænar skaðabætur og málskostnaður af mótpartsins hálfu.

Þess má geta, að sök þessi var upphaflega höfðuð og flutt á danska tungu, en hlutaðeigendur komu sjer þegar hinn fyrsta rjettardag saman um, að sökin yrði sókt og varin á íslenzku fyrir þessum rjetti, og hefir síðan svo verið gjört.

Það sem hjer kemur fyrst til skoðunar í sök þessari, er hið umgetna lagabann stefn-andans frá 12. maí þ. á. Úrslit málsins virðast vera undir því komin á hvaða ástæð-um lögbannið móti beitutökunni er byggt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það er bæði viðurkennt og sannað, að verjendurnir hafa leyft beitutöku á því umþrætta svæði fyrir innan Gelgjutanga og Árbæjarhöfða, eða í þeim svonefndu Árkjöptum. En það leyfi segjast þeir hafa gefið fyrir þá skuld, að þeir sem eigendur Klepps ætti þar land allt fyrir, sem beitan var tekin framundan; þeir hafi aðeins leyft beitutöku fyrir sínu landi, en ekki fyrir annara. Nú er það að vísu svo, að landeigendur eiga þessi og því um lík hlunnindi fyrir sínu landi, nema þau sje á löglegan hátt fráskilin, en aðgætandi er að í sök þessari er engin vissa komin fram fyrir því, hvað langt Kleppsland nær á þenna bóginn, hvort það nær innað Gelgjutanga, eða um fyrir (neðarfyrir) hann, eins og heldur ekki er nein vissa komin fram fyrir því, hvar hinn svonefndi Murtulækur eða Merkjalækur, eða Marklækur er, því þarum er enn nokkur vafi millum manna. Hlutaðeigendur koma sjer jafnvel ekki saman um nafnið sjálft. En að svostöddu hefir rjetturinn ekki köllun til að skera úr því, hvað hjer eru rjett landamerki eða ekki, en hinsvegar verður þó það atriði svo mikilvægt – það nefnilega, að engin næg sönnun er framkomin fyrir takmörkum Kleppslands á þessa hliðina – að jafnvel það eitt sýnist geta nægt til að fyrirmuna Kleppseigendum rjett til beitutöku á þessu svæði, sem öðrum manni hefur verið fengið mikill og enda einskonar einkarjettur yfir; því þó nú svo væri, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigendur Klepps ætti land allt með Vogunum fyrir innan Gelgjutanga, en hvar Gelgjutangi er að vestan, þar um er enginn vafi, einsog heldur ekki um hitt, hvar Árbæjarhöfði að austan, Þá er þarnæst að meta það, hvort beitutaka þessi á hinu nefnda svæði, raskar ekki betra og sterkara rjetti seljandans. Hann byggir rjett sinn til hins áðurumgetna lagaboðs á Konungl. Afsalsbrjefi frá 11 Des. 1853, með hverju Konungur selur og afhendir undan Krúnunni og tilhanda Kaupmanni D. Thomsen, hvers sonur og einasti erfingi Kaupmaður H. Th. August Thomsen, seljandi sakar þessarar, er, laxveiðina í Elliðaánum, allt frá svonefndum „Stórahyl upp hjá Árbæ og út á Vogum fyrir utan ámynnið millum Árbæjarhöfða og Gelgju- eða Geldingatanga" með öllum rjettindum, sem laxaveiðinni hafa fylgt að fornu. En laxveiði þessi hafði legið undir Konung frá ómuna tíð, og að minnsti kosti síðan 1749 verið leigð ýmsum mönnum móti árlegu eptirgjaldi. Og af þeim framkomnu skjölum í sök þessari, verður ekki annað sjeð, en að þeir menn, sem laxveiðina hafa haft í Elliðaánum, hafi átt óskertan rjett yfir Vogunum allt út að Gelgjutanga og Árbæjarhöfða, enda má nyrðri ánna álítast að ná þangað fram, einsog líka orðið „Árkjaptar" bendir til. En hvað nú viðvíkur þeim rjettindum, sem laxveiði þessari í ánum hafa fylgt, undan Kon-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

unguer átti þar veiði, þá verðist það laust við allan efa, að þau hljóti óumbreytt að vera komin í hendur hins núverandi eiganda Elliðaánna og laxveiðinnar, og sömuleiðis verðist það laust við allan efa, að þessi rjettindi hafa meðal annars hlotið að vera í því innifalin, að aðrir menn tækju sjer ekki það fyrir hendur, sem gæti skemmt og skaðað laxveiðina og gjört hana arðminni fyrir þann er átti hana, enda er það lögunum samkvæmt er segja: L. L. B. Cap LVI að enginn megi annars veiðistöð spilla. En þessi rjettur verður að álíta það víst, að þegar menn eru með báta í ármynninu á því umrædda [þrætta] svæði og þar um kring, þar sem laxinn á að ganga upp árstrauminn og sæti á, og menn eru að veiða þar og leita kræklings viðsvegar fram og aptur með veiðar- og veiðarfærum, þá hlýtur laxinn að styggjast og hverfa frá, og gefa frá sjer að ganga í árnar, og er þá veiðinni spillt, getur rjetturinn ekki annað en fallist á þessa ástæðu sækjandans, sem grundvallaða á hlutarins eðli og þeim rjettindum, sem honum eru heimiluð bæði af landslögum og eignarskjölum. Það verðist þar að auki takandi til greina, að eptir því sem tilhagar á þessu svæði fyrir innan Gelgjutanga og Árbæjarhöfða, þá er auðsjeð, þegar aðgætt er um fjöru, að kræklingurinn er mestur og beitunnar helzt að leita í öllum eystri hluta Vogsins nær eystra landinu, en þar á sækjandans land allt fram á Árbæjarhöfða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og er því hin helzta beitulaða fremur fyrir hans landi en að vestanverðu, hvað einnig kemur heim við þann 7. manna vitnisburð, sem fram hefur verið lagður, eins og einnig er leitt fram á þeim uppdrætti sem gjörður var yfir voginn þar á staðnum þ. 12 Aug. þ.á og fram hefur verið lagður:

Af þeim sem tjeð er tilfært, getur rjetturinn ekki annað fundið, en að stefnandinn hafi haft gylda ástæðu til að leggja lagabann fyrir beitutökuna á því optnefnda svæði, og því eigi þetta lagabann að standa óraskað, eins og þá líka stefnandinn, en aðrir ekki, hljóti að hafa þar fullan rjett til allrar fiskiveiði (sic) og beitutekju meðtaldri.

Að hinu leytinu verður þó ekki nóg ástæða til að dæma verjendur skylda til að greiða sakjanda málskostnað, heldur verður hann eptir kringumstæðunum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Lagabannið frá 12. maí 1858 gegn Kleppseigendum á óraskað að standa, og eigandi laxveiðinnar í Elliðaánum hafa einkarjett til beitutekju allrar fiskveiði millum Gelgjutanga og Árbæjarhöfða og á svæðinu þar fyrir innan. Málskostnaður falli niður

P. Melsted Guðmundur Sigurðsson Hans Jónsson
cli. Þorsteinn Þorsteinsson, Magn. Magnússon

Þessu til staðfestu er nafn mitt og sýslumanns innsigli
P. Melsted
(L. S.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gebyhr: Útskript og Staðfesting 68/
Sextygi og átta Sk.
P. Melsted
borgað
P. Melsted.

Ár 1858, laugardaginn hinn 27 nóvembermánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavíkur bæ birt framanskrifaðan dóm fyrir yfirrjettarmálfærslumanni J. Guðmundssyni persónulega á heimili hans Nr. 6. í Aðalstræti hjer í bænum.
Þetta vottum við í krapti eiðs þess, er við höfum unnið sem stefnuvottar hjer í bænum með höndum og signetum

Borgun fyrir birtinguna 36-
þrátygi og sex-skildingar
Th. B. A. A.

Th. Bjarnason A. Arnason
(L. S.) (L. S.)

Framlagt í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

## Nr. 20.

Justitiarius og hinir aðrir dómendur í hinum Konunglega yfirdómi á Íslandi

Gjöra kunnugt: að ár 1859 mánudaginn hinn 5. december var í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti kveðinn upp
í málinu Nr. 5/1859 Sameigendur Laugarness og Klepps jarða
gegn
Kaupmanni W. Th. A. Thomsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svolátandi

## Dómur:

Með landsyfirrjettarstefnu frá 10. mai þ.á áfrýja Kaupmennirnir Th. Johnsen, W. St. Johnsen, snikkari O. Guðjónsen, tómthúsmaður G. Þórðarson og J. Zoëga, sem forstöðumenn sameigendanna að Laugarnes og Klepps jörðum, dómi, sem genginn er við Gullbringu og Kjósarsýslu hjeraðsrjett þann 12. nóvember næstl. ár, í máli, sem eigandi laxveiðarinnar í Elliðaánum Kaupmaður W. Th. A. Thomsen í Reykjavík hafði hjeraði höfðað með lögbanni frá 12. mai 1858 út af beitu (skelfisks) töku í Elliðaárvogunum milli Gelgju eða Geldingatanga að vestan og Árbæjarhöfða að austan og vognum þar fyrir innan, og var með tjeðum hjeraðsrjettardómi lögbannað (sic) gegn beitutökunni staðfest og eiganda laxveiðarinnar í Elliðaánum dæmdur einkarjettur til beitutekju og allrar fiskiveiði á því umgetna svæði, en málskostnaðurinn látinn falla niður, og hafa nú aðaláfrýjendurnir hjer við rjettinn gjört þá aðalrjettarkröfu, að hjeraðsdómurinn verði dæmdur ómerkur og lögbannið frá 12. mai 1858 fellt úr gildi, en krafist til vara, að hjeraðsdóminum verði þannig breytt, að lögbannið frá 12. mai 1858 verði fellt úr gildi, en Kleppsjörðu dæmdur beitutökurjettur fyrir sínu landi, allt inað Markalæk eða Merkjalæk, eða að eigendur þessarar jarðar, áfrýjendurnir verði frídæmdir fyrir kærum og kröfum hins stefnda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að öðru leyti hafa þeir einnig krafist, að hinn stefndi sem hefur gagnáfrýjað hjeraðsdóminum, verði skyldaður til að greiða þeim í skaðabætur 150 rd eða það, sem óvilhollir dómkvaddir menn meti og málskostnað með 50 rd. –

Gagnáfrýjandinn hefur þará móti krafist, að þau af aðaláfrýjandanum við landyfirrjettinn framlögðu gögn og upplýsingar, nefnil. áreiðargjörð með afstöðuuppdrætti og þarað lútandi vitnaleiðslur frá 14. júní þ. á, svo og nótatökugjörð frá 15. s. m. verði dæmd ógild og hjeraðsdóminum breytt á þá leið, að aðaláfrýjendurnir verði dæmdir til að borga honum 200 rd, eða það, sem nægilegt mætti virðast fyrir allan þann kostnað, umstang og fyrirhöfn, sem þetta málsókn hafi bakað honum, en að hjeraðsdóminum að öðru leyti verði staðfestur.

Hvað þá fyrst aðaláfrýjendanna ómerkingarkröfu snertir, er hún fyrst og fremst byggð á því, að lögbannið frá 12. maí 1858, sem að framan er tilgreint, fari fram á allt annað, en aðaláfrýjendurnir gjöri kröfu til, því þeir hafi aldrei farið fram á að veiða kræklingá því umrædda svæði í Elliðaárvoginum, heldur einungis þeir að orði kveða, að taka hann, draga og losa hann fyrir sunnan (sic) eða Klepps jarðar landi allt innað Markalæk eða Merkjalæk, með skóflum, kvíslum og öðrum verkfærum, og stefni því lögbannið bæði að tak[illegible] og tegund að öllu öðru, en tilefni hafi fyrir gagnáfrýjandann verið til að banna

og hjer við bætist, að gagnáfrýjandinn hafi ekki upphaflega í hjeraði, eins og hann hefði átt að gjöra, lagt fram afstöðuuppdrátt yfir það svæði í Elliðaárvognum, sem lögbannið er miðað við.

Hvað fyrri ómerkingar ástæðuna snertir, getur landsyfirrjetturinn ekki betur sjeð, en að takmörk þrætunnar, að því leyti, sem kröfur aðalafrýjendanna og gagnáfrýjandans koma í bága hvor við aðra, sje einmitt hin sömu, því það verður að álíta sannað, að Marklæður eða Merkilæður sá, sem aðaláfrýjendurnir miða rjett sinn við, sje fyrir innan Gelgju eða Geldingatanga að vestanverðu í Elliðaárvognum, enn fremur að Gelgju eða Geldingatangi, sem eptir hinum framlagða afstöðuuppdrætti er sá eini tangi, sem til er að vestanverðu með Elliðaárvognum og gagnvart Árbæjarhöfða að austanverðu, hljóti að vera einn og hinn sami tangi, án þess það geti til greina komið, að Gelgjutangi sje hið eldra, og að því leyti hið rjettara nafn, því síður sem aðaláfrýjendurnir sjálfir í málinu, auk afsalsbrjefs konungs, hafa gjört það skiljanlegt, hvernig hitt orðið Geldingatangi er undir komið, og loksins að lögbann gagnáfrýjandans innibindur allt það svæði fyrir Kleppslandi, sem hann í máli þessu álítur aðaláfrýjandanum óheimilt til hverskonar veiði, en þótt lögbannið þar að auki nái yfir stærra svæði, en aðaláfrýjendurnir telja til rjettinda á, þá getur slíkt í sjálfu sjer ekki valdið því, að lög-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bannið eða málið fyrir það verði ónýtt, því það er eðlilegt hverju lögbanni, og þá einnig því, sem hjer ræðir um, að menn með því, sje til þess lögleg ástæða, gjöri sig óhulta fyrir ágengni annara, og gagnáfrýjandinn álítur, að hún sje fólgin í því, að aðaláfrýjendurnir, eins og líka er fullsannað, hafi leyft mönnum beitutöku á nokkrum hluta þess svæðis, er hann eignar sjer einum alla veiði og öll rjettindi á. Landyfirrjetturinn getur heldur ekki álitið skoðun aðaláfrýjendanna um tegund þrætunnar í sjálfu sjer annað en misskilning á danska orðinu „Muskling[s]fangst", sem við er haft í lögbanninu, þar sem það þó má virðast auðsætt, að þetta orð tákni eða innibindi Kræklingstekju á því umrædda svæði, með hverju helst móti eða aðferð, sem við er höfð, og því einnig þá veiðiaðferð, sem aðaláfrýjendurnir þykjast eiga heimtu á, með hrífum, skóflum og því líkum verkfærum, og hvað hina síðari ómerkingarástæðu snertir, að afstöðuuppdráttur ekki hafi þegar í upphafi málsins í hjeraði verið lagður fram í málinu, þá er þess að gæta, að eins og aðaláfrýjendurnir ekki hafa áfrýjað hjeraðsdómarans hjer að lútandi úrskurði, þannig einskorðar tilskip. 11. júlí 1800. 20 gr., samanber Canc. bref 16 marts 1799, tilskip. 25. janúar 1805, 27. gr skyldu hlutaðeiganda til þess, að leggja fram afstöðuuppdrátt yfir höfuð að tala við yfirrjettinn, sem ekki getur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gengið (sic) á prætustaðinn.
Af þessari ástæðu sem og af því, að sá hjer umræddi uppdráttur var seinna lagður fram við hjeraðsrjettinn, áður en málið gekk í dóm, getur eigi heldur þessi ómerkingar ástæða til greina komið, því að vísu hafa aðaláfrýjendurnir vefengt rjettargildi afstöðuuppdráttarins, einkum af því, að hann hafi ekki verið tekinn á þeim tíma, sem ákveðinn var um hádegisbil, en þar eð tíminn einsog orðin liggja fyrir, ekki var nákvæmar tiltekinn en svona, verður það auðsætt, að aðaláfrýjendurnir gætu gjört ráð fyrir, að rjettargjörð þessi löglega og eptir málskunni gæti dregist til þess tíma, sem hún fór fram kl. 12½, og hjer við bætist að það verður að álíta sannað, að dómarinn hafi komið til staðar rjett í því umboðsmaður áfrýjendanna fór í burtu sjá skjalið Nr. 5 í rjettargjörðunum.
Málið ber því að dæma í aðalefninu.
Rjettargjörðirnar bera með sjer, að faðir gagnáfrýjandans, Kaupmaður D. Thomsen öðlaðist Konunglegt afsalsbrjef fyrir laxveiðinni í Elliðaánum þann 11. desember 1853 og segir þar svo, að honum sje hjermeð afsöluð laxveiðin í Elliðaánum frá svo kölluðum Stórhyl við Árbæ og út fyrir árósinn í voginum milli Árbæjarhöfða og Gelgju eða Geldingatanga með öllum þeim rjettindum, sem fylgt hafa veiðinni frá gamalli tíð, eru þá fylgi, og með rjettu eigi að fylgja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ad vísu er hjer hvergi beinlínis talað um laxveiði í ánum og út í vaginn út að þeim tilgreindu örnefnum Gelgjutanga og Árbæjarhöfða, sem eins og afstöðuuppdráttunum (sic), sem fram er lagður, sýnir og áður er sagt, eru sinn hvoru megin við vaginn, en þaðer jafnframt ljett í ljós og sannað með hinum framlögðu uppboðsskilmálum fyrir laxveiðinni, að þetta var, meðan veiðin var Konungseign, og því svo lengi sem menn vita til, skilið á þá leið, að þeir, sem tóku laxveiðina að leigu, ættu rjett á því, að banna á því umrædda svæði hverskonar veiði (og undir veiði innibundt sú hjer umrædda kræklingatekja, þó hún ekki fari fram í netum eða öngul, sem aðaláfrýjendurnir virðist eingöngu að kalla veiði) augsjáanlega af þeirri ástæðu, að það var álitið að spilla veiðinni, með því að fæla laxinn frá því, að ganga uppí árnar, og þar sem þessi skoðun og skilningur á málinu átti sjer stað, og þetta gekkst við meðan Konungur átti veiðina (sjá t. a. m. Ltr 6 í undirrjettargjörðunum), þannig hlýtur hið sama enn þá að eiga sjer stað, þar sem veiðirjetturinn í ánum var seldur með öllum þeim kjörum og kostum, sem honum voru samfara, meðan Konungur átti hann, og að þessu leyti kemur það því ei til greina, hvort Klepps jarðarland nær að, eða um fyrir Gelgju eða Geldingatanga, því hvort sem er má eigandi jarðarinnar eigi fremur nú en áður viðhafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

130

neðra veiði, eður aðhafast neitt það, sem spillt geti veiðinni í ánum, af því þetta var bannað meðan Konungur átti veiðina, enda verður ekki annað álitið en að aðaláfrýjendurnir eigi ósannað, að Kleppsjarðar land nái svo langt inn eptir með Elliðaárvogn-um, eins og þeir hafa farið fram á, sem sje inn að Merkilæk eða Marklæk, sem fellur eins og afstöðuupp-drátturinn sýnir, í voginn vestanvert, skammt frá sjálfu árminninu, því þinggvitni það, sem aðaláfrýjendurnir hafa lagt fram við landsyfir-rjettinn, er svo vaxið, að það getur ekki tilgreina komið, því hvorki var gagnáfrýjandi nje neinn fyrir hans hönd viðstaddur, meðan það var tekið, og svo fór vitnaleiðslan einnig fram á allt öðrum stað, en til var tekið í stefnunni, og þess var heldur ekki getið í henni, að leyfisbrjef væri fengið til slíkrar vitnaleiðslu, enda hefur gagn-áfrýjandinn gjörsamlega mótmælt því, og stefnt því til ómerkingar, og sömuleiðis notarialskýrslu þeirri viðvíkjandi landamerkjum milli Klepps og Bústaða, sem fram er komin hjer við rjettinn, sem heldur ekki er eiðfest, þar sem notarius sem slíkur ekki getur tekið eið af vitnum, og þann-ig verður ekkert byggt á þessum skjölum. — Eptir þessum málavöxtum hlýtur landsyfir-rjetturinn að fallast á skoðun undirdómarans á málinu og ber því hjeraðsdóminum, hvað lögbannið gegn beitutökunni á því optnefnda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svædi á hværið, að staðfesta og eins hvað málskostn-
að í hjeraði snertir.
Krafa gagnáfrýjandans um skaðabætur, getur þegar
af þeirri ástæðu ekki komið til greina, að hann
eigi hefur sannað að aðaláfrýjendurnir hafi gjört
honum nokkurt fjártjón.
Hvað málskostnað við landsyfirrjettinn snertir,
virðist að aðaláfrýjendurnir eptir málalyktum
hjer við rjettinn, ekki geti komizt hjá að greiða
hann gagnáfrýjandanum, og virðist upphæðin
hæfilega ákveðin til 30rd r. m.

Því dæmist rjett að vera:
Hjeraðsdómurinn á óraskaður að standa.
Málskostnað við landsyfirrjettinn
borgi aðaláfrýjendurnir gagnáfrýjandan-
um með 30rd ríkismyntar.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lög-
um.
Þenna til staðfestu innsigli yfirdómsins og
nafn Justitiarii. —

Th. Jónassen
(L. S.)

Staðfesting 40sk.
fjörutygi skildingar
Ritlaun 72sk
sjötygi og tveir skildingar
1rd 16s
B. Sveinsson
Rorg.
B. Sv.

Ár 1860, mánudaginn þann 19. mars kl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11–12 höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Reykjavíkurbæ birt framanritaðan Landsyfirrjettardóm eptirgreindum forstöðumönnum sameignar Laugarness og Kleppsjarða: Málsfærslumanni Jóni Guðmundssyni, tómthúsmanni Geir Zoëga, tómthúsmanni Jóni Þórðarsyni í Hákoti, bæjarfulltrúa Guðmundi Þórðarsyni og Kaupmanni H. St. Johnsen, hverjum persónulega á heimili sínu.

Þetta vitnum við í krapti okkar aflagða stefnuvotta eiðs með nöfnum og signetum.

Borgun 1 rdl. 84 / A. Gíslason. Th. Bjarnason
einn ríkisdalur áttatíu (L. S.) (L. S.)
og fjórir skildingar.

A. G. Th. B.

Cre. Að þeir Árni Gíslason og Th. Bjarnason, sem hafa birt framanskrifaðan dóm, sjeu þeir skipuðu lögregluþjónar og eiðsvörnu stefnuvottar hjer í umdæminu, vottast hjer með.

Undir minni hendi og innsigli embættisins.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 21. marz 1860 — V. E. Jóhnsson
cst.
(L. S.)

Framlagt í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

·/. Nr. 21 (framvíst af Nr. 22)

fylgir hjer með.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25 júní 1890.

Franz Siemsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 22.

Útdráttar-eptirrit.

Allrafegnsamlegast álit

Konungur á á eina í nánd við Reykjavík, sem nefnd er Elliðaár, rennur á þeni og hefur útrás á millum landa jarðanna Bústaða og Ártúns, en jarðir þessar hafa einnig verið Konungseignáður Í ám þessum er laxveiði, sem Konungur hefir leigt sjerstaklega öðrum, síðan 1756 gegn árlegri leigu, og hefur land áður nefndra jarða verið notað af leiguliðunum að svo miklu leyti, sem þörf hefur verið á sökum laxveiðarinnar.

Að þetta útdráttar-eptirrit sje rjett vottast

Ráðherrastjórn Íslands 9. nóv. 1874.

F. Unsgård. Ass.

(L. S.)

Viðvíkandi afhendingu laxveiðarinnar í Elliðaánum í suðurumdæmi Íslands. 6 Mai 1853

Rjetta þýðingu staðfestir

H. K. Friðriksson

Frl. i Hstr. skr. Comm. den 30 Novbr. 1874.

N. N.

Framlagt í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25. júni 1890.

Franz Siemsen

Nr. 23 (afstöðuuppdráttur)

fylgir hjermeð.

Framlagt í merkjadómi Kjósar og Gullbringu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sýslu 25. júní 1890

Franz Siemsen.

Nr. 24

Landamerkjamál: Eigendur Klepps

gegn

H. Th. A. Thomsen,

sem eiganda Bústaða.

Eg leyfi mjer virðingarfyllst að leggja fram fyrir hinn heiðraða rjett staðfest eptirrit af Konunglegu afsalsbrjefi fyrir laxveiðinni í Elliðaánum, og skal leyfa mjer að vekja athygli rjettarins á því, að afsalsbrjef þetta er til föður míns sáluga sem eiganda jarðarinnar Bústaða og Árbæjar. Í þessu atriði felst svo mikla þýðing fyrir þetta mál, að það sannar, að staðir þeir, sem í afsalsbrjefinu eru nefndir, s: Stórihylur eða Skorarhylur, og Gelgjutangi eða Geldingatangi, hljóta annaðhvort að liggja í landi jarðarinnar Bústaða eða í öllu falli mynda ystu landamerki hennar, því þessi örnefni eru bæð (sic) þeim megin ánna. Afsalsbrjef þetta er þinglesið fyrir 35 árum, án þess nokkur mótmæli hafi komið fram gegn því.

Enn fremur leyfi eg mjer að leggja fram eptirrit af landsyfirrjettardómi í hinu svo nefnda „beitumáli" milli mín og eiganda Klepps, þar sem eigendur Klepps fóru því fram, að þeim bæri rjettur til Krarlingatöðu frá Gelgjutanga og inn að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Murtulæk, [sem þeir vilja nefna Mark eða].
Einsog sjá má af dóminum, töpuðu Kleppseigendur
því máli svo gjörsamlega, að þeir voru dæmdir
til að borga nærri allan málskostnað, og með því
að þeim dómi hefur eigi verið skotið til hæsta-
rjettar, þá er hann fullnaðardómur og nú óraskan-
legur.
Þá skorti Kleppseigendur allar sannanir fyrir því,
að Kleppsland næði inn að Murtulæk, sem þeir
vilja nefna Mark eða Merkjalæk. Þó að einhver
vitni bæri það, að þau hefði heyrt, að landa-
merkin á milli Klepps og Bústaða ættu að vera
Murtulækur eða Merkilækur, þá sannar það alls
ekkert, því að í meir en 100 ár hefir laxveiðin í
Elliðaánum verið rekin alla leið frá Gelgju-
tanga upp að Skorarhyl, án þess að Kleppseig-
endur (og þar á meðal Konferenzráð Magnús sál.
Stephensen í Viðey) hefi getað sannað, að landið
næði inn að Murtulæk, enda hefur landið ávallt
verið notað af Bústaðabóndanum fram að
Gelgjutanga. Það er fyrst í þessu beitumáli að
nafnið Merkilækur kemur upp á þessum læk.
Til frekari sönnunar því, að Gelgjutangi
sje takmörk milli Laugarness og Klepps, legg
eg nú fram eptirrit, staðfest af ráðgjafan-
um, af úrskurðinum um sölu laxveiðinnar
í Elliðaánum, þar sem það er með skýrum
orðum tekið fram, að veiðin sje seld eigenda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bústaða, en fyrir Bústaðalandi hafi veiðin verið rek-
in síðan 1750.
Af þessum skilríkjum, sem eg hefi lagt fram, og
því, sem hjer er bent á, mun hinn heiðraði rjettur sjá,
að væri Kleppseigendum tildæmt landið frá Murtu-
læk að Gelgjutanga, þá færi það í bága við þann×
rjett, sem mjer og föður mínum hefur verið afsal-
aður og tildæmdur. Veiðirjetturinn fyrir landinu
fram að Gelgjutanga, sem eg hef afsal og dóma
fyrir, væri þá ólöglega af mjer tekinn eða í öllu
falli takmarkaður svo, að hann yrði mjer gagns-
laus, ef eg eigi mætti stíga fæti á landið eða
nota það, eins og áður hefir verið, að því leyti að þörf
er á, til að stunda þar veiðina. Vilji hinn háttvirti
dómur eigi fara í bága við þennan minn óraskan-
lega rjett, þá hlýtur hann, ef hann móti von eigi
vill tildæma mjer landið allt að Gelgjutanga,
þó í öllu falli að leggja þá lögkvöð eða ítak á þetta
land, að mjer og eptirkomandi eigendum Bú-
staða eða veiðirjettarins fyrir þessu landi,
beri rjettur til að nota landið, að svo miklu leyti,
og á þann hátt, sem þörf er á til að stunda veiði
í voginum fyrir þrætulandinu.
Að öðru leyti leyfi eg mjer virðingarfyllst að skír-
skota til hinna framlögðu skjala og gjöra þá
rjettarkröfu:
Að landamerkin fyrir eignarjörð minni Bústöð-
um gagnvart Kleppi verði ákveðin þannig, eins og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eg hefi gjört í landamerkjaskrá minni 5 júní 1882
Til vara:
Að mjer og eptirkomandi eigendum Bústaða eða veiðinnar fyrir hinu umþrætta landi frá Mortulæk eða Mark- eða Merkilæk út að Gelgjutanga verði til dæmdur rjettur til að nota það land að svo miklu leyti og á þann hátt, sem nauðsynlegt er til þess að stunda þar veiðina.
Hvor af þessum kröfum, sem til greina verður tekin, krefst eg þess, að sakjandinum sje dæmdur til að borga allan málskostnað með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.
Eg geymi mjer rjett til ýtrari málsútlistunar og mótmæla fyrir rjettinum, og legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 24. júní 1890.
Virdingarfyllst
W. Th. A. Thomsen.

Til
Merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu.

Framlagt í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

Umboðsmaður stefnanda biður um skjöl málsins Nr. 17–24 sjer gjörð, og stefndi bað um skjölin Nr. 1–16 sjer gjörð.
Málið verður aptur fyrir tekið í dag eptir samkomulagi milli hlutaðeiganda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið.

Þórður Runólfsson

Þórður Guðmundsson Franz Siemsen Páll Briem.

G. Gíslason. Halldr. Jónsson. W. Th. A. Thomsen.

Ár 1890, hinn 25. júní var merkjadómur Kjósar og Gullbringusýslu settur á bæjarþingstofunni í Reykjavík, og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Kaupmanni W. Th. A. Thomsen

út af landamerkjum milli Klepps og Bústaða.

Af hendi stefnanda er mættur yfirrjettar málfærslumaður Páll Briem, skilar aptur skjölum málsins, sem honum ljeð hafa verið Nr. 17–24 og leggur fram framhald sóknar, dags. í dag ásamt staðfestri útleggingu af afsalsbrjefi Konungs fyrir Kleppi 17. sept. 1817. Skjöl þessi auðkennast Nr. 25 og 26 og hljóða svo:

Nr. 25.

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

W. Th. A. Thomsen

um landamerki Klepps og Bústaða.

Aldrei á æfi minni hef jeg heyrt aðra eins rök-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sundaleiðslu, eins og er í þessari málsútlistun mót-
partsins, sem auðkennd er Nr. 24. Hann ber sam-
kvæmt afsalsbrjefi Konungs 11. des. 1853 „laxveiði
í Elliðaánum frá hinum stóra fossi við bæinn Ár-
bæ, sem nefndur er Stórihylur og út fyrir mynni
árinnar, þar sem þær renna í sjó millum Árbæjar-
höfða og Gelgju eða Geldingatanga", á þessu vill hann
byggja að hann eigi landið frá Gelgjutanga að Þrístein-
inum, og segir að Gelgjutangi hljóti „annaðhvort að
liggja í landi jarðarinnar Bústaða, eða í öllu falli
að mynda <u>ytstu landamerki hennar</u>.

Hjer segi jeg, að röksemdarleiðslan sje óskiljanleg, og hef jeg
þó bæði lesið hugsunarfræði og þurft að leysa úr talsvert óljósum
röksemdarleiðslum, því að hvað kemur laxveiðin í
Elliðaánum þessu máli við. Er það ekki máske, að
Elliðaár falli í sjóinn milli Gelgjutanga og Árbæjar-
höfða? Þegar menn standa við mynnið á Elliða-
ánum og horfa til norðurs, þá er Gelgjutangi á aðra
hönd, en Árbæjarhöfði á hina, og að þeim stað, er
Elliðaárnar falla í sjóinn, á herra W. Th. A. Thomsen
sie. veiði í ánum, en alls ekki lengra. Eins og öllum, sem
nokkurra lagaþekking hafa, er vita, þinglesning hefur enga
þýðingu til þess að svipta 3. mann rjetti, enda er
hjer ekki afsalaður neinn rjettur yfir Kleppslandi.
Konungur seldi Klepp 1817 með öllu því, sem
þeirri jörð fylgir og fylgja ber, en það hefur aldrei
leikið neinn tvímæli á því, nema frá W. Th. A.
Thomsen og föður hans, að Kleppsland næði að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Markaland, eins og dómendurnir hafa í dag heyrt mörg vitni bera, en þegar svo er, þá hvorki gat konungur veldi eða alþíðu að afsala Thomsen 1853 nokkurn rjett yfir annara eign.
Þar sem hinn heiðraði mótpartur ber fyrir sig dóminn í hinu svo nefnda beitumáli, þá vann faðir hans það mál aðeins fyrir hræðilega illan málflutning hjá Jóni Guðmundssyni (fyrir Kleppseigendur), sem gat ekki einu sinni sanna rjett á löglegan hátt, að Kleppseigendur ættu landið mót fram sjónum, svo að jeg hef nú orðið að láta fara þau vitni tvö, er lifðu síðan þau báru í beitumálinu, að nýju, svo að þeim yrði ekki mót mælt fyrir vantandi eiðsfestingu. En annars kemur sá dómur þessu máli ekki við: hjer er verið að ræða um landið frá Gelgjutanga inn að Þrísteinum og Markaland, en ekki um beitutekju og fiskveiði í Elliðaárvog.
Jeg hef nú fært svo órækt vitni og sannanir sem framast má fyrir því, að þrætulandið tilheyrir Kleppi, og jeg mótmæli því, að H. Th. A. Thomsen hafi brúkað, eða hafi nokkurn rjett til að nota Kleppsland við veiði sína, enda hefur hann enga þörf á að nota landið við veiðina; hann getur bæði haft full not af Bústaðalandi til þess að stunda veiði sína og enn fremur Ártúnslandi, sem hann einnig á, og þótt jeg viti það, að Thomsen geti fengið allt, sem hann vill hjá bæjarstjórn Reykja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viður, er bænum er að meina litlu, þá sje jeg eigi annað, en að það verði aðeins til þess, að auka þras og misklíðir, ef jeg samþykkti varakröfu mótpartsins, sem hann engan rjett hefur til að fá framgengt, og því mótmæli jeg henni algjörlega, og jeg trúi því eigi, að dómurinn fari að fallast á það, án þess að Thomsen sanni þörf sína og nauðsyn, að leggja lögkvöð á annars land og taka af þeim sem landið á, þann rjett, sem hann að lögum hefur yfir eign sinni.

Jeg vil svo eigi orðlengja þetta meira, en jeg mótmæli í einu og öllu málsútlistun mótpartsins og kröfum hans. Jeg skýrskota til þess, sem jeg hef fært fram og til öyggjandi vitnisburða, og legg jeg svo málið í dóm með fyrirvara til að taka það fram, er jeg álít þörf vera á, mótmæla og gæta rjettar umbjóðanda míns.

Reykjavík 25. júní 1890.
Virðingarfyllst
Páll Briem.

Til
Dómsmanna í landamerki Rauðará og Klepps.

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25. júní 1890.
Franz Siemsen.

Nr. 26.

Vjer Friðrik hinn sjötti
af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Holtsetalandi, Stórmæri, Þjett-
merski, Láinborg og Aldinborg

Gjörum kunnugt: að vjer með vorri allra hæstu Resolution af 11. sept. f. á, allra náðugast höfum samþykkt það hæsta boð, sem Knudsen, kaupmaður í Reykjavíkurkaupstað, gjörði með 400 ríkisdölum nafnverðs uppá þá skilmála, er auglýstir voru við uppboðið, er haldið var þann 27. april s. á, í þá oss fyr tilheyrandi jörð, Kóngsins Kleppur, er liggur í Seltjarnarneshreppi og Gullbringusýslu, innan Íslands suðuramts, hvarvið vjer allra náðugast höfum leyft að afsalsbrjef fyrir þessari jörðu megi gefast vorum elskulega Magnúsi Stephensen, conferenceráði og justitiarius í landsyfirrjettinum á voru landi Íslandi.

Og þar eð nefnt conferenceráð, Stephensen, þar af leiðandi, samkvæmt kvitteringu, dags. 14. jan. þ. á. hefur innborgað áðurnefnda kaupsummu – fjögur hundruð ríkisdali nafnverðs – til jarðabókasjóðsins á Íslandi, þá er það, að vjer hjermeð seljum og afseljum (sic.) conferenceráði Stephensen til fullkominnar eignar og óðals ofangreinda jörð Klepp, með öllum þeim rjettindum og herlegheitum, sem henni frá gamalli tíð fylgt hafa, og enn þá fylgja og með rjettu fylgja ber, svo að hann samkvæmt þeim tilskipunum, sem útgengnar eru eða hjer eptir verða útgefnar um meðferð og umbætur jarða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

góssanna á Íslandi, má gjöra sjer hana svo nytsama sem hann bezt hefur vit á og getur.
Því lýsum vjer enn fremur yfir, fyrir oss og vora konunglegu erfðaeptirrennara í stjórninni engan frekari hlut eða part, rjett eða rjettindi að hafa til fyrnefndrar jarðar, en að sú hin sama, sem fyr er umgetið, með öllu því, er henni nú tilheyrir, skal tilheyra og fylgja marg-nefndum conferenceráði Stephensen, til ævarandi óðals og eignar, þó að óskertum öllum, vorum og vorra konunglegu erfða-eptirrennara í stjórninni, konunglegan (sic) regalíum og hátignum, ásamt ordinærum og extraordinærum contributionum, sem annaðhvort þegar eru skipaðar til vor eða opinberrar brúkunar, eða hjer eptir skipaðar verða.
Fyrbjóðandi öllum og sjerhverjum hjer á móti, eptir því sem fyrirskrifað stendur, að hindra eða í nokkurn máta tálma að gjöra, að viðlagðri vorri hylli og náð.
Gefið á voru sloti Friðriksbergi þann 17. sept 1817
Undir vorri konunglegu hendi og innsigli

Friðrik R.

(L. S.)

J. S. Mösting Wormskjöld, Me Essen AW Moltke

Norndrau

J Woldum.

Ásalsbrjef
fyrir
Conferentsráð og justitiarius í landsyfirrjettinum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Íslandi Magnúsi Stephensen á jörðinni Kleppi í Gullbringusýslu og Íslandssuðuramti fyrir 400 rbd. n. v.

Sú með tilskipun 8. febr. 1810 allranáðugast skipaða ½ p.c. afgift. 2 - tveir-) ríkisbankadalir nafnverðs, er borgað til Íslands jarðabókarsjóðs hvarfyrir kvitterast.

Reykjavík 6 júlí 1818.

S. Thorgrimsen.

Upplesið í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti hinn 3. ágúst 1818, sömuleiðis bókað, hvarfyrir er borgað 5 rbs. s. v. skrifar: fimm rbmrje s. v.

vottar

B. Stephensen.

Samhljóða original afsalsbrjefinu

vitnar

P. Melsted.

Cth.

Lagt fram í Gullbringu og Kjósarsýslu aukarjetti 11. sept. 1858.

vitnar

P. Melsted.

Cth.

Að þetta sje rjett útlagt eptir staðfestri afskrift af frumriti framanskrifaðs afsalsbrjefs, það vottast hjer með notarialiter eptir nákvæman samanburð

Notarius publicus í Reykjavík, 25 júní 1890.

Halldór Danielsson.

L. S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgun 25 - tuttugu og fimm aurar
borgað
Halldór Daníelsson

Lagt fram í merkjadómi í Reykjavík 25 júní 1890.
Franz Siemsen.

Stefndi er persónulega mættur og með honum yfirrjettarmálfærslumaður Guðlaugur Guðmundsson, sem skilar aptur skjölum málsins, Nr 1-16, sem honum ljeð hafa verið, og leggur fram framhald varnar, dags. í dag, sem auðkennist Nr. 27 og hljóðar svo:

Nr. 27

Landamerkjamál: Eigendur Klepps
gegn
Eiganda Bústaða.

Framburði Helga Eyjólfssonar mótmæli jeg í alla staði sem þýðingar og sönnunargildislausum utanrjettarvottorði, sem eigi er eiðfest og mjer eigi hefur verið stefnt til að hlýða á. Gildi vitnisburðar þess, er Ólafur Þorvaldsson hefir gefið mótmæli og einnig, því það var eigi löglegt, að stefna þeirri vitnaleiðslu fyrir gestarjett, enda eiga öll slík vitni að koma fram fyrir merkjadóminum, því annars heyrir engum af dómendunum vitnið sjálft, en eptir eðli og samsetning merkjadómsins hefir slíkt talsverða þýðingu.

Um hina aðra vitnisburði og alla vitnisburðina yfir höfuð, má segja það, að þeir eru allir byggðir á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lausum mummælum, sem öll eru hermd eptir Klepps-
eigendum og sanna því í rauninni ekki annað en það,
sem ekki þurfti að sanna, sem sje að hjer sje landa-
þræta og að Kleppur hafi talið sjer meira land, en hon-
um bar. Þau geta eigi haft neina þýðing til að hnekkja
þeim afsalsbrjefum og dómum, sem þau fara í bága við,
og jeg mótmæli, undir skírskotun til þeirra óræku skjal-
legu sannana, er eg hefi framlagt, því að naumast
tillit sje haft til þessara vitnisburða.

Það er líka svo að sjá, sem þessi mummæli, er vitn-
in hafa borið um, hafa (sic) magnast mjög, aukist og marg-
faldast eptir 1858–59, því hefði verið eins ríkt um
þau þá, einsog nú virðist vera, þá hefðu þau líklega
komið betur fram þá; en þá var svo um þau dæmt,
að þau væru þýðingarlaus, svo það virðist þýðingar-
lítið að fara nú á ný, að leggja slík sönnunargögn
undir dómstólaúrskurð. Jeg skal einnig benda á,
að mummæli vitnanna eru mjög óljós um það at-
riði, hvort miðað skuli í upptök lækjarins eða ómin-
in Þrísteinum, eða hvar í lækinn línan eigi að kom-
a og auk þess skal jeg benda á, að við merkjagönguna
sýndi það sig, að upptök lækjarins voru svo óglögg,
að hvorki málspartarnir nje neitt af hinum vitn-
unum gat vísað á þau, því jarðfalladrög og keldur
liggja til og frá um mýrina þar. Svo er líka
þess að gæta, að línan úr Þrísteinum í lækinn
hvar sem er myndar hvasst horn, svo að Bú-
staðalandið yrði þar einsog örmjótt skott til vesturs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aptur er línan í Gelgjutanga því sem næst beint áframhald af línunni úr Bústaðaborg í Þrísteina. –
Þeir sem kunnugir eru merkjaþrætum, vita hvernig slík munnmæli geta myndast, og hvað lítið er í þeim að byggja, þegar engin eignarskjöl eða lögfestur, máldagar (sic) eða slíkt eru þeim til styðnings. Ekkert af þessu hefir mótpartur minn fyrir sjer, og vill þó ragla örnefnum ofaní afsöl og dóma. Slíkt nær engri átt.
Hinu framlagða korti mótpartsins mótmæli jeg í alla staði, Rskj. Nr 16, því það gefur skakka hugmynd um þrætulandið, bæði um stefnur og afstöður, og jeg held mjer fast við kort Gunlögsens, sem jeg hefi framlagt. Þar er þeim „Mark eða Merkilæk" nefndur sínu rjetta nafni „Markalækur", og það mun enginn efa, að Gunlögsen hefir kunnað rjettari örnefni hjer í kring, en öll vitnakrúga mótpartsins samanlögð.
Eg mótmæli því í einu og sjerhverju atriði, orð fyrir orð og þótt fyrir þótt öllum sönnunargögnum mótpartsins, sókn hans og öllum kröfum, en held fast fram og að öllu óbreyttu því, sem jeg hef framfært í málinu, og öllum kröfum mínum, bæði aðal- og varakröfu

Egg legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 25. júní 1890.

Virðingarfyllst

H. Th. A. Thomsen.

Til
Merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

148

Framlagt í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 25. júní 1890.

Franz Siemsen.

Umboðsmaður stefnanda bíður bókað:

Jeg mótmæli því, er mótp. segir um vitnisburð Ólafs Þorvaldssonar og því, sem hann að öðru leyti segir um vitnisburði þá, sem komið hafa fram í málinu, sem sanna, að málstaður umbjóðanda míns er svo rjettur, að mótp. hefur ekki getað fengið einn minni skugga af rjetti á sína hönd. Jeg get þess, að þótt upptökin á Merkjalæk kunni að vera óglögg, þá er það þessi lækur einsog hann er til, sem ræður landamerkjum milli Kleppss og Búst[a]ða. Að öðru leyti gjörir það lítið til, þótt upptökin væru óglögg, því Markalækur að ofanverðu beygir við í stefnuna á Þrísteina, svo að ekki getur komið fram þrætuland að ofanverðu við hann. Viðvíkjandi afstöðuuppdrætti þeim, sem jeg hefi lagt fram, þá held jeg því fast fram, að hann geti gefið hinum heiðraða dómi svo góða hugmynd um þrætulandið, sem þörf er á. Jeg mótmæli algjörlega því, sem mótp. segir um nafnið Markalækur á korti Gunlögsens, því að Gunlögsen hefir búið þann uppdrátt til fyrir mótp. eða föður hans, og sett nafnin á hann eptir hans fyrirsögn. Að öðru leyti mótmæli jeg því, sem fram er komið af hendi mótpartsins í einu og öllu, skírskota til þess, sem jeg hefi áður leitt fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og legg málið í dóm með fyrirvara.
Uppl. staðf. rjett bókað
Málafærslumaður Guðlaugur Guðmundsson bað bókað:
Það sem mótp. segir í sóknarframhaldi sínu um veiðirjett stefnda í voginum út að Gelgjutanga, kemur í beinan bága við afsalsbrjefið 1853 og sjerstaklega við hinn framlagða Landsyfirrjettardóm 1859, sem genginn er milli eiganda þessara tveggja jarða og nú er óraskanlegur.
Eg vísa á forsendur dómsins, en málfærsla Jóns Guðmundssonar kemur ekkert þessu máli við.
Mótmælum mínum gegn vitnisburðunum held jeg föstum, eins og jeg hefi áður framsett þau. Það er eigi rjett hjá mótp., að það hafi verið faðir stefnda, sem var aðili hins svonefnda beitumáls, sem dæmt var í landsyfirrjetti 1859, heldur var það stefndi sjálfur, eins og dómsuppskriptið ber með sjer. Að öðru leyti held jeg föstu því, sem stefndi hefur framfært í málinu, mótmæli því, sem er framkomið af hendi stefnanda, og leiði það fram, að stefndi nefndi ekki lóðinni Markúsar við Gunnlögum. Legg svo málið í dóm með fyrirvara. Uppl. staðf. rjett bókað.
Umboðsmaður stefnanda biður bókað:
Jeg mótmæli tilvísuninni í forsendur dómsins í „beitumálinu“ því að forsendur hafa eigi bindandi krapt; hvað svo sem er um nafnið Markúsarlóð á upphrópun Gunlögs sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá tilheyrir það utanrjettarskjölum, sem enga þýðingu hafa. Jeg mótmæli því, sem fram er komið af hendi stefnda og legg málið í dóm.
Málfærslumaður Guðlaugur Guðmundsson mótmælti því, að hin seinustu mótmæli snertandi nafnið Marteinsbær verði tekin til greina, sem of seint framkomin, mótmælir að öðru leyti því sem mótparti síðast hefir látið bóka og legg (sic) málið í dóm.

Málið tekið undir dóm

Fleira eigi fyrir tekið

Rjetti slitið.

Þ. Runólfsson.
Þórður Guðmundsson.
Halldór Jónsson.
G. Gíslason.

Páll Briem
H. Th. A. Thomsen.
Guðl. Guðmundsson.

Franz Siemsen.

Ár 1890, hinn 28. júní var merkjadómur Kjósar og Gullbringusýslu settur á bæjarþingsstofunni í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið:

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen

útaf landmerkjum milli Klepps og Bústaða

og var í málinu uppkveðinn svolátandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dómur:

Með stefnu dags. 11. júní f. á hefir stefnandi, bæjarstjórn Reykjavíkur höfðað mál þetta fyrir merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu gegn stefnda, eiganda jarðarinnar Bústaða út af ágreiningi um landamerki milli áðurgreindra jarða og gjört þær rjettarkröfur.

1, að landamerkin milli þeirra verði ákveðin úr svonefndum Gráksteinum sudaustur í upptökin á Marka eða Murtulæk, og eptir farveg lækjarins þangað til hann fellur í Elliðaárvog, skammt fyrir utan Elliðaármynnið og

2, að hinn stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, eigandi Bústaða, verði dæmdur til að greiða stefnanda sanngjarnlegan málskostnað eptir mati merkjadómsins.

Stefndi aptur á móti hefur gjört þá aðal- rjettarkröfu, að landamerkin milli jarða þessara verði ákveðin úr Gráksteinum og í Gelgju- eða Geldingatanga, en til vara hefir hann krafizt, að sjer og eptirkomandi eigendum Bústaða eða ábúendum fyrir hinu umþrætta landi frá Murtu eða Mark eða Merkilæk út að Gelgjutanga verði tildæmdur rjettur til að nota sjer land, að svo miklu leyti og á þann hátt, sem nauðsynlegt er til þess að stunda þar veiðina. Svo hefir hann krafizt að sjer verði tildæmdur allur málskostnaður með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Stefnandinn hefur kröfu sinni til styrkingar lagt fram:

1, Notarialgjörðir úr Reykjavík 15. júni 1859 um framburð Helga Eyjólfssonar um landamerki Klepps og Bústaða,

2, Vitnaleiðslu um landamerki sömu jarða, er fram fór hinn 23. þ. m. fyrir gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, ásamt áreiðargjörðar leiðslu um sömu landamerki, er fram fór fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu hinn 14. júni 1859, með afstöðuuppdrætti yfir landamerkin, er þá einnig var gjörður.

3, Konunglegt afsalsbrjef fyrir jörðunni Kleppur, dags. 17. april 1817,

4, Afstöðuuppdrátt, er gjörður hefur verið undir rekstri þessa máls.

Svo hefir stefnandinn leitt ýms vitni fyrir merkjadóminum til upplýsingar málsins.

Stefndi aptur á móti hefir lagt fram:

1, Staðfest eptirrit ásamt útleggingu af konunglegu afsalsbrjefi fyrir laxveiðinni í Elliðaánum, dags. 11. des. 1853.

2, eptirrit af aukarjettardómi Kjósar og Gullbringusýslu 12. nóv. 1858

3, eptirrit af landsyfirrjettardómi, 5 desemb. 1859.

4, Útdrátts-eptirrit viðvíkjandi afhendingu laxveiðarinnar í Elliðaánum í suður-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umdæmi Íslands, útgefið 6. mai 1853 og stað-
fest að ráðherrastjórn Íslands 9. nov. 1874 og
5. Afstöðuuppdrátt eptir Björn sál. Gunlögsen.
Þegar litið er á skjöl þau og skilríki, sem fram eru
komin í málinu, þá verður merkjadómurinn að vera
stefnda samdóma um, að ekkert tillit verði tekið
til vitnisburðar Helga Eyjólfssonar, sem gefinn var fyrir
notarialrjetti Reykjavíkur hinn 15. júní 1859,
nje heldur til framburðar Ólafs Þorvaldssonar fyr-
ir gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, hinn
23. s. m., og skal dómurinn í því efni taka fram,
að hann skilji fyrirmæli 10. greinar landamerkja-
laga 17. marzm. 1882 þannig, að vitni eigi að
leiða fyrir merkjadómi í viðurvist dómsforseta
og meðdómenda, en að engin heimild sje til að leiða
þau fyrir öðrum rjettum. Að því, er snertir vitnaleiðslu
þá, sem fram hefur farið fyrir merkjadóminum af
hendi stefnanda, þá eru vitnisburðir allra vitnanna
um landamerkin milli Klepps og Bústaða byggð-
ir á því, sem þeim hefir verið sagt um þau, og hvað
þau ætli að sjeu landamerkin, og virðist eigi ólík-
legt, að nafnið Merki- eða Marklækur hafi þannig
myndast. Hið sama mátti og segja um framburð
vitnisins Ólafs Þorvaldssonar, þótt hann að öðru
leyti hefði orðum (sic) tekinn til greina. Dóm-
urinn getur því eigi byggt dóm sinn á vitnisburð-
um þessum, og skal þess getið, að eptir hin-
um framlögðu dóms eptir ritum hefir bæði hjeraðs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og landsyfirrjettarins í hinu svonefnda „beitumáli" álitið, að sameigendur Laugarnes og Kleppsjarða þá hafi átt óskammað, að Kleppsland nái svo langt inn eptir með Elliðaárvoginum, eins og þeir þá hafa farið fram á, sem sje inn að Merki- eða Marklæk, og verður merkjadómurinn að álíta, að eigendur Kleppslands hafi eigi fremur getað gjört það nú.
Að því er því næst snertir afsalsbrjef Konungs fyrir jörðunni Kleppur, dags. 17. april 1817, þar sem jörðin er seld með öllum þeim rjettindum, sem henni frá gamalli tíð fylgt hafa og enn þá fylgja og með rjettu fylgja ber, þá verður að skoða afsalsbrjef þetta í sambandi við afsalsbrjef Konungs til stefnda fyrir veiðunni í Elliðaánum dags. 11 des. 1853. Í því afsalar Konungur sjer laxveiðinni eiganda jarðanna Bústaða og Árbæ„ frá hinum stóra fossi við bæinn Árbæ, sem nefndur er Stóri-hylur og út fyrir niminn ánna þar sem þær renna í sjó millum Árbæjarhöfða og Gelgju eða Geldingatanga". Þegar þessi ákvæði eru borin saman við álit ráðaneytisins (sic) í rskjali Nr 22, þar sem svo er komist að orði „renna á þessi og hefir útrás millum landa jarðanna Bústaða og Árbæ," þá verður merkjadómurinn að álíta, að stefndi hafi fært svo óvefengjanleg skilríki fyrir eignarheimild sinni fyrir hinu umþrætta landi, að það verður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að álítast lögeign hans sem eiganda Bústaðalands og eiganda að laxveiðinni í Elliðaánum, og komst því merkjadómurinn að þeirri niðurstöðu að landamerkin milli Klepps og Bústaða sjeu úr Þrísteinum og bein stefna sjónhending í Gelgju- eða Geldingatanga.

Að því er dagpeninga og ferðakostnað sjólumanns og dagpeninga meðdómenda snertir, þá er sá kostnaður í máli þessu 52 krónur. Af þessari upphæð greiði sækjandi 9 krónur, sem er kostnaður við merkjagöngu, sem átti að fram fara hinn 23. júlí f. át, en var frestað eptir hans beiðni eða umboðsmanns hans. En að því er snertir hinar 43 krónur, þá virðist eptir atvikum hæfilegt, að þessi upphæð skiptist jafnt á milli málsparta þannig, að stefnandinn greiði alls 30 krónur 50 aura, en stefndi 21 krónu 50 aura. Annar málskostnaður falli niður:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Klepps og Bústaða skulu vera úr Þrísteinum, bein stefna sjónhending í Gelgju eða Geldingatanga.

Framangreindan kostnað, að upphæð 52 - fimmtíu og tvær - krónur greiði stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur með 30 kr. 50 a - þrjátíu krónum og fimmtíu aurum, en stefndi kaupmaður W. Th. A. Thomsen með 21 kr. 50 a -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tuttugu og einni krónu og fimmtíu aurum sem greiðist til dómsforseta, sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum. Annar málskostnaður falli niður.

Franz Siemsen.

Þórður Guðmundsson. G. Gíslason. Halldór Jónsson. Þ. Runólfsson

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið

Þórður Guðmundsson Franz Siemsen

Þ. Runólfsson. Halldór Jónsson. G. Gíslason.

\# \# \#

Dómsgjörðum þessum fylgja No 9, 16, 18, 21 & 23

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu hinn 23. sept. 1890

Franz Siemsen

Ritgjald 20 arkir = Kr 10.—
Staðf. & innsigli = " 0,41
∓ Kr 10,41

(tíu krónur fjörutíu og einn eyrir)

Franz Siemsen.

No 2 Lesið fram í landsyfirdóminum 6/10 1890 Jón Jensson
No 4 Lesið fram í landsyfirdóminum 6/7 1891 Atlendinsin, outer,
Lesið fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 7/12 1891
Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Merkjadóminum lokið þá málið undir dóm.

Fredara eigi fyrirkeðið

Rjetti slitið.

Franz Siemsen

G. Gíslason, Halldór Jónsson, Þórði Guðmundsson

Þ. Runólfsson.

Ár 1891, hinn 7. desember var merkjadómur Kjósar og Gullbringusýslu settur á skrifstofu sýslumanns og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Þórði Guðmundssyni, Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá fyrirtekið:

málið Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Klepps og Bústaða

og var í málinu uppkveðinn svolátandi

# Dómur:

Með stefnu, dags. 11 júní 1889 hefir stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, höfðað mál þetta fyrir merkjadómi Kjósar og Gullbringu sýslu gegn hinum stefnda, Kaupm. H. Th. A. Thomsen, eiganda jarðarinnar Bústaða, útaf ágreiningi um landamerki milli þessarar jarðar og jarðarinnar Klepps, og hefir stefnandinn krafist þess, að landamerkin milli jarða þessara verði ákveðin: úr svonefndum Þrísteinum í uppt\[ö\]kin á Marka eða Murtulæk og eptir farvegi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarins, þangað til hann fellur í Elliðaárvog, skammt fyrir utan Elliðaár-mynnið.

Stefndi aptur á móti hefir gjört þá aðal-rjettarkröfu, að landamerkin milli tjeðra jarða verði ákveðin: Úr Þrísteinum í Gelgju eða Geldingatanga, en til vara hefir hann krafist, að sjer og eptirkomandi eigendum Bústaða eða veiðunnar fyrir hinu umþrætta landi frá Merkja- að Murtulæk út að Gelgjutanga, verði dæmdur rjettur til að nota tjeð land, að svo miklu leyti og á þann hátt, sem nauðsynlegt er til þess að stunda þar veiðina.

Svo hafa báðir málspartar krafist hæfilegs málskostnaðar hjá mótpartinum eptir mati rjettarins.

Stefnandinn hefir kröfu sinni til stuðnings lagt fram fyrir merkjadóminum:

1, Notarialgjörðir úr Reykjavík 15. júní 1859 um framburð Helga Eyjólfssonar um landamerki Klepps og Bústaða.

2, Vitnaleiðslu um landamerki sömu jarða, er fram fór fyrir gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, hinn 23. júní f. á., ásamt áreið og vitnaleiðslu um sömu landamerki er framfór fyrir aukarjetti sömu sýslu hinn 14. júní 1859, með afstöðuuppdrætti yfir landamerkin er þá einnig var gjördur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Konunglegt afsalsbrjef fyrir jörðunni Kleppur, dags. 17. april 1817.
4. Afstöðuuppdrátt, er gjörður hefir verið undir rekstri þessa máls
5. Loksins hefir stefnandinn leitt ýmsa vitni fyrir merkjadóminum.

Af hendi stefnda hefir verið lagt fram.
1. Staðfest eptirrit á samt útleggingu af konunglegu afsalsbrjefi fyrir laxveiðunni í Elliðaánum, dags. 11. desember 1853,
2, Eptirrit af aukarjettardómi Kjósar og Gullbringusýslu 12. nóv. 1858 í svonefndu „beitutökumáli", og eptirrit af landsyfirrjettardómi í sama máli, uppkv. 5. desember 1859.
3, Útdráttseptirrit viðvíkandi afhendingu laxveiðarinnar í Elliðaánum, útg. 6. mai 1853, og staðfest af ráðherrastjórn Íslands 1874, og
Afstöðuuppdrátt eptir Björn sál. Gunnlögsen.

Mál þetta var í fyrstu dæmt í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu hinn 28. júní f.á., og dæmdi merkjadómurinn þannig, að landamerki milli Klepps og Bústaða skyldu vera: „Úr Þrísteinunum bein stefna sjónhending í Gelgju eða Geldingatanga". Dagpeningar og ferðakostnaður fyrir mál þetta var 52 krónur, þar af átti bæjarstjórn Reykjavíkur að greiða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30 Kr. 50 a, en stefndi 21 Kr. 50 a. Dóm þennan byggði merkjadómurinn á hinu Konunglega afsalsbrjefi 11. des. 1853 fyrir laxveiðinni í Elliðaánum sbr við álitsskjal stjórnarráðins 6. mai 1853, undirrjettardómi 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómi 5 desemb. 1859 og áleit, að stefndi með þessum skjölum hefði fyllilega sannað eignarrjett sinn yfir hinu umþrætta landi. —
Þessum dómi áfrýjaði stefnandinn til Landsyfirrjettarins, sem með dómi sínum hinn 8. desember f. á. felldi dóminn úr gildi og vísaði málinu heim aptur. Í dómsástæðum landsyfirrjettarins er þannig komist fram: „Um nefnd skil-
„ríki er að athuga, að hið Konunglega afsalsbrjef
„frá 11. desbr 1853 ræðir að eins um laxveiðina í
„Elliðaánum, og alls eigi um landeign aðliggjandi
„jarða, en veiðin hafði þá fyrir nærfelt 100 árum
„(1756) verið tekin undan aðliggjandi jörðum og
„verið sem sjerstök eign; sama er að segja um
„álitsskjal stjórnarráðins (6. mai 1853). Undirrjettar-
„dómurinn 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómurinn
„5 desbr. 1859 dæma og alls eigi um eignarrjett
„yfir landi því, sem liggur að Elliðaárvogun-
„um að vestanverðu, en að eins um rjett ábúand-
„ans á Kleppi til að láta Kræling í voginum
„á móts við laxveiðirjett hins stefnda. Þessi
„skjöl sanna þannig alls ekkert um rjett hins
„stefnda yfir þrætulandinu, og það liggur í
„augum uppi, að engin heimild er til að ályktta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„á þá leið, að hann sem eigandi Bústaða hljóti
„ að eiga land út að Gelgjutanga úr því honum
„ var afsöluð laxveiði í ánum og voginum út þang-
„ að. – Þar sem merkjadómurinn eingöngu hefir
„ byggt úrslit málins á þessum skilnaðinum, sem
„ ekkert sönnunargildi hafa í málinu, eins og
„ það fyrir liggur, og eru því óviðkomandi, og þar
„sem það á hinn böginn má álítast sannað
„ í málinu af hálfu áfrýjanda með ýms-
„ um vitnisburðum, þará meðal manns,
„ er búið hefir á jörð hins stefnda, Bústöðum,
„ í nærfelt 20 ár, að þrætulandið hafi mjög lengi
„ verið notað frá Kleppi og talið að fylgja þeirri
„ jörð, og skal þess hjer með jafnframt getið, að merkja-
„ dómurinn hefur ranglega hrundið vitnisburði
„ Olafs Þorvaldssonar – en eptir því hlaut sönnun-
„ arbyrgðin um eignarrjett yfir yfir þrætulandinu
„ sjerstaklega að hvíla á hinum stefnda sam-
„ kvæmt grundvallarreglunum í Jónsb. Llb. Kap. 26
„ i.f., þá verður eigi hjá því komist að dæma
„ merkjadóminn ógildan fyrir lögleysu að efni
„ til og vísa málinu heim aptur."

Samkvæmt dómi þessum tók merkjadómur-
inn mál þetta til nýjrar meðferðar, en með
dómi, uppkveðnum 19. mai þ. á., vísaði merkja-
dómurinn máli þessu frá og byggði þennan
„dóm sinn á því „ að hann hvorki hafi heim-
„ ild til nje sje bær um að fella tvisvar dóm í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„dæma málinu um aðalefni þess". – Þessum dómi var þvínæst áfrýjað til yfirdómsins af stefnanda og dæmdi hann með dómi 21. sept. þ. á. dóm þennan ómerkan og vísaði málinu heim aptur.

Úr því landsyfirrjetturinn með dómi sínum 8 desbr. f. á hefir álitið, að merkjadómurinn með dómi sínum 28. júní s. á hafi byggt dóm sinn á skjölum, sem eru þýðingarlaus fyrir mál þetta og ekkert sönnunargildi hafa að því er þrætulandið snertir, en stefndi hefir eigi fært aðrar sannanir fyrir eignarheimild sinni til þess –, verður með skírskotun til ákvæða landsyfirrjettarins, að álíta, að stefnandinn hafi fært nægar sannanir fyrir eignarheimild sinni fyrir því. Þar sem merkjadómurinn verður að álíta, að af vitnisburðum þeim, sem fram eru komnir í málinu, hvorki sje fram komin næg sönnun fyrir því, hvar í lækinn merkin sjeu, nje áreiðanleg vissa fyrir upptökum hans, þá álítur dómurinn rjettast að setja merkin: „Úr þrísteinum í Merkjalæk, þar sem hann fer í gegnum nýja veginn og ráði hann mörkum til sævar, þar sem hann fellur í Elliðaárvoginn".

Að því er snertir kostnað til dómforseta og meðdómsmanna, sem orðið hefir í máli þessu, þá er hann alls kr. 91,50; af upphæð þessari greiði stefnandinn fyrst 9 krónur, sem er kostnað-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ur við merkjagöngu, sem fram átti að fara á þrætulandið 23. júlí 1889. Hinar 82 Kr. 50 a. greiðist að 1/3 hluta af stefnanda; en 2/3 hlutum af stefnda þannig, að stefnandi greiði alls 36 Kr. 50 a, en stefndi 55 Kr. – Annar málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Kleppes og Rústorfs skulu vera: „Úr Þvísteinum í Merkjalæk þar sem hann fer í gegnum nýja veginn, og ráði hann mörkum til sævar, þar sem hann fellur í Elliðaárvog."

Í dagpeninga til dómsforseta og meðdómsmanna greiði stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, 36 Kr. 50 a. – þrjátíu og sex krónur og fimmtíu aura – en stefndi, Kaupmaður H. Th. A. Thomsen 55 – fimmtíu og fimm – krónur, sem greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa til sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu undir aðför að lögum. – Annar málskostnaður falli niður.

Franz Siemsen

Þ. Runólfsson, Halldór Jónsson, Þórður Guðmundsson G. Gíslason.

\# \# \#

Fleira eigi fyrirtekið

Rjetti slitið

Franz Siemsen

G. Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Guðmundsson Þ. Runólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

164. [illegible]

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er nafn mitt og embættis-innsigli.

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 11. júlí 1892

Franz Siemsen

| | | |
|---|---|---|
| Réttargjald [illegible] = | Kr | 20.50 |
| innfesting | " | 0.50 |
| staðfesting og innsigli | [illegible] | 0.41 |
| | S. Kr | 21.41 |

— Tuttugu og ein króna fjörutíu og einn eyrir —

Franz Siemsen

© Borgar[illegible]afn Reykja[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur